

ÍSLENSK UPPGÖTVUN
## GÆTI UNNIÐ Á HUNGURSNEYÐ Á HEIMSVÍSU
▶8



Þórunn Erlu og Valdimarsdóttir
## MAMMA SÖGUMAÐUR Í NÝRRI BÓK
▶46







# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
23. nóvember 2013
276. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




# HLAKKA TIL AÐ GERA ALLT

**Edda Heiðrún Backman á þrjátíu ára leikafmæli á þessu ári. Hún lætur ekki alvarlegan sjúkdóm buga sig heldur finnur sér ný verkefni. Sonur hennar Arnmundur Ernst hefur fetað í fótspor móður sinnar og er leikari í Borgarleikhúsinu. Unnur Birna dóttir hennar er fimmtán ára og býr hjá mömmu.** ▶ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**DRAUGAR Í REYKJAVÍK**
Rakel og Steinar Bragi með bók um reimleika í höfuðborginni. Vesturport stefnir á að koma sögunum í bíó. ▶38



## OFBELDISFYLLSTA ÍÞRÓTT Í HEIMI
▶32

## GÆTU ORÐIÐ BIKARMEISTARAR
Þrjár íslenskar landsliðskonur gætu orðið norskir bikarmeistarar í dag.
▶72





NÁNAR Á BLS. 31
Kaupumgull.is
Kaupum gull
silfur, demanta, málverk og vönduð úr.
3. HÆÐ Í KRINGLUNNI (Hjá Læknastöðinni)
Sími: 661 7000 // www.kaupumgull.is
KAUPUM GULL KG


JOE BOXER®
KRINGLUNNI & SMÁRALIND

OPIÐ TIL 18
GÓÐA SKEMMTUN
SMÁRALIND

## FRÉTTIR 2→12



**LEIGULOTTÓ HJÁ BORGINNI 4**
Lagt er til að fjórðungur leigjenda Félagsbústaða fari í umsóknarpott. Um 3.000 manns ættu möguleika á að taka þátt.

**GARÐEIGENDUR SVEKKTIR 6**
Reglur borgarinnar um að tré slúti ekki út fyrir lóðamörk og valdi vandræðum eru þyrnir í augum sumra garðeigenda.

**GÆTI UNNIÐ Á HUNGURSNEYÐ 8**
Íslenskur vísindamaður telur sig hafa uppgötvað aðferð til þess að búa til áburð með einfaldari hætti en áður hefur þekkst.

**SAMFLOT Í KJARAVIÐRÆÐUM 8**
Verkalýðshreyfingin hyggst ganga sameinuð til kjaraviðræðna við atvinnurekendur. Semja á til tólf mánaða.

## SKOÐUN 16→18



**FYRIRSÉÐUR ÁGREININGUR 16**
Árekstur forsætisráðherra og Seðlabankans koma þeim sem til þekkja ekki í opna skjöldu, segir Þorsteinn Pálsson.

**GENGUR EKKI UPP 18**
Landsvirkjun á að láta af áformum um nýja Norðlingaölduveitu, segir Tryggvi Felixson auðlindahagfræðingur.

**HÖFTIN LAMA 18**
Því miður er þjóðin að laga sig að óeðlilegu ástandi gjaldeyrishafta, skrifar Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.

## HELGIN 20→50

**BÍÐA EFTIR FYRSTA „LÆKINU“ 20**
Stjórnendur þáttarins Orðbragð á RÚV segjast hafa kynnst nýjum hliðum á íslenskri tungu og hvort öðru.

**TILGERÐ OG TÖFFARASKAPUR 30**
Fréttablaðið leitar álits á bestu og verstu bókatitlum ársins.

**OFBELDISFYLLSTA ÍÞRÓTT Í HEIMI 32**
UFC fagnaði 20 ára afmæli síðustu helgi. Í upphafi UFC var allt leyfilegt og gróft ofbeldið vakti hörð viðbrögð. Með árunum hefur íþróttin þróast og nú eiga Íslendingar sinn fulltrúa í búrinu.

**HEIMSBYGGÐIN MINNIST JFK 34**
Í gær voru fimmtíu ár liðin frá því að John Fitzgerald Kennedy, forseti Bandaríkjanna, var skotinn til bana í borginni Dallas í Texas. Fréttamiðlar um allan heim minnast hans af því tilefni, en Kennedy var dýrkaður og dáður um víða veröld.



**ÆFIR VIÐTÖLIN Á PABBA 48**
Kristín Ísafold Traustadóttir, átta ára, er einn af sjö umsjónarmönnum sjónvarpsþáttarins Vasaljóss sem hefur göngu sína á RÚV í dag.

## MENNING 60→78



**MIÐARNIR SELDUST UPP 78**
Aðdáendur Dr. Who ólmir í miða á afmælissýninguna.

**VEKUR ATHYGLI ERLENDIS 65**
Tónlistarmaðurinn ungi, Steinar Baldursson, fór í viðtal á hollenskri útvarpsstöð.

**JÓLAKAFFI HRINGSINS 66**
Hrefna Sætran deilir uppskrift með lesendum Fréttablaðsins.

## SPORT 72

**VILJA AÐ HÚN SPILI FYRIR BRASILÍU**
Landsliðsmarkvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir verður í fyrirliðahlutverki í norska bikarúrslitaleiknum í dag þegar lið hennar, Avaldsnes, mætir norsku meisturunum í Stabæk á Ullevaal-leikvanginum í Ósló.









## FIMM Í FRÉTTUM GOÐSÖGN OG BLÓMASKREYTINGAR



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra sagði að honum sýndist að menn væru að gíra sig upp í það að vera á móti tillögum um skuldaleiðréttingar. Tilefnið var að aðalhagfræðingur bankans sagði lánshæfiseinkunn ríkisins fara í ruslflokk yrði bankanum gert að fjármagna skuldaleiðréttingarsjóð.



**Hera Björk Þórhallsdóttir** er að flytja til Síle þar sem hún sigraði í sönglagakeppni í byrjun árs. Síðan hafa henni boðist nokkur verkefni í Suður-Ameríku en það er dýrt að fljúga hinum megin á hnöttinn og Hera hefur því neitað þessum tilboðum.



**Vigdís Hauksdóttir** alþingismaður rifjaði upp gamla takta og sýndi blómaskreytingar í Blómavali í vikunni. Vigdís vann Íslandsmeistaratitil í blómaskreytingum árið 2002.



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir sagði í yfirlýsingu á þriðjudag að hún tæki ekki fjórða sætið sem sem hún hlaut í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosninga.



➜ **Eiður Smári Guðjohnsen** átti sviðið í vikunni. Eftir tapleik íslenska knattspyrnulandsliðsins við Króata kom Eiður Smári í viðtal við RÚV og lýsti því yfir með tárvot aug að þetta hefði líklega verið hans síðasti landsleikur. Stuttu síðar sagði hann við Fréttablaðið að það ætti að halda upp á þann árangur sem hefði náðst.

# Kolgrafafjörður enn orðinn fullur af síld

Sigurður Ingi Jóhannsson heimilaði snarlega að smábátar mættu veiða síld innan brúar á Kolgrafafirði í gær. Tilefnið voru fréttir af þykkum lóðningum af síld. Heimamenn settu allt af stað í gær og undirbúa síldarlöndun innan brúar.

**NÁTTÚRA** Heimamenn við norðanvert Snæfellsnes tjalda nú öllu til eftir að fréttist að síld er gengin í miklu magni inn í Kolgrafafjörð. Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra heimilaði í gær frjálsa veiði smábáta innan brúarinnar yfir fjörðinn til að reyna að vinna gegn síldardauða sem mjög er óttast að endurtaki sig.

„Á vissan hátt voru menn ekki tilbúnir að horfast í augu við þetta. Það er bara þannig,“ segir Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði, spurð út í þær fréttir að sjómenn hafi orðið varir við mikla síld inni á firðinum síðla dags í gær.

Sigurborg sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu að lokun fjarðarins væri að öllum líkindum eina lausnin sem útilokaði síldardauða, og því ætti að skoða hana alvarlega. Hún vill samt ekkert fullyrða um að of seint hafi verið brugðist við nú og ráðherra hafi sjálfur fullvissað hana um að heimamenn hefðu allan hans stuðning.

„Eitt af því sem við erum farin á fullt með er að kanna hvernig hægt sé að landa síld innan brúar, í ljósi þess að þar er búið að gefa veiðarnar frjálsar. Það er tæknimál sem þarf að leysa,“ segir Sigurborg.

Sigurður Ingi sagði í viðtali við Vísi í gær að með veiðunum væri ætlunin að bjarga verðmætum, en ekki væri loku fyrir það skotið að bátarnir myndu fæla síldina aftur út fyrir brúna. Hann sagði einnig að dræpist síld í stórum stíl þá hefði hann undirstungið innanríkisráðuneytið um að rjúfa veginn til að koma á eðlilegri hringrás sjávar í firðinum.



**KOLGRAFAFJÖRÐUR** Rúmlega 50 þúsund tonn af síld drápust í Kolgrafafirði í tveimur aðskildum atburðum, í desember 2012 og febrúar síðastliðnum. MYND/TÓMAS FREYR

Það var Pálmi Stefánsson, skipstjóri á Kidda RE, sem er átta tonna trilla, sem fór inn fyrir brú á bát sínum fyrr í gær og varð var við stórar síldartorfur.

Spurð um líkur á frekari síldardauða minnir Sigurborg á að líkurnar séu jafnvel meiri nú en í fyrra þar sem súrefnismagnið í firðinum er skert vegna rotnunar á þeirri síld sem þar drapst í fyrri tvö skiptin. Því séu fréttirnar mikið áhyggjuefni, og heimamenn voni hið besta en búi sig undir það versta.

Verið er að undirbúa fund sameiginlega með fulltrúum frá Stykkishólmi, smábátasjómönnum, björgunarsveitum, bændum á Eiði við Kolgrafafjörð og hafnarstjóra á Grundarfirði til að undirbúa að framkvæmdin á síldveiðum innan brúar verði farsæl.



**„Á vissan hátt voru menn ekki tilbúnir að horfast í augu við þetta.**

*Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði*

svavar@frettabladid.is

Reykjagarður staðfestir að innflutt kjúklingakjöt hafi verið selt hér ómerkt:

# Á sama verði og innlenda kjötið

**VERSLUN** Umræða hefur skapast um að kjúklingaframleiðendur flytji inn frosið kjúklingakjöt og selji sem íslenska vöru. Forsvarsmenn hafa neitað því en þó er erlent kjöt notað í unnar matvörur og selt án þess að tilgreint sé á umbúðum að um innflutt kjöt sé að ræða.

Þetta staðfestir Ragnar Hjörleifsson, sölu- og markaðsstjóri Reykjagarðs. „Það sem er unnið höfum við ekki merkt með upprunalandi,“ segir Ragnar.

Hann tekur fram að á öllum þeirra vörum sé rekjanleikanúmer sem segi til um uppruna. Þá var nú í kjölfar umræðunnar bætt við merkingum á ferskar vörur sem sýna að þær séu íslenskar.

Reykjagarður flytur inn 150 til 200 tonn af alifuglakjöti árlega og er stærsti hlutinn kjúklingur. Innflutta kjötið er notað í unnar matvörur.

„Þar fyrir utan erum við að selja beint til neytenda, þá er ég að tala um mötuneyti og veitingahús,“ segir Ragnar.

Þannig að fólk sem fer á veitingahús, getur átt von á að fá erlent kjúklingakjöt?

„Við getum ekki svarað fyrir það, en við erum ekki einir að flytja inn kjúkling,“ segir Ragnar.

Aðspurður segir hann ekki verðmun á vörum með innlendu og erlendu kjöti.

Þannig að neytandinn hefur í raun og veru ekki notið góðs af því að þið séuð að flytja inn erlent kjöt?



**ÍSLENSKIR KJÚKLINGAR** Sölu- og markaðsstjóri Reykjagarðs segir lítinn verðmun þegar varan er komin í verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Nei, erlent kjúklingakjöt er með háum tolli svo verðmunurinn er í sjálfu sér ekki svo mikill.“

- hþ

*Við elskum jólin*

# STÓRA SERÍU HELGIN

## 20% afsláttur

## AF ÖLLUM ÚTISERÍUM UM HELGINA




LED sería 40 ljósa
999
~~1.490~~

Jólastjarna
990
~~1.490~~

Aðventuljós
999
~~1.490~~

## JÓLAHLAÐBORÐ

Húsasmiðjunnar Kaffi Garði Skútuvogi

Alla helgina kl. 12-14 og 18-20
Börn yngri en 10 ára borða frítt

**Aðeins 1.690kr**



blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar

# 16.11.2013 → 22.11.2013

## Eiður Smári



hefur sennilega leikið sinn síðasta landsleik fyrir Ísland. Á sautján ára landsliðsferli hefur hann spilað 78 leiki og skorað í þeim 24 mörk.

**200.000** manns nýta sér þjónustu hvalaskoðunarfyrirtækja á þessu ári.

**120.000** fara í hvalaskoðun frá Reykjavík.



**Yfir 6.000** sendingar bárust frá AliExpress til Íslands í október. Verðmæti pantana héðan jókst um **928%** milli ára á þriðja ársfjórðungi.

**14,7%** íslenskra barna eru tekin með keisaraskurði, en það er mun lægra hlutfall en víðast hvar. Allt að helmingur barna í Mexíkó og Tyrklandi er tekinn með keisaraskurði.



Fyrir jólin eru um **700** bókatitlar til sölu. Fimm stærstu útgefendurnir eiga 44% af þeim bókum. Bókaútgáfa veltir 4,6 milljörðum króna á þessu ári.





**Heilsu meira** en 200 milljón manna er talin stafa veruleg hætta af eiturefnaúrgangi í nágrenni við heimili þeirra.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Auk ASÍ standa FA, SA og Viðskiptaráð Íslands að úttektinni.

Gera úttekt um viðræður:

## Kanna þróun ESB og valkosti

**STJÓRNMÁL** Alþýðusamband Íslands, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands hafa undirritað samning við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

Stofnunin á að sjá um umsjón úttektar á aðildarviðræðum við Evrópusambandið, þróun ESB og valkostum í efnahagsmálum. „Hlutlæg og greinargóð“ úttekt er sögð lykilforsenda þess að meta hvaða kostir séu til þess fallnir að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins til lengri tíma og skapa sem best lífskjör. - skó

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Nýjar reglur um lúðuveiðar

Útgerð og áhöfn skipta nú með sér 20 prósentum af aflaverðmæti lúðuafla sem veiðist sem meðafli. Allt söluandvirði lúðu hefur runnið til rannsókna. Með breytingunni á að hvetja sjómenn og útgerðir til að koma með lúðuna að landi. Sé hún lífvænleg skal henni þó sleppt.

**LEIÐRÉTT**

Í frétt blaðsins í gær var rangt farið með hlutfallslegan fjölda ljósmæðra hér á landi. Hið rétta er að ljósmæður eru 175 á hverja 100.000 íbúa hér á landi.

# Leigulottó Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg leggur til að fjórðungur leigjenda Félagsbústaða fari í umsóknarpott. Óháður aðili sjái um útdráttinn. Um 3.000 manns, sem ekki eiga rétt á sérstökum húsaleigubótum, ættu möguleika á að taka þátt.

**HÚSNÆÐISMÁL** Hluti leigjenda íbúðanna, sem Reykjavíkurborg hyggst reisa í samstarfi við Félagsbústaði, verður dreginn út í leigulottói. Samkvæmt tillögu Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að leiguverð á íbúðum í blönduðum íbúðahúsum verði lægra en gerist á almennum markaði, sem muni leiða til þess að eftirspurn verður meiri en framboð. Verður það að hluta til leyst með þeim umsóknarpotti sem dregið verður úr.

Verði tillaga borgarinnar að veruleika munu nýju íbúðirnar standa þrenns konar umsækjendum til boða. Fjórðungur leigjenda verða einstaklingar, sem eiga rétt á sérstökum húsaleigubótum samkvæmt viðmiðum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og munu áfram eiga sama rétt á félagslegu húsnæði. Sá hópur fer því ekki í umsóknarpottinn.

Fjórðungur leigjenda verða einstaklingar sem eiga rétt á almennum húsaleigubótum. Þeir leigjendur verða þeir einu sem fara í umsóknarpott Félagsbústaða.

Þeir munu gangast undir mat hjá velferðarsviði og þurfa að uppfylla þau fjárhagslegu skilyrði sem skilgreind eru hjá Velferðarráðuneytinu um tekju- og eignamörk vegna lánveitinga til leiguíbúða. Þau skilyrði eru mun víðari en miðað er við í úthlutun sérstakra húsaleigubóta.

Í tillögunni segir að samkvæmt greiningu velferðarsviðs uppfylli yfir 90 prósent sem fá almennar húsaleigubætur skilyrðið, eða um 3.000 manns.

Samþykktar umsóknir myndu fara í umsóknarpott Félagsbústaða og utanaðkomandi aðili fenginn til að sjá um útdráttinn. Hver umsókn færi í pott um íbúðir í samræmi við stærð og staðsetningu íbúðar sem sótt er um.

Gert er ráð fyrir að hinn helmingur íbúðanna í hverju húsi verði leigður út til félagasamtaka. Útfærsla á leigusamningi við þann hluta leigjenda liggur ekki fyrir, en í tillögunni segir að æskilegast væri að leigusamningar giltu í fimm ár.

Félagasamtökin myndu endurleigja íbúðirnar til sinna félagsmanna, en ekki væri gert ráð fyrir að þessi hópur uppfyllti að öðru leyti skilyrði Velferðarsviðs varðandi mat á eignum eða tekjum, eða hann fari í umsóknarpottinn.

eva@frettabladid.is

## Leiga íbúða í blönduðum íbúðahúsum




### Áhættan mikil



„Við viljum auðvitað láta kanna möguleika á að auðvelda ungum fjölskyldum að hefja búskap og greiða fyrir stofnun leigufélags ef það er skynsamlegt. En slíkur rekstur er mikil áhætta. Það þarf að fara vel yfir umsögn fjármálaskrifstofu sem mælir gegn því að borgin gerist kjölfestufjárfestir í húsaleigufélagi og hefur mælt gegn því. Það er ekki gott að leggja í slíka vegferð ef hún lendir síðar á skattgreiðendum.“

*Júlíus Vífill borgarfulltrúi*

### ASÍ tekur þátt



„Mér finnst þetta bara mjög forvitnilegt. Þetta getur verið mjög gott við hliðina á félagslegu húsnæði, og gott að borgin leggi þessu lið með eiginfjármagni og gatnagerðargjöldum til að lækka tilkostnað. Forsendur leigugreiðslna verða þá vonandi aðrar og lægri leiga. Við munum skipa fulltrúa í samráðsnefnd til að ræða frekar þessar tillögur.

*Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ*

### Eykur fjölbreytni



„Okkur líst bara vel á það sem borgin er að gera í þessum málum. Það þarf að auka fjölbreytni á leigumarkaði. Það er alþekkt á Norðurlöndunum að sveitarfélög úthluti sjálfstæðum aðilum lóðum á hagstæðum kjörum til að auka fjölbreytni á húsnæðismarkaði og auka sjálfstæði íbúa. Sveitarfélögin fá þá gjarnan rétt til að úthluta íbúðum til skjólstæðinga sinna.“

*Gylfi Örn Bjarnhéðinsson framkvæmdastjóri Búseta*

### Skoðunar virði



„Við höfum verið í samstarfi við Reykjavík um hugmyndir um uppbyggingu á leiguíbúðum í Reykjavík og gerum ráð fyrir því að vera með. Í sjálfu sér er ekki búið að ræða þetta ítarlega, en þetta er skoðunarinnar virði. Við munum að sjálfsögðu skoða þetta með borginni ef þeir vilja vinna þetta svona. Í stuttu máli er mjög jákvætt að skoða slíkar útfærslur, alveg eins og eitthvað annað.“

*Böðvar Jónsson framkvæmdastjóri Byggingafélags námsmanna*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**FALLEGT VEÐUR** víða á landinu í dag. Léttskýjað og fremur hægur vindur. Þykknar upp SV- og V-til í kvöld. Vaxandi sunnanátt vestanlands á morgun með úrkomu en þurrt A-til. Hlýnar í veðri.




**Á morgun**
8-13 m/s V-til, annars hægari




**Mánudagur**
5-15 m/s hvassast V-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 7° | Gautaborg | 7° | London | 7° | Orlando | 27° | San Francisco | 15° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 12° | Ósló | 0° | Stokkhólmur | 2° |
| Berlín | 7° | Friedrichshafen | 4° | Las Palmas | 23° | New York | 11° | París | 7° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*







**Sjónvarp Símans hvar og hvenær sem er með nýja appinu**
Nú getur þú horft á RÚV, Stöð 2, Skjáinn og fleiri stöðvar inni á baði, farið á Frelsið heima hjá tengdó og spólað útsendinguna tvo klukkutíma til baka í strætó. Þú gætir jafnvel horft á Meistaradeildina í beinni á bókasafninu og valið úr þúsundum mynda í SkjáBíói hjá tannlækninum.

Það kostar ekkert að nota appið fyrstu þrjá mánuðina en þjónustan kostar 490 kr. á mánuði eftir það.

**Vertu í sterkara sambandi við Sjónvarp Símans með snjalltækjunum þínum!**

Ath. að skilmálar Apple heimila ekki leigu á myndefni með smáforriti í Apple tækjum. Unnt er að leigja myndefni gegnum önnur tæki (Android eða myndlykil) og nálgast síðan efnið í Apple tæki. Sjá nánar um skilmála þjónustunnar á **siminn.is**

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM51624

Uppsagnir eftir sameiningu:

# 350 manns missa vinnuna

**BANDARÍKIN** 350 manns hefur verið sagt upp störfum á söludeild sértækra vörumerkja (e. Specialty Brands) hjá Actavis í Bandaríkjunum.

PiercePharma segir aðgerðirnar til komnar eftir að sameining Actavis og Warner Chilcott gekk í gegn 1. október. Þá hafi hafist endurmat á því hversu marga þyrfti í söludeild. Það hafi skilað sér í slæmum fregnum fyrir um 30 prósent starfsliðsins. Af 1.100 manns sem störfuðu við sölu vestra halda 750 vinnunni. **- óká**

Lögreglan í London reynir að átta sig á því hvernig þrælahaldararnir fóru að:

# Beittu hótunum og heilaþvotti

**BRETLAND** Svo virðist sem parið í London, sem hélt þremur konum í þrældómi á heimili sínu í þrjátíu ár, hafi einkum beitt andlegu ofbeldi, hótunum og heilaþvotti, til að halda þrælum sínum í skefjum.

Lögreglan segist vera að reyna að átta sig á því hvaða „ósýnilegu handjárnum“ hafi verið beitt. Að vísu séu merki um að líkamlegum barsmíðum hafi verið beitt, en út á við hafi íbúar hússins líklega virst vera ósköp venjuleg fjölskylda.

„Þetta þýðir að áratugum saman hafi fólkið, sem þessi rannsókn beinist að, og fórnarlömbin einnig, líklega komist í snertingu við opinbera þjónustu, þar á meðal lögregluna,“ sagði Steve Roadhouse, talsmaður lögreglunnar í London, við bresku fréttastofuna PA.

Lögreglan hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa látið sökudólgana lausa gegn tryggingu, en fórnarlömbin hafa notið aðhlynningar sérfræðinga á öruggum stað í London.

Hin grunuðu eru bæði 67 ára, en konurnar þrjár eru 30, 57 og 69 ára. Sú yngsta virðist hafa verið í haldi hjónanna frá fæðingu, 57 ára konan er frá Írlandi en sú elsta frá Malasíu. **- gb**



**ANEETA PEEM** Stofnandi góðgerðasamtakanna Freedom Charity, sem urðu til þess að ein kvennanna hafði samband. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Meirihluti með snjallsíma:

# Nær öll börn með farsíma

**FÉLAGSMÁL** 96 prósent barna í 4.-10. bekk sögðust eiga farsíma eða snjallsíma og ríflega helmingur sagðist eiga snjallsíma. Að meðaltali eru börn 8-9 ára þegar þau eignast sinn fyrsta síma. Þetta kom fram í könnun sem Samfélag, fjölskylda og tækni lét gera fyrr á árinu.

Rúm þrjú prósent barna sögðust hafa sent skilaboð í gegnum farsíma sem var andstyggilegt í garð annars einstaklings. Rúm fimm prósent sögðust hafa orðið fyrir einelti í gegnum síma. **- skó**



**HELLE THORNING-SCHMIDT** Fékk í sig tómat í Randers.

Veittist að forsætisráðherra:

# Skilorð fyrir tómatakastið

**DANMÖRK** Þrítugur Dani var í gær dæmdur í 20 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa kastað tómat í Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra á útifundi í Randers í maí.

Maðurinn bar því við að hann hefði alls ekki ætlað að hitta ráðherrann heldur hefði hann miðað á fólk sem staðið hefði fyrir aftan Thorning og gert sig líklegt til að leysa niður um sig og sýna á sér afturendann.

Viðkomandi var skikkaður til að gangast undir ráðgjöf vegna áfengis- og kannabisneyslu. **- þj**

# Vansköpun fegurstu trjánna

Reykvíkingar eiga að klippa gróður sem vex út fyrir lóðarmörk. Nær að vernda gróður en að skemma gömul og fagursköpuð tré segja garðeigendur. Upplýsingastjóri borgarinnar bendir fólki á að fá fagmenn í verkið.

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg sendi í vikunni ítrekun til 1.400 garðeigenda með hvatningu um að huga að gróðri sem vex út fyrir lóðarmörk. Verði ekki brugðist við muni borgin klippa trén á kostnað lóðarhafa. Það getur kostað allt að 30 þúsund krónum.



**BJARNI BRYNJÓLFSSON**

„Það er mjög brýnt að fólk verði við þessum tilmælum. Þetta er fyrst og fremst gert vegna þess að gróðurinn er til vandræða fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og tækin sem við notum til að sópa og ryðja snjó á gangstéttum og stígum,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar. „Ef fólk getur ekki gert þetta sjálft þá er því í lófa lagið að ráða fagmenn til verksins.“

Óánægja hefur ríkt meðal sumra garðeigenda sem segja að erfitt hafi reynst að ná sambandi við starfsmenn borgarinnar.

„Ég hvet fólk til að hafa samband við starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs ef fólk vill fá nánari upplýsingar,“ segir Bjarni sem kveður slíkar áskoranir til garðeigenda árvissar en nú sé málinu í fyrsta sinn fylgt svona vel eftir. erlabjorg@frettabladid.is



**RAGNHEIÐUR LINNET** Ásamt reynitrénu eftir klippingu.



**PRÝÐI** Gullregn í blóma yfir sumartímann.

### ➜ Synd að láta taka af fagursköpuðu tré

„Reynitréð var sérlega formfagurt og meira en 40 ára gamalt. Nú hefur það misst formið og er svolítið vanskapað fyrir bragðið,“ segir **Ragnheiður Linnet** sem þurfti að sneiða af trénu því ljósastaur stendur nálægt.

„Það orkar tvímælis að láta taka af svona fagursköpuðu tré á meðan það ætti að vernda þau. Það þarf að vanda betur til og taka tillit til aldurs gróðurs. Það er ekki eins og tréð skyggi á vel upplýsta götuna.“

### ➜ Gullregnið er fallegasta tréð í götunni

„Gullregnið okkar er 2,5 metrar á hæð og slútir yfir lóðina en það er ekki fyrir neinum, snjóruðningsvél kemst hæglega undir það,“ segir Elín G. Ragnarsdóttir sem klippti eins og hún gat af trénu en hefur fengið ítrekun frá borginni.

„Það eina sem ég get gert er þá að skemma tréð eða ég skil ekki hvað þeir vilja að ég geri. Það er svo fallegt og mikið prýði í hverfinu.“




Hef opnað læknastofu í Lífsteini, Álftamýri 1-5

Sérgrein: Kvensjúkdómar og fæðingarhjálp

Tímapantanir virka daga kl. 8-16 í s: 530 8300

Ragnhildur Magnúsdóttir

**Bætt líðan í aðventunni**

KMS

Við Kvíðameðferðarstöðina er að hefjast námskeið í hugrænni atferlismeðferð við kvíða, streitu og depurð í aðdraganda jóla.

Aðventan er annasamur tími og margir kvíða jólunum, aðrir finna fyrir depurð í mesta skammdeginu. Um er að ræða líflegt námskeið þar sem sálfræðingar KMS miðla af reynslu sinni og kenna fljótvirk ráð við streitu og kvíða. Jafnframt eru kenndar leiðir til að draga úr vægri depurð og efla hugarró.

Námskeiðið hefst 27. nóvember og stendur yfir í fimm vikur. Verð námskeiðs er 25.000 krónur en sjúkrasjóðir stéttarfélaga kunna að niðurgreiða námskeiðið.

*Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is*

*Nánari upplýsingar: www.kms.is*


Vitni segja handtöku óeðlilega og lögreglan hafi enga þolinmæði sýnt:

# Konan var alveg dofin og var fleygt til og frá eins og dúkku

**DÓMSMÁL** „Ef þið standið ekki upp eruð þið handtekin, var það fyrsta sem lögreglan sagði við okkur,“ sagði vitni í máli lögreglumannsins sem er ákærður fyrir líkamsárás og brot í opinberu starfi þegar hann handtók konu í miðborg Reykjavíkur síðastliðið sumar. Konan hlaut mar og áverka við handtökuna.

Aðalmeðferð í máli lögreglumannsins hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og er tekist á um hvort handtakan hafi verið óeðlilega harkaleg.

„Lögreglan sýndi enga þolinmæði og ég fann strax að þetta yrði vesen, það lá einhvern veginn í loftinu,“ sagði vitnið sem ásamt tveimur öðrum sátu með konunni á miðri götu en hlýddu fyrirmælum lögreglunnar strax. Sú sem var handtekin sat eftir.

Tvær ungar konur sem áttu leið hjá þegar handtakan átti sér stað báru einnig vitni. Þær segja konuna hafa verið greinilega ölvuð og í engu ástandi til að streitast á móti.

Samt sem áður hafi konunni verið hent til og sá ákærði hafi sett hnéð á vinstra gagnauga hennar eftir að hafa hent henni inn í lögreglubílinn. „Hún var alveg dofin í hreyfingum, eins og dúkka sem var fleygt til og frá,“ sagði önnur konan.

Lögreglufulltrúi og kennarar hjá Lögregluskólanum gáfu einnig skýrslu. Sagðist lögreglufulltrúi aldrei hafa séð fallega valdbeitingu og kennari við skólann sagði að það mætti vera meiri og formlegri þjálfun hjá lögreglumönnum. **- ebg**



**Á VETTVANGI** Myndband náðist af handtökunni sem fór víða á veraldarvefnum.

GEFÐU MÉR GOTT Í JÓLASKÓINN...

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM SKÓM**
21.-25. NÓVEMBER.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 25. nóvember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Könnun í leigubifreiðum:

## Helmingurinn er ekki í belti

**SAMGÖNGUR** Annar hver farþegi í leigubílum spennir ekki beltið. Þetta kom fram í talningu sem bílstjórar hjá Hreyfli/Bæjarleiðum gerðu fyrir VÍS um helgarnótt nú í haust.

Mikill munur er svo á því hvort fólk notar öryggisbelti innan- og utanbæjar. Símakönnun Samgöngustofu bendir til að fjórðungur bílstjóra og farþega hafi verið í bíl án beltis hálfu ári eða skemur áður en könnunin var gerð. Utanbæjar hafði einn af tíu verið í bíl án beltis.

- skó

Hlutfall sóts og ösku eykst:

## Fjórðungur á nagladekkjum

**SAMGÖNGUR** Hlutfall bíla með nagladekk var 28% á móti 72% naglalausum í Reykjavík í talningu sem gerð var 14. nóvember síðastliðinn. Á síðasta ári var hlutfallið 26% á móti 74%. Hlutfalls sóts úr bílum og ösku í svifryki hefur aukist verulega.

Reykjavíkurborg lætur reglulega kanna hlutfallið á milli negldra og óneglda hjólbarða og mest hefur það farið í 34-36% í febrúar og mars. Nagladekk eru aðeins leyfileg í borginni á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl, því þau valda auknu svifryki og sliti á malbiki.

- skó

# Íslensk uppgötvun gæti unnið á hungursneyð á heimsvísu

Ungur íslenskur vísindamaður og samstarfsfólk hans telja sig hafa dottið niður á aðferð til þess að búa til áburð með einfaldari hætti en áður hefur þekkst. Uppgötvunin gæti valdið breytingum á heimsvísu.

**VÍSINDI** Verkefni ungs íslensks vísindamanns og samstarfsfólks hans getur orðið til þess að það dragi úr fátækt og hungri í heiminum um leið og matvælaverð lækki.

Verkefnið, sem nefnist „Verkfræðileg hönnun á efnahvötum: Áburður framleiddur á hagkvæmari hátt“, fékk í vikulokin Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands. Að verkefninu standa Egill Skúlason, lektor við Raunvísindadeild Háskólans, og samstarfsfólk hans.

Egill áréttar að verkefnið sé enn á tilraunastigi, en rannsóknirnar miða að því að nýta rafmagn eða sólarljós til að breyta nitri úr andrúmslofti og vatni í ammóníak sem síðan megi nota til áburðarframleiðslu. „Þetta hefur verið svona *mission impossible* sem núna er allt í einu orðið mjög spennandi,“ segir Egill, en hann hefur unnið að verkefninu síðustu tíu ár, með samstarfsfólki við Háskólann, Tekniske Universitetet og Stanford-háskóla.

„Þetta er svona draumaefnahvarf sem hingað til hefur ekki tekist að gera,“ segir hann, en tilraunir til að búa til ammoníak með rafsellu hafa hingað til bara skilað vetnisgasi. „En með tölvureikningum gátum við núna farið að leita að nýjum allt öðruvísi tegundum af efnahvötum.“ Á síðustu misserum duttu svo Egill og samstarfólk hans niður á efnahvata sem koma betur út en nokkur þorði að vona. „Á síðustu mánuðum og vikum erum við búin að sjá kannski fjóra af þeim hundrað efnahvötum sem við byrjuðum með, sem ekki nóg með að búi til ammóníak á lágri spennu, heldur búa ekki til neitt vetni.“ Sú niðurstaða lofar mjög góðu því talið var að einungis tækist að búa til eitt prósent af ammoníaki meðfram vetni. „Að fá í staðinn hundrað prósent ammoníak og ekkert vetni er nánast ótrúlegt.“

Núna standa svo yfir tilraunir til þess að búa til ammoníak með þessum hætti bæði í Danmörku og í tilraunastofu Háskólans hér á landi. Niðurstöður úr þeim tilraunum segir Egill að ættu að liggja fyrir á næstu vikum og mánuðum.

„Í framhaldinu ætti svo að vera auðvelt að hagnýta aðferðina á almennum markaði.“ Þá tekur við ferli við að ganga frá einkaleyfi og svo yrði gengið til samstarfs, annaðhvort við fyrirtæki hér á landi eða stór orku- eða efnahvatafyrirtæki í útlöndum. „Þetta yrði þá þróað og búin til einhver vara.“

Til iðnaðarframleiðslu á ammoníaki er í dag og hefur síðustu hundrað ár verið notuð svonefnd Haber-Bosch aðferð. Uppgötvunin bylti matvælaframleiðslu í heiminum á sínum tíma. Möguleikum nýju aðferðarinnar hefur verið líkt við Haber-Bosch II, með áhrifum um heim allan, sér í lagi í þróunarlöndum þar sem bændur gætu framleitt sinn eigin áburð. Umfangsmikil og kostnaðarsöm áburðarframleiðsla og flutningur áburðar um heiminn gæti líka heyrt sögunni til.

„Aðalhugmyndin er að hver sem er geti gert þetta, heima hjá sér, á bóndabænum eða jafnvel í bílnum.“ Bóndi í sólríku þróunarlandi gæti mögulega búið til áburð úr vatni, lofti og sólarljósi. „Það þarf ekki einu sinni rafmagn.“

Hér á Vesturlöndum verður áburður kannski eitthvað ódýrari þannig að matvæli lækki aðeins og mengun minnki aðeins á heimsvísu, en mest verða áhrifin á þróunarlöndin með minnkandi fátækt og hungursneyðum.“

olikr@frettabladid.is



**Í ÖRTÆKNIKJARNA HÍ** Líney Árnadóttir, Egill Skúlason og Sveinn Ólafsson í örtæknikjarna Háskólans þar sem standa yfir tilraunir til að smíða efnahvata sem byggja á tölvuútreikningum Egils og samstarfsfólks hans. MYND/EGILL SKÚLASON



**Þetta hefur verið svona „mission impossible“ sem núna er allt í einu orðið mjög spennandi.**

*Egill Skúlason, lektor við Raunvísindadeild HÍ.*



**TIMINN AÐ RENNA ÚT** Kjarasamningar renna út um mánaðamótin. Eiginlegar kjaraviðræður hefjast eftir helgi. Reyna á að gera skammtímasamning til eins árs. FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

# Viðræður að komast í gang

Verkalýðshreyfingin ætlar að ganga sameinuð til kjaraviðræðna við atvinnurekendur. Semja á til tólf mánaða. Ekki enn verið rætt um launahækkanir.

**SAMNINGAVIÐRÆÐUR** „Okkur er ekkert að vanbúnaði. Ég á því von á að samningaviðræður fari á fulla ferð strax eftir helgi,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Samningaviðræður hafa síðustu daga strandað á því að Alþýðusambandið vildi skýrari svör varðandi nokkra þætti fjárlagafrumvarpsins. Forystumenn sambandsins hafa í vikunni átt fundi með ráðherrum, nú síðast fjármálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra. „Ég tel mig hafa fullvissu fyrir því að stjórnvöld ætli að koma til móts við þá lykilþætti sem við höfum lagt áherslu á í frumvarpinu,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins.

Hann telur að það verði bætt í varðandi heilbrigðiskerfið og það verði komið til móts við atvinnuleitendur, bæði þá sem eru að leita að vinnu og þá sem hafa klárað bótarétt sinn. Þá ætli stjórnvöld að endurskoða afstöðu sína til menntamála og sjóða sem félagar í verkalýðshreyfingunni hafa getað sótt í.

Gylfi segir að aðildarsambönd ASÍ ætli að ganga sameinuð til kjaraviðræðna við Samtök atvinnulífsins.

„Við ætlum að gera sameiginlegan aðfarasamning til skamms tíma og hefjast svo handa við gerð samnings til lengri tíma.“

Gylfi segir að það verði ekki hægt að landa samningi með tveggja prósenta launahækkun.

„Verðbólgan er 3,3 prósent svo það þarf meira en tvö prósent til að kaupmáttur aukist. Við og Samtök atvinnulífsins erum sammála um að það eigi að auka kaupmátt,“ segir hann.

Þorsteinn Víglundsson segir að launaliður hafi ekkert verið ræddur.

„Það er hins vegar einhugur um að gera samning til tólf mánaða,“ segir hann.

johanna@frettabladid.is




EINFÖLDUN REGLUVERKS JARÐHITANÝTINGAR

Haustfundur **Jarðhitafélags Íslands** í samstarfi við **Íslenska orkuháskólann** í Háskólanum í Reykjavík verður haldinn þriðjudaginn 26. nóvember kl. 14.

DAGSKRÁ

14:00 **Setning fundarins**
Bjarni Pálsson, formaður Jarðhitafélags Íslands, deildarstjóri virkjanadeildar Landsvirkjunar

14:10 **Ávarp**
Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

14:30 **Inngangsorð fundarstjóra**
Halla Hrund Logadóttir, framkvæmdastjóri Íslenska orkuháskólans

14:40 **Regluverk jarðhitanýtingar**
Kristín Haraldsdóttir, forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar HR

15:00 **Kynning á starfi starfsskilyrðahóps Jarðvarmaklasans**
Auður Andrésdóttir, sviðsstjóri, umhverfi og öryggi, Mannviti

15:30 **Lokaorð fundarstjóra og fundarslit**

15:40 **Kaffiveitingar**

Staður: Háskólinn í Reykjavík, Menntavegi 1, stofa M101.
Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis

JARÐHITAFÉLAG ÍSLANDS

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Vörður tryggir jafnrétti í launum

Jafnlaunaúttekt
PwC
2013

Ráðgjafafyrirtækið PWC hefur sæmt Vörð gullmerki fyrir góðan árangur við að tryggja jafnrétti í launum. Úttekt PWC leiðir í ljós að Vörður greiðir jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Jafnréttisstefna félagsins miðar að því að fyllsta jafnréttis sé gætt og tryggir þannig að einstaklingar njóti sömu launakjara og starfstækifæra óháð kyni.

**Af þessu erum við afar stolt.**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 66551 11/13

Norska happrættiseftirlitið:

# Youtube loki á veðbankana

**NOREGUR** Norska happdrættiseftirlitið skipar Youtube að loka á öll auglýsingamyndbönd erlendra veðmálafyrirtækja sem ætluð eru norskum notendum. Þetta kemur fram á vef Aftenposten.

Auglýsingar veðmálafyrirtækja eru bannaðar í Noregi. Myndböndin sem um ræðir hafa beinst að Norðmönnum enda á norsku. Forsvarsmenn Youtube brugðust við og lokuðu fyrir aðgang Norðmanna að efninu. - þj

Samfylkingin í Reykjavík ákveður á flokksráðsfundi á mánudagskvöld hvernig raðað verður á lista:

# Kosið um lokað prófkjör eða uppstillingu

**STJÓRNMÁL** Kosið verður um hvort uppstillingarnefnd raðar á lista Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor eða hvort haldið verður lokað prófkjör, þar sem einungis þeir sem eru flokksbundnir í Samfylkingunni fá að taka þátt.

Tillögurnar verða lagðar fyrir fulltrúaráðsfund á mánudagskvöldið og verður kosningin skrifleg.

Kjartan Valgarðsson, formaður stjórnar fulltrúaráðsins, er talsmaður þess að uppstillingarnefnd ákveði listann.



KJARTAN VALGARÐSSON



BIRGIR DÝRFJÖRÐ

„Fólk er orðið þreytt á prófkjörum, það er ekkert nýtt við þau og prófkjör sundra fremur en sameina," segir Kjartan.

„Ég vil galopið prófkjör, þar sem allir fá að að taka þátt. Það myndi skila bestri niðurstöðu. Sú leið er hins vegar ekki í boði svo ég styð tillögu um að fara í lokað prófkjör," segir Birgir Dýrfjörð sem situr í stjórn fulltrúaráðsins.

Kjartan segir að eitt séu menn sammála um og það er að Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi leiði listann.

Kjartan segir að ef sú leið verði farin að raða á listann verði kosin sjö manna valnefnd. Hlutverk hennar verði að hafa samband við flokksfélaga og biðja þá um að tilnefna fólk á lista. Að því loknu verði skoðanakönnun meðal félagsmanna á því hvernig skipa eigi á listann.

Kjartan segir að gengið verði frá endanlegum framboðslista 8. febrúar á næsta ári. - jme



**DIGRANESKIRKJA** Barnaskíðalyfta í kirkjubrekkunni skoðuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tillaga rædd í Kópavogi:

# Skíðalyfta við Digraneskirkju

**KÓPAVOGUR** Bæjaryfirvöld í Kópavogi skoða nú tillögu frá Arnþóri Sigurðssyni um að kanna möguleika á því að koma upp barnaskíðalyftu við brekkuna við Digraneskirkju.

Bæjarráð fól íþróttaráði að kanna möguleika á barnaskíðalyftu einhvers staðar í bænum. Íþróttaráð fól þá sínum starfsmönnum í samvinnu við umhverfissvið að koma með tillögur í málinu. Kveðst íþróttaráðið jafnframt fagna tilkomu gönguskíðabrautar í Fossvogsdal. Brautin er samvinnuverkefni bæjarins og Skíðafélagsins Ulls. - gar

Rætt við Kvikmyndasafnið:

# Bæjarbíó nýtt í fleiri viðburði

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði ræða við Kvikmyndasafn Íslands um nýjan samning um afnot af Bæjarbíói.

„Áhersla er lögð á að samhliða kvikmyndasýningum verði húsið nýtt undir fjölbreytta viðburði sem þó ógni ekki búnaði eða verndargildi hússins," segir í bókun menningarnefndar bæjarins sem tekur undir ábendingu sem er á vefnum Betri Hafnarfjörður um að starfsemi í húsinu hafi ekki verið mikil. Bæjaryfirvöld hugðust um tíma fela Gaflaraleikhúsinu umsjón Bæjarbíós. Kvikmyndasafnið sagðist þá ekki eiga samleið með leikhúsrekstri. - gar

# Prófkjör leiða konur og ungt fólk frekar til áhrifa

Rannsókn á íslenskum prófkjörum hrekur fyrri kenningar um að konur og ungt fólk nái síður árangri. Konur ná frekar þingsætum þar sem prófkjör eru haldin og kjörnir fulltrúar eru að jafnaði fimm árum yngri.

**STJÓRNMÁL** Ný rannsókn á íslenskum prófkjörum leiðir í ljós að þau hafa ekki slæm áhrif á möguleika kvenna og ungs fólks til að komast til áhrifa. Lengi hefur verið deilt um ágæti prófkjara, en þetta er í fyrsta sinn sem áhrif þeirra á kosningar eru rannsökuð með jafn ítarlegum hætti.

Íslenskir stjórnmálaflokkar hafa notast við prófkjör í mun meiri mæli en þekkist annars staðar og gefa íslensk prófkjör því einstakt tækifæri til að skoða áhrif prófkjara á útkomu kosninga. Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands, og Indriði H. Indriðason, dósent við Háskólann í Kaliforníu, stóðu að rannsókninni og tóku þar fyrir íslensk prófkjör frá upphafi.

Því hefur verið haldið fram að prófkjör leiði síður til þess að konur og ungt fólk komist til áhrifa. Niðurstöður rannsóknar Gunnars Helga og Indriða benda hins vegar til þess að það sé rangt. Konum gangi ekki verr en körlum og nái jafnvel oftar markmiðum sínum í baráttu um önnur sæti en það efsta. Konur nái hins vegar síður árangri við að ná fyrsta sæti á lista heldur en karlar. Það hefur þó ekki áhrif á heildarárangur þeirra við að ná þingsætum.

Samanburður á ólíkum aðferðum við val á framboðslista sýnir að prófkjör virðast frekar leiða til þess að konur vinni þingsæti heldur en aðrar aðferðir. Þau leiða hins vegar síður til þess að konur fái sæti sem fyrirfram er líklegt að leiði til þingsætis.

Samkvæmt Gunnari Helga og Indriða væri ein leið til þess að túlka þá niðurstöðu að þegar flokkarnir velja sjálfir á framboðslista sína með flokksvali eða uppstillingarnefnd, eru konur síður líklegar til þess að fá sæti á lista sem leiðir til þingsætis. Þær eru hins vegar líklegri til að fá sæti sem leiðir næstum því til þingsætis, nema ef flokkur þeirra vinnur óvæntan kosningasigur.

Sömu sögu er að segja um áhrif prófkjara á möguleika ungs fólks til áhrifa. Kjörnir fulltrúar eru að jafnaði fimm árum yngri þar sem haldin eru prófkjör samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Prófkjör virðast því opna möguleika yngri frambjóðenda á að fá aukinn stuðning. Ef til vill vegna þess að auðveldara sé að fá þátttakendur í prófkjörum til þess að svara ákalli um nýtt blóð, heldur en þá sem stýra stjórnmálaflokkunum.

„Meginniðurstaðan sýnir ekki fram á þau neikvæðu áhrif sem hefur verið haldið fram. Stundum eru áhrifin lítil eða engin, en allt tal um að prófkjör leiði til skelfilegrar niðurstöðu stenst ekki skoðun," segir Gunnar Helgi.

Skýringanna á því að færri konur hljóti þingsæti en karlar sé því ekki að leita í prófkjörsaðferðinni. Frekar ætti að líta til þess að konur hafa að jafnaði verið um 35 prósent þátttakenda í prófkjörum síðastliðin tuttugu ár og til annarra aðferða flokka við val á lista.



**NÝIR ÞINGMENN Á ALÞINGI** Frambjóðendur voru valdir á framboðslista síðasta vor með ólíkum aðferðum en jafngóðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Ísland með mestu reynsluna af prófkjörum



„Það sem er áhugavert er að það er ákaflega lítið vitað um það hvaða áhrif prófkjör hafa á kosningar, en Ísland hefur mestu reynslu allra af því að nota prófkjör. Ýmsu hefur verið haldið fram varðandi áhrif prófkjara, bæði hér heima og alþjóðlega, en þetta hefur í raun lítið verið rannsakað. Við notuðum bara gögnin og reynsluna á Íslandi til að skoða hvað stenst af því sem áður hefur verið haldið fram," útskýrir Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor. Rannsóknin sýndi fram á að prófkjör hafa almennt jákvæð áhrif á þátttöku í stjórnmálum, „Stjórnmálaflokkar alls staðar í heiminum eiga erfitt með að laða að sér fólk, en á Íslandi eru fleiri sem líta á sig sem meðlimi stjórnmálaflokka og enginn vafi á því að prófkjörin leika stórt hlutverk í því. Í könnunum segjast tæplega 30 prósent Íslendinga vera meðlimir í stjórnmálaflokki og 14 prósent segjast vera virkir meðlimir, sem er miklu hærra en í öðrum löndum."


Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir


Eimskip skilar uppgjöri sem sagt er meðalgott og komi lítið á óvart:

# Hagnaður minnkar á milli ára

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Eimskips dregst saman í nýbirtu árshlutauppgjöri. Á þriðja ársfjórðungi hagnaðist félagið um rúmar fimm milljónir evra, eða sem svarar um 834 milljónum íslenskra króna, 11,1 prósenti minna en á sama tíma í fyrra.

Fyrstu níu mánuði ársins nam hagnaður félagsins rúmum 9,6 milljónum evra (tæplega 1,6 milljörðum króna) en var fyrstu níu mánuði 2012 13,7 milljónir evra (tæplega 2,3 milljarðar króna). Samdrátturinn er 29,7 prósent.

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka er uppgjörið sagt í meðallagi gott og fátt koma á óvart.

## Níu mánaða uppgjör Eimskips

| | Jan-sept. '13 | Jan-sept. '12 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Hagnaður | 9,6 m. evra | 13,6 m. evra | -29,7% |
| Rekstrarhagn. (EBITDA) | 29,2 m. evra | 29,9 m. evra | -2,4% |
| Rekstrartekjur | 326,9 m. evra | 315,7 m. evra | 3,6% |

„Ánægjulegt er þó að sjá EBITDA framlegð fjórðungsins hækka frá sama tímabili í fyrra," segir þar en hækkun milli ára nemur þar 5,2 prósentum.

„Tölur fyrir fyrstu níu mánuði ársins sýna þó að EBITDA og EBIT framlegð er að lækka, bæði í krónum talið og í hlutfalli af tekjum." - óká



**Í SUNDAHÖFN** Flutningsgeta Eimskips er sögð hafa aukist um 7,7 prósent með breytingum sem kynntar voru á siglingaáætlun félagsins í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# NÚ ER TÆKIFÆRI

## SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLAR Á TILBOÐI TIL ÁRAMÓTA

NISSAN · SUBARU · ISUZU D-MAX · BMW · LAND ROVER · RENAULT










**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF NÝJUM BÍLUM**

Bjóðum til sölu valda sýningar- og reynsluakstursbíla á sérstökum vildarkjörum til áramóta. Stórglæsilegir bílar á frábæru tilboði meðan birgðir endast.

**Láttu okkur gera þér tilboð í gamla bílinn þinn.**

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12-16**

**Heitt á könnunni – verið velkomin!**









**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |




# Leitað í rústunum allan daginn í gær

Að minnsta kosti 47 manns létust þegar þak verslunarmiðstöðvarinnar í Riga hrundi á fimmtudag. Byggingin var reist árið 2011 og hafði fengið verðlaun fyrir góðan arkitektúr. Verktakafyrirtækin vísa öll á bug ábyrgð á því hvernig fór.

**LETTLAND** Öll fyrirtækin, sem unnið hafa að byggingu og breytingum á Maxima-verslunarmiðstöðinni í Riga, þverneita að hafa brotið lög og vísa á bug allri ábyrgð á því hvernig fór. Þak byggingarinnar hrundi að stórum hluta á fimmtudag, með þeim afleiðingum að 47 manns hið minnsta létu lífið. Björgunarfólk vann við að leita í rústum byggingarinnar í allan gærdag, og hækkaði tala látinna jafnt og þétt eftir því sem fleiri lík fundust.

Ekki er vitað hve margir gætu leynst í rústunum til viðbótar, en síðdegis í gær átti enn eftir að bera kennsl á sex hinna látnu.

Að auki slösuðust 35 og þurfti að senda 28 þeirra á sjúkrahús.

Meðal hinna látnu voru þrír slökkviliðsmenn og meðal hinna slösuðu voru tíu slökkviliðsmenn, en þeir voru komnir snemma á vettvang að leita að fólki til að bjarga þegar meira hrun varð úr þakinu.

Verslunarhúsið var reist árið 2011 og hafði fengið verðlaun fyrir góðan arkitektúr. Verið var að vinna að breytingum á þaki hússins þegar það hrundi.

Verktakar voru að leggja þar göngustíga og koma fyrir bekkjum, því ofan á þakinu átti að vera lítið útivistarsvæði.



**LEITAÐ Í RÚSTUNUM** Tala látinna hækkaði jafnt og þétt þegar leið á daginn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Talið er að of mikið af efni hafi verið geymt í pokum á þakinu þar sem það hrundi. Úrkoma síðustu daga er hugsanlega einnig talin hafa átt þátt í því að þakið þoldi ekki álagið.

Um 500 fermetra svæði af þakinu gaf sig og jafnframt eyðilagðist stór hluti af veggjum byggingarinnar.

Á blaðamannafundi í gær sögðust fulltrúar verktakanna, sem reistu húsið og unnu að breytingunum, ekki hafa farið á svig við neinar reglur. Þakið hafi síðast verið skoðað á þriðjudaginn og ekkert athugavert komið í ljós, að því er fram kemur á fréttavefnum Baltic Course.

Í tilkynningu á heimasíðu Maxima, fyrirtækisins sem rak verslunina, segir hins vegar að fyrirtækið muni gera allt sem í þess valdi stendur til að aðstoða fórnarlömb þessa harmleiks. Meðal annars muni fyrirtækið greiða fyrir allan sjúkra- og meðferðarkostnað þeirra sem slösuðust, ásamt því að greiða fyrir útför þeirra sem létust og veita aðstandendum þeirra stuðning.

gudsteinn@frettabladid.is






**MÓTMÆLI KIEV** Um þúsund manns tóku í fyrrakvöld þátt í mótmælum gegn ákvörðun þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Úkraínustjórn vill hafa Rússland með í ráðum:

# Tímósjenkó býðst til að fórna sér fyrir ESB

**ÚKRAÍNA** Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, segist reiðubúin til að hvetja Evrópusambandið til að falla frá kröfu um að hún verði látin laus úr fangelsi, ef það megi verða til þess að Úkraínustjórn undirriti samstarfssamning við ESB á leiðtogafundi þess í næstu viku.

Tímósjenkó hefur afplánað tvö ár af sjö ára fangelsisdómi fyrir spillingu, en Mannréttindadómstóll Evrópu komst í vor að þeirri niðurstöðu að handtaka hennar hefði orkað tvímælis.

Úkraínustjórn hefur unnið að samstarfssamningi við Evrópusambandið, sem til stóð að undirrita í næstu viku, en stjórnin hætti við nú í vikunni vegna þess að hún treysti sér ekki til að uppfylla það skilyrði ESB að Tímósjenkó fái heimild til að leita sér lækninga utan Úkraínu.

Þess í stað vill stjórnin að skipuð verði sameiginleg nefnd með fulltrúum frá Úkraínu, ESB og Rússlandi, sem fái það verkefni að bæta tengslin milli ESB og landanna tveggja.

Rússnesk stjórnvöld hafa verið mjög andsnúin því að Úkraína styrki tengslin við Evrópusambandið, en langvarandi pólitískur ágreiningur hefur verið innan Úkraínu um það hvort landið eigi frekar að halla sér að Rússlandi eða Evrópu. - gb

## Rússar sagðir hóta Úkraínustjórn

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, fordæmdi í vikunni þann þrýsting, sem Rússar eru sagðir hafa beitt Úkraínustjórn í þessu máli: „Fréttir um að Rússar hafi heldur betur aukið þrýsting á Úkraínu. Ruddaleg pólitík hótana og kúgunar. Vilja undirgefni,“ skrifaði Bildt á Twitter-síðu sína.

Íbúar í austurhluta Úkraínu líta margir nánast á sig sem Rússa og vilja hafa tengslin við Rússland áfram sem nánust. Íbúar vesturhlutans líta hins vegar frekar á sig sem Úkraínumenn og vilja heldur tengjast Evrópu en Rússlandi.




# RENNA MILLJÓNIR TIL ÞÍN?

**Fimmfaldur Lottópottur** stefnir í **47 flughálar milljónir.**
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

23/11 2013 | WWW.LOTTO.IS

FÍTON / SÍA

THE EUROPEAN LOTTERIES
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION
WLA

facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó
á **facebook.com/lotto.is**

# LA-Z-BOY®




## EKKI MISSA AF ÞESSU!





**64.990**
FULLT VERÐ: 79.990

**EMPIRE** La-z-boy stóll.
Áklæði fjóri litir.
B:80 D:70 H:102 cm.



**79.990**
VERÐ: 109.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.
B:80 D:85 H:102 cm.



**99.990**
FULLT VERÐ: 119.990

**AROS** La-z-boy stóll. Grátt, brúnt eða ljóst ákæði.
B:85 D:90 H:107 cm.



**99.990**
VERÐ: 119.990

**RIALTO** La-z-boy stóll. Svart, grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.
B:80 D:85 H:102 cm.



**129.990**
VERÐ: 159.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.



**149.990**
VERÐ: 169.990

**MARTINI** La-z-boy stóll.
Svart leður. Martini er einnig til í áklæði
B:80 D:87 H:101 cm.



**149.990**
VERÐ: 179.990

**PINNACLE LZB**-stóll
Leður fimm litir.
B:80 D:85 H:104 cm.



**169.990**
FULLT VERÐ: 199.990

**CARDINAL** La-z-boy stóll.
Svart leður.
B:96 D:100 H:107 cm.

## FALLEGIR ARNAR – JÓLASENDINGIN KOMIN



**ARINN ASHLEY**
Hvítur B:122 D:35 H:106 cm



**ARINN ASHLEY**
Svartur B:122 D:35 H:106 cm



**ARINN CHATEAU**
Svartur B:104 D:30 H:95,5 cm



**ARINN CHATEAU**
Expresso B:104 D:30 H:95,5 cm

MERIDIAN
**69.990**
VERÐ: 79.990

ASHLEY
**119.990**
VERÐ: 149.990

HORN CHATEAU
**99.990**
VERÐ: 129.990

CHATEAU
**99.990**
VERÐ: 129.990

GABRIELLE
**139.990**
VERÐ: 159.990

KRISTINE
**149.990**
VERÐ: 179.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

AVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK




AÐEINS **15.689** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** 2JA SÆTA SÓFI

# 179.990

FULLT VERÐ: 199.990

AÐEINS **16.552** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** 3JA SÆTA SÓFI

# 189.990

FULLT VERÐ: 209.990

**LARAMIE** sófasett
microfiber áklæði.
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

AÐEINS **8.789** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**ATTIC** SÓFABORÐ

# 99.990

FULLT VERÐ: 119.990

AÐEINS **13.102** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** STÓLL

# 149.990

FULLT VERÐ: 169.990



**LARAMIE** Hornsófi.
Brúnt microfiber. D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

AÐEINS **34.664** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE**
HORNSÓFI

# 399.990

FULLT VERÐ: 449.990

AÐEINS **14.827** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE**
HÆGINDASTÓLL

# 169.990

FULLT VERÐ: 199.990



**Broyhill®**

- ★ STOFNAÐ 1905 Í USA
- ★ SÉRVALIÐ LEÐUR EÐA ÁKLÆÐI
- ★ HANDUNNIÐ Í USA
- ★ EINSTÖK ÞÆGINDI OG ENDING
- ★ DURACOIL™ POKAGORMAR Í SESSUM
- ★ ALVÖRU AMERÍSK ÞÆGINDI!



Brúnt microfiber.
B: 280 D:170 H: 95 cm.

AÐEINS **34.664** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**MIDLAND**
TUNGUSÓFI

# 399.990

FULLT VERÐ: 449.990

AÐEINS **32.939** KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**HOLLANDER**
3JA SÆTA SÓFI

# 379.990

FULLT VERÐ: 429.990



Ekta leður, dökk brúnt. 3 sæta
B:220 D:95 H:90 cm. Einnig til 2ja sæta og stóll.

realflame KR. **790** DÓSIN




**ÖRUGGT OG UMHVERFISVÆNT.**
Real Flame arinn-eldsneyti í dós. Real Flame gelið er snarkandi og róandi á köldum haust-dögum. Sótar ekki. Logar í þrjár klukkustundir.

KASSI 24 DÓSIR 15% AFSLÁTTUR KR. 16.116



**ARINN KRISTINE** Mahogany
B:117 D:34 H:101 cm

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

G Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

Innlendir framleiðendur bjóða útlendan kjúkling:

# Ofurkjúklingur lækkar flugið

Afstaða innlendra kjúklingaframleiðenda til innflutnings á útlendu kjúklingakjöti hefur tekið ánægjulegum breytingum, ef marka má fréttir síðustu daga.

Talsmenn stóru verksmiðjubúanna sem framleiða kjúkling ofan í okkur voru lengi vel á móti frjálsum innflutningi á erlendu kjúklingakjöti. Þeir héldu því einkum á lofti að íslenzki kjúklingurinn væri svo miklu heilnæmari og öruggari en útlendir frændur hans og meðal annars þess vegna ætti að viðhalda ofurtollum á innfluttan kjúkling – til að vernda neytendur fyrir hugsanlegum matarsýkingum.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Samt gilda strangari reglur um innfluttan kjúkling en innlendan. Hann verður að vera frystur til að koma í veg fyrir kamfýlóbaktersmit og hafa vottorð um að hann sé salmonellufrír.

Þegar kamfýlóbakter- og salmonellusýkingar fóru að hrjá íslenzk kjúklingabú fyrir nokkrum árum og ollu kjúklingaskorti neituðu stjórnvöld að rýmka um innflutning á kjúklingi með því að lækka tolla. Þáverandi landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, hélt því þá ennþá fram að íslenzki kjúklingurinn væri heilbrigðari en sá útlendi.

Þegar sýkingarnar voru farnar að valda stóru framleiðendunum búsifjum, fóru þeir fram á að slakað yrði á heilbrigðisreglum fyrir innlenda framleiðslu og leyft að setja salmonellusýktan kjúkling úr eldishópum á markað með því skilyrði að hann yrði fulleldaður til að drepa bakteríurnar. Því höfnuðu stjórnvöld sem betur fór.

Á dögunum olli Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, dálitlu uppnámi þegar hann sakaði innlenda kjúklingaframleiðendur um að flytja inn frosinn erlendan kjúkling, þíða hann og selja sem ferskan íslenzkan kjúkling. Neytendasamtökin báru þetta undir kjúklingabúin, sem sóru slíka viðskiptahætti af sér.

Það var bara verst að þær yfirlýsingar stönguðust á við viðtal við Jón M. Jónsson, einn af eigendum Ísfugls, á Bylgjunni nokkrum dögum áður. Hann viðurkenndi þar greiðlega að það að þíða kjúkling og umpakka hefði „tíðkast hjá öllum fyrirtækjunum í bransanum“. Svo tók hann fram að Ísfugl ætlaði að hætta þessu. Í framhaldi af gagnrýni þingmannsins hafa allir stóru kjúklingaframleiðendurnir lofað að merkja innlenda kjúklinginn sérstaklega.

Innlend kjúklingabú eru á meðal þeirra sem hafa fengið kvóta á lægri tollum til að flytja inn kjúklingakjöt. Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi viðurkenndi sölu- og markaðsstjóri Reykjagarðs að innflutti kjúklingurinn væri notaður í unnar matvörur og líka seldur beint til mötuneyta og veitingahúsa.

Viðhorfið er augljóslega breytt. Innlendu kjúklingaframleiðendurnir hafa fulla trú á útlenda kjúklingnum, fyrst þeir hafa verið til í að kynna hann fyrir neytendum sem íslenzkan kjúkling og sjá ekkert að því að nota hann í vörur sínar.

Þá er hins vegar líka orðið alveg æpandi augljóst að rökin um íslenzka ofurkjúklinginn voru allan tímann tómur fyrirsláttur.

Út frá hagsmunum neytenda er bezt að innflutningur á kjúklingakjöti sé frjáls og tollalaus, að sömu ströngu heilbrigðisreglur gildi um innlent kjöt og innflutt og að allar vörur séu merktar rækilega þannig að fólk átti sig á því hvaðan þær koma. Þá hafa neytendur frjálst val og samkeppnin er sanngjörn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Árekstur á Arnarhóli

Í vikunni varð árekstur á milli forsætisráðherra og Seðlabankans, þótt Arnarhóllinn skilji aðsetur þeirra vel í sundur. Áreksturinn gat ekki komið þeim sem til þekkja í opna skjöldu. Orsakir hans eru kunnar en afleiðingarnar eiga eftir að koma fram.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem skoðunum ráðherra og Seðlabankans lýstur saman. Frá gildistöku Seðlabankalaganna á fyrsta ári aldarinnar má finna dæmi frá tíð allra ríkisstjórna þar sem ráðherrar gagnrýna vaxtaákvarðanir bankans. Ýmist hafa þær verið álitnar óskiljanlegar eða að mat á áhrifum þeirra hefur verið annað sunnan megin Arnarhólsins en norðan.



Af tveimur ástæðum er erfitt fyrir ráðherra að kasta hnútum í Seðlabankann vegna vaxtaákvarðana. Þær eru annars vegar teknar lögum samkvæmt til að fylgja fram efnahagsstefnu ríkisstjórna á hverjum tíma og hins vegar á grundvelli verðbólgumarkmiðs sem þær bera stjórnskipulega ábyrgð á en ekki bankinn.

Ekki hafa þó verið sjáanleg eftirmál af þessum árekstrum. En þeir sýna að ríkisstjórnir og Seðlabankinn hafa í of mörgum tilvikum stefnt í ólíkar áttir, hver eftir sínum vegpresti. Afleiðingarnar hafa aftur á móti komið fram í heimilisbókhaldi landsmanna.

Árekstur forsætisráðherra og Seðlabankans í vikunni er harkalegri en fyrri árekstrar sem orðið hafa vegna vaxtaákvarðana. Yfirmenn bankans eru nú sagðir hafa blandað sér í pólitík og farið út fyrir hlutverk sitt með því að vara við niðurgreiðslu húsnæðisskulda með seðlaprentun þegar þeir svöruðu spurningum fyrir þingnefnd. Þar sem hlutverk Seðlabankans er lögbundið felst í þessu ásökun um lögbrot.

## Afleiðingin er brestur í trúverðugleika

Skuldaniðurgreiðslutillögurnar hafa ekki verið birtar. Þegar svör yfirmanna Seðlabankans verða forsætisráðherra tilefni til að lýsa því yfir að hann ætli ekki að láta þá stöðva áformin er hann þó í raun að gefa til kynna að fyrirspyrjandinn á þingnefndarfundinum hafi farið nærri lagi um efni þeirra.

Í Seðlabankalögunum segir að bankinn skuli „stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu…“ Samkvæmt bókstaf laganna er meginmarkmiðið svo „að stuðla að stöðugu verðlagi“. Með öðrum orðum: Bankanum er óheimilt að framfylgja ríkisstjórnarstefnunni ef hún stangast á við meginmarkmiðið um stöðugt verðlag.

Að þessu virtu sýnist álitamálið vera þetta: Annaðhvort áforma yfirmenn Seðlabankans að brjóta gegn því lagaákvæði að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar eða að væntanlegar tillögur stangast á við það lögbundna meginhlutverk bankans að stuðla að stöðugu verðlagi. Þó að forsætisráðherra hafi gefið í skyn hvernig ætlunin er að fjármagna niðurgreiðslurnar er óvarlegt fyrr en tillögurnar sjást að staðhæfa hvort líklegra er að honum eða yfirmönnum Seðlabankans skriki fótur.

Fari sem horfir er engin málamiðlun sýnileg. Árekstur af þessu tagi hlýtur að hafa afleiðingar. Annar hvor aðilinn tapar trúverðugleika sínum. Hvorugur getur búið við það.

Að vísu er unnt að breyta Seðlabankalögunum og afnema stöðugleikamarkmiðið eða heimila bankanum að vinna að tveimur gagnstæðum markmiðum samtímis. En hætt er við að þá fjúki trúverðugleiki beggja út í veður og vind. Það yrði versta niðurstaðan fyrir efnahag heimilanna.

## Tvær hliðar á miklu loforði

Í byrjun maí var það álit látið í ljós á þessum vettvangi að líklegt væri að ágreiningur myndi rísa milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar ef nýr stjórnarsáttmáli yrði byggður á tillögum Framsóknarflokksins um niðurgreiðslu húsnæðisskulda. Áreksturinn í vikunni bendir til að þær líkur hafi aukist.

Á loforði Framsóknarflokksins voru tvær hliðar. Annars vegar var fyrirheit um mestu niðurgreiðslu húsnæðisskulda í heiminum. Hins vegar var loforð um að kostnaðurinn myndi ekki lenda á ríkissjóði eða skattgreiðendum, hvorki beint með sköttum né óbeint eftir leiðum verðbólgunnar.

Lögin um Seðlabankann kveða skýrt á um að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Með gagnrýni sinni á Seðlabankann lét forsætisráðherra í veðri vaka að Seðlabankinn eigi að fjármagna niðurgreiðsluna. Ef það er raunin er það sami hluturinn og að láta ríkissjóð kosta hana beint.

Engu er líkara en forysta Framsóknarflokksins meti stöðuna svo að hún geti ekki uppfyllt hvort tveggja niðurgreiðsluloforðið og skaðleysi skattgreiðenda af fjáröfluninni. Umræðan hefur meir snúist um að standa verði við gefið loforð en minna um efnahagslega skynsemi þess. Í því ljósi er rétt að draga líka fram þessa hlið loforðsins sem gjarnan gleymist. Er ekki siðferðilega jafn rangt að svíkja þá hlið loforðsins eins og hina?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin ( við faxafen)

Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur

# Troðfull verslun af merkjavörum!

# 40%-60%

afsláttur

# af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET TO HEAVEN hummel POLO RALPH LAUREN

# Jafna sem ekki gengur upp

NÁTTÚRUVERND



**Tryggvi Felixson**
auðlindahagfræðingur og situr í stjórn félagsins „Vinir Þjórsárvera“

Á vorþingi 2013 var samþykkt þingsályktun um verndar- og orkunýtingaráætlun sem skipar hugmyndum um Norðlingaölduveitu í „verndarflokk“. Mörk þessa svæðis eru Þjórsá frá upphafskvíslum allt suður að Sultartangalóni. Þar sem vatnasviði að austan hefur þegar verið raskað með Kvíslaveitum er aðeins um vatnasviðið að vestan að ræða.

Í júní hugðist umhverfisráðherra fylgja ákvörðun Alþingis og stækka friðlandið í Þjórsárverum. Landsvirkjun brást illa við þessu og gleymdi með öllu gefnum loforðum, að lúta niðurstöðu rammaáætlunar. Ráðherra var hótað lögsókn færði hann út friðlandsmörkin. Þetta stöðvaði friðlýsingarferlið.

Nú berast þau tíðindi að Landsvirkjun sé tilbúin með nýja útfærslu á Norðlingaölduveitu sem vel geti farið saman með verndun Þjórsárvera. Umhverfisráðherra virðist ekki útiloka að svo geti verið.

Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun segir: „stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og nýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landssvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar“. Í skýringum við frumvarpið er tekið fram að virkjunarsvæði í vatnsafli miðist við allt vatnasvið fallvatns ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallsvatnsins neðan virkjunar.

Einnig er tilgreind sú meginregla að hvers konar framkvæmdir og rannsóknir vegna virkjunarkosta í verndarflokki séu óheimilar. Samkvæmt þessu eru forsendur fyrir Norðlingaölduveitu brostnar. Nýjar útfærslur fá því ekki breytt.

Að baki er yfir 40 ára barátta fyrir verndun Þjórsárvera. Margt hefur áunnist á þeim árum. Tillögur um mannvirki hafa hægt og bítandi breyst frá því að vera mannvirki sem valda myndu algjörri eyðingu náttúrufars á svæðinu í eitthvað minna, en sem engu að síður mun valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Norðlingaölduveita verður ekki reist án mannvirkja sem eyða víðernum og veita vatni frá einum glæsilegustu fossum landsins. Nú er mál að linni. Vinir Þjórsárvera hvetja umhverfisráðherra að friðlýsa svæðið í samræmi við lögin. Félagið biður Landsvirkjun að sætta sig við orðinn hlut, standa við gefin loforð, lifa í sátt með þjóðinni sem á fyrirtækið og bera ekki fleiri sprek (almannafé) á bál ófriðar.

**➜ Nú berast þau tíðindi að Landsvirkjun sé tilbúin með nýja útfærslu á Norðlingaölduveitu sem vel geti farið saman með verndun Þjórsárvera. Umhverfisráðherra virðist ekki útiloka að svo geti verið.**






# Gjaldeyrishöft lama atvinnulífið

EFNAHAGSMÁL



**Svana Helen Björnsdóttir**
formaður Samtaka iðnaðarins

Þegar gjaldeyrishöftunum var komið á haustið 2008 gerðu fæstir ráð fyrir því að þau væru komin til vera. Nú eru liðin fimm ár og viðhorf margra er orðið að þau séu bara ágæt; íslenska þjóðin hafi lengst af lifað við höft og þau séu í raun ágætis vörn fyrir efnahagslífið. En er það svo? Það vefst fyrir mörgum að greina skaðann og kostnaðinn af höftunum. Hann er nefndur fórnarkostnaður, þ.e. sá kostnaður eða skaði sem hlýst af því að geta ekki nýtt tækifæri. Töpuð tækifæri til fjárfestinga á Íslandi annars vegar og tapaðir möguleikar Íslendinga til fjárfestinga erlendis hins vegar. Til lengri tíma birtist skaðinn í minni hagvexti, minni verðmætasköpun og minni atvinnusköpun. Tjónið fer vaxandi eftir því sem haftatímabilið lengist.

Hluta skaðans er hægt að meta, t.d. óhagræði einstakra fyrirtækja og lífeyrissjóða sem ekki geta dreift áhættu í fjárfestingum sínum. Þetta birtist í lakari afkomu fyrirtækja og kemur fram síðar í minni lífeyri þeirra sem nú bera þjóðfélagið uppi með vinnu sinni. Fjárfestingar á Íslandi hafa verið í sögulegu lágmarki frá hruni. Gjaldeyrishöftin eru ein af meginástæðum þess að almennt traust ríkir ekki á íslensku efnahagslífi sem aftur leiðir til lítilla fjárfestinga. Vegna haftanna vaxa fjárfestingar ekki hér á landi og fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu eru hættulega lágar. Að óbreyttu er hætt við að við náum ekki að halda uppi framleiðslustigi hagkerfisins.

Hin blákalda staðreynd er sú að gjaldeyrishöft hamla atvinnulífi á Íslandi og halda lífskjörum landsmanna niðri. Þau eru hemill á heilbrigða samkeppni og þeir sem mæla þeim bót njóta af einhverjum ástæðum fákeppninnar. Þótt flestir séu sammála um nauðsyn þess að aflétta þeim eru leiðir til þess vandfundnar. Höftunum verður ekki aflétt nema þjóðarbúinu takist að afla nægs gjaldeyris til að greiða erlendum kröfuhöfum bankanna og þeim aðilum sem þurfa gjaldeyri vegna skulda sinna í erlendri mynt. Ef ekki er til nægur gjaldeyrir hrynur krónan með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þess vegna eru jú höftin – til þess að krónan hrynji ekki.

Leiðin út úr höftunum er því miður vörðuð blóði, svita og tárum. Afla verður nægs gjaldeyris til þess að standa undir öllum skuldunum ásamt auknni fjárfestingu, viðskiptajöfnuður við útlönd verður að vera jákvæður um margra ára skeið. Gjaldeyrissparandi aðgerðir verða að lúta þeirri kröfu að draga ekki úr framleiðni þjóðfélagsins því annars leiða þær til enn verri lífskjara. Tækifærin liggja í útflutningsgreinum sem skila mikilli framleiðni samhliða gjaldeyrinum. Slíkar greinar eru gjarnan þær sem eru afrakstur langs rannsóknar- og þróunarstarfs, t.d. vörur sem hafa verið þróaðar úr fiskslógi og virðast geta stóraukið verðmæti sjávarfangs.

Núverandi ríkisstjórn hefur kosið að minnka framlög til rannsóknar- og þróunarstarfs, öfugt við Svíþjóð og Finnland sem gengu í gegnum kreppu í upphafi 9. áratugarins. Þessar þjóðir stórefldu rannsóknir og þróun og uppskáru ríkulega. Einnig hætti ríkisstjórnin viðræðum um aðild að Evrópusambandinu og eyðilagði þar með möguleika okkar til að ganga í efnahags- og myntsamstarf Evrópusambandsins sem hefði aukið stöðugleika krónunnar og auðveldað afnám haftanna.

Gjaldeyrishöftin bjaga allt viðskiptaumhverfið. Því miður virðist þjóðin smám saman vera að laga sig að þessum óeðlilegu aðstæðum. Öll fjármálastjórn fyrirtækja, heimila, ríkissjóðs og lífeyrissjóða tekur mið af höftum. Sú staðreynd að við erum enn með fólt líka birtingarmynd þess að engin framtíðarsýn er á fyrirkomulag íslenskra peningamála. Að öllu óbreyttu mun ástandið aðeins versna.

**➜ Gjaldeyrishöftin eru ein af meginástæðum þess að almennt traust ríkir ekki á íslensku efnahagslífi sem aftur leiðir til lítilla fjárfestinga.**
















Jólaleikur barnanna
TEIKNAÐU GARÐHEIMA
–HVER FÆR VERÐLAUN?

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Skipuleggur tónleika

## Helga Möller söngkona

Dagurinn í dag fer í skipulagningu æfinga fyrir tónleikana mína en hljómsveitin Celsius hittist einmitt þá og suma hef ég bara ekki séð í um 30 ár. Spennandi. Núna er líka alveg að verða uppselt á tónleikana mína í Austurbæ 30. nóvember, tæplega þrjátíu miðar eftir svo það fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða. Sunnudagurinn fer í hvíld fyrir annasama komandi viku.



Ritlist og knæpur

## Eiríkur Örn Norðdahl skáld

Ég ætla að kenna unglingum ritlist í Norræna húsinu, hanga með vinum mínum á knæpum og kíkja á bókamessu í Reykjavík. Svo verður reyndar ekki bundinn endi á helgina fyrr en á mánudagskvöld með epísku ljóðakvöldi á Loft Hostel.



Skíðaferð með fjölskyldunni

## Hjördís Sigurjónsdóttir, blaðamaður og nemi

Vonandi verður hægt að fara á skíði í Bláfjöllum í dag, við erum að reyna að gera skíðaíþróttina að fjölskyldusporti. Svo er ég í ritgerðarvinnu og þarf að veita henni einhverja athygli um helgina.



Fagnar með Hlín

## Viðar Eggertsson Útvarpsleikhússtjóri

Í dag ætla ég í 60 ára afmælisveislu vinkonu minnar, Hlínar Agnarsdóttur, þar sem nokkrar eðalleikkonur leiklesa nýtt leikrit eftir afmælisbarnið. Á sunnudaginn ætla ég að mæta í Aðventuglaðning í hádeginu í Borðstofunni í Hannesarholti.



Flautuleikur og píanó

## Sjálfsmynd í Salnum

**Útgáfutónleikar** Flautuleikarinn Emilía Rós Sigfúsdóttir gefur út í vikunni sinn fyrsta geisladisk, Portrait. Hann hefur að geyma nokkur eftirlætisverk Emilíu Rósar fyrir flautu og píanó sem hafa fylgt henni um lengri eða skemmri tíma. Í tilefni af útkomu Portrait munu Emilía Rós og píanóleikarinn Ástríður Alda Sigurðardóttir flytja efni af disknum á útgáfutónleikum í Salnum, Kópavogi 24. nóvember kl 20. Á efnisskrá eru verk eftir Franz Schubert, Pierre Sancan, Gabriel Fauré, Tarek Younis, André Jolivet og Atla Heimi Sveinsson.



Léttleiki tilverunnar

## Ferðalag um fornar slóðir

**Vintage** Söngkonan og píanóleikarinn Margrét Sigurðardóttir og hljómsveit flytja tónleikadagskrána Vintage nú um helgina á tvennum tónleikum. Þeir fyrri verða í Guðríðarkirkju á föstudagskvöldið klukkan átta og þeir síðari í Hannesarholti við Grundarstíg 10 á sunnudaginn klukkan tvö. Margrét segir tónleikana ferðalag um fornar slóðir – þetta sé tónlistin sem sungin var á klúbbum í Berlín á fyrstu áratugum síðustu aldar og undir Parísarhimni um miðbik aldarinnar. „Hér er sungið um léttleika tilverunnar, ástina og dauðann,“ segir Margrét.



Útvarpsleikhúsið

## Hermaður á bóndabýli

**Frumflutningur** Útvarpsleikhúsið frumflytur nýtt leikrit eftir Kristínu Ómarsdóttur á sunnudaginn klukkan 13.00. Leikritið fjallar um hermanninn Rafael sem kemur á bóndabýli þar sem rekið er heimili fyrir börn. Hann myrðir alla heimilismenn, unga sem aldna en einnig félaga sína tvo, því hann vill hlaupast undan stríðinu sem stendur yfir og gerast bóndi. Meðal leikenda eru Brynhildur Guðjónsdóttir, Hilmir Jensson og Hjörtur Jóhann Jónsson. Leikstjórn er í höndum Bjarna Jónssonar.



**ORÐHÁKAR** Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir stjórna þættinum Orðbragði. Segja í lagi að beygja reglurnar en ekki að brjóta. MYND/STEFÁN

# Bíða eftir fyrsta „lækinu“

Á sunnudagskvöld verður frumsýndur á RÚV nýr þáttur um íslenskt mál sem heitir Orðbragð. Stjórnendur þáttarins segjast hafa kynnst nýjum hliðum á íslenskri tungu og hvort öðru.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is

Við erum að teygja og toga tungumálið, leika okkur með það, umfaðma það, knúsa og snúa á hvolf. Það eru liðin þrjátíu ár síðan sjónvarpsþættir voru gerðir um íslenskt mál, og það voru strangir kennsluþættir í framburði. Það var því kominn tími til að gera nýja og skemmtilega þætti um þetta skemmtilega fyrirbæri, tungumálið,“ segir Brynja Þorgeirsdóttir sem hafði lengi langað að búa til þátt af þessu tagi og fékk því Braga Valdimar í lið með sér.

„Brynja hringdi í mig. Hún var með í kollinum að gera þátt um íslensku. Ég þurfti reyndar að hugsa mig tvisvar um en það sem seldi mér á endanum hugmyndina var að þátturinn átti að vera skemmtilegur! Við ákváðum að láta á þetta reyna. Nálgast tungumálið á nýjan hátt og skoða það frá öllum hliðum,“ segir Bragi Valdimar.

„Ég fann strax ákveðna andlega tengingu við Braga því hann ólst upp með nefið ofan í bókum eins og ég, og maður verður dálítið skrítinn af því,“ segir Brynja. „Við erum bæði dálítið skrítin. Hann er frekar feiminn og til baka við fyrstu kynni sem kemur kannski á óvart út af öllu sprellinu í Baggalúti, en eftir því sem við kynntumst kom betur og betur í ljós hversu mikið afbragðseintak af manneskju þetta er, hlýr, skemmtilegur og hæfileikaríkur, og bara góð manneskja. Við göngum eins og einn maður í þessu verkefni,“ segir Brynja.

***Lærðuð þið eitthvað nýtt af því að kafa ofan í tungumálið?***

**Bragi:** „Ég veit ekki hvort ég hef lært einhver ósköp en að minnsta kosti styrktist ég í þeirri trú að það sé margt við íslenskuna sem á eftir að skoða. Möguleikar tungumálsins eru í raun ótakmarkaðir ef maður tekur því mátulega alvarlega. Ég held líka að það sé allt í lagi að vera þokkalega stífur þegar kemur að reglunum. Það þarf að passa að við missum ekki tökin á tungumálinu. Það má beygja reglurnar hressilega en ekki brjóta. Þá erum við komin í vond mál. Tungumálið er í raun það eina sem við eigum eftir – þegar fótboltinn er farinn er bara beygingakerfið eftir.“

**Brynja:** „Tungumálið er svo frjótt, lifandi og skemmtilegt, og það er hægt að gera svo margt sniðugt við það. Það er síbreytilegt og ný orð og orðmyndir verða til á hverjum degi, enda alltaf að verða til ný og ný fyrirbæri sem þarf að finna orð fyrir. Þetta er algjör suðupottur.“

Spurð um uppáhaldsnýyrðið sitt í íslensku segir Brynja:

„Þau eru mörg sniðug, þyrla er til dæmis frábært orð yfir það sem fyrst var kallað þyrilvængja eða helikopter. Það eru samt misheppnuðu nýyrðin sem eru í uppáhaldi hjá mér. Orð eins og „sjálfrennireið“ yfir bíl, „dranghús“ fyrir háhýsi og „togleðurshringur“ sem menn bjuggu til fyrir gúmmídekk. Þetta eru allt einkar skemmtileg orð en fengu aldrei útbreiðslu, af skiljanlegum ástæðum kannski!“

Bragi segist bíða spenntur eftir viðbrögðunum við þættinum á samfélagsmiðlunum. „Já, maður hlýtur að bíða eftir fyrsta „lækinu“, er það ekki?“ segir hann. Spurður hvort „læk“ sé orðið löglegt íslenskt orð segir hann. „Tja, það er allavega með umsóknaraðild, í aðlögunarferli …“

> Við ákváðum að láta á þetta reyna. Nálgast tungumálið á nýjan hátt og skoða það frá öllum hliðum.
>
> *Bragi Valdimar*

# Unglingsstúlka í megrunarbúðum

Síðasta myndin í paradísarþríleik Ulrich Seidl frumsýnd í Bíói Paradís. Fjallar um megrunarbúðir unglinga. Leikstjórinn situr fyrir svörum.

Austurríski leikstjórinn Ulrich Seidl mun svara spurningum bíógesta í Bíói Paradís um helgina. Kvikmynd hans Paradís: Von verður frumsýnd í Bíói Paradís á laugardagskvöld en hún er síðasta myndin í Paradísarþríleik hans sem vakið hefur mikla athygli.

Fyrsta myndin í þríleiknum, Paradís: Ást, var sýnd í Bíói Paradís í sumar. Myndin sagði frá kynlífsferðum miðaldra kvenna til Kenía og vakti mikla athygli. Önnur myndin Paradís: Trú, fjallaði um konu á sextugsaldri sem helgar líf sitt Jesú Kristi. Hún er nú í sýningum í Bíói Paradís. Þriðja og síðasta myndin, Paradís: Von, fjallar um þrettán ára stúlku sem eyðir sumarfríi sínu í megrunarbúðum úti á landi í Austurríki. Á milli líkamsæfinga og næringarfræðitíma, koddaslags og þess að fikta við reykingar, þá verður hún ástfangin af fertugum manni, og í sakleysi sínu reynir að tæla hann eftir mestum mætti.

Myndirnar þrjár verða allar sýndar í Bíói Paradís um helgina og mun Ulrich Seidl sitja fyrir svörum eftir frumsýningu Paradís: Von á laugardagskvöldið klukkan 20.00 og sýningu á eldri mynd hans Import/Export á sunnudaginn klukkan 18.00. - sb



**LEIKSTJÓRINN** Ulrich Seidl verður viðstaddur sýningu myndarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# JÓLAGJÖFIN 2013

er lífsstílsbók samkvæmt Rannsóknarsetri verslunarinnar




Vildartilboð kr. 4.199
Verð áður kr. 4.999




Vildartilboð kr. 5.899
Verð áður kr. 6.999




Ævintýraleg hárgreiðslubók með yfir 60 ólíkum útfærslum af greiðslum fyrir hárprúðar stelpur.

Vildartilboð kr. 4.699
Verð áður kr. 5.499




Kjúkling má nýta á ótrúlega margvíslegan hátt, jafnt í ódýra hversdagsrétti sem fínasta veislumat.

Verð kr. 3.999




Skemmtilegar og einfaldar hekluppskriftir fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

Verð kr. 4.299




Grunnaðferðir eru sýndar og útskýrðar og hvernig fylgja á munsturteikningum og vinna sig áfram.

Verð kr. 7.999




Gagnleg og tímabær bók um kjölfestu hamingjunnar: nærandi og örugg tengsl við annað fólk.

Verð kr. 3.699




Sýnt er hvernig á að farða, skyggja og draga fram náttúrulega fegurð andlitsins.

Vildartilboð kr. 4.499
Verð áður kr. 5.299




Alhliða hlaupabók sem nýtist bæði þeim sem eru að reima á sig hlaupaskóna í fyrsta sinn og reyndari hlaupurum.

Verð kr. 3.999




Matgæðingar þekkja matarblogg Ragnars Freys og hér hefur hann búið til glæsilega bók um þann freistandi mat sem hann þekkir vel.

Verð kr. 5.999




MINNUM Á GJAFAKORT EYMUNDSSON

5% afsláttur
Skráðu þig í næstu heimsókn.

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN — Eymundsson, Bóksali frá 1872

540 2000 | eymundsson@eymundsson.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 23. nóvember til og með 25.nóvember eða á meðan birgðir endast.

**Liggjum og lesum í boði Borgarbókasafnsins alla Bókamessuna í lestrarhorni í Tjarnarsal.**

**Skilurðu handritaskrift?**

Spreyttu þig á að skrifa texta eftir handriti úr fórum Árna Magnússonar og taktu þátt í skemmtilegum leik. Vegleg verðlaun í boði fyrir góða skrifara.

Njóttu þess að blaða í nýjum bókum í Ráðhúsinu um helgina.

**Upp með puttana!**

Taktu þátt í stærsta puttaprjónsverkefni sem sögur fara af með Stínu stórusæng eða gríptu í trefilinn langa og taktu þátt í að prjóna hannyrðasöguna.

**Bjartasta brosið**

Sýndar verða myndir úr Brosbókinni eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og Elsu Nielsen á gangi Ráðhússins. Krakkar geta teiknað brosmyndir á meðan á messunni stendur og tekið þátt í keppni um flottustu brosmyndina.

# Velkomin á Bókamessu í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina..

**Skoraðu á Gunnar Helgason,** höfund Rangstæður í Reykjavík, í fúsbolta! Milli 14 -15 báða dagana.

**FJÖLBREYTT DAGSKRÁ.**
**TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIKJUM OG GLUGGAÐU Í NÝJAR BÆKUR.**

**Skoppa og Skrítla**

Stígðu inn í bók til Skoppu og Skrítlu og vertu hluti af ævintýrinu. Skoppa og Skrítla heimsækja Bókamessu kl. 16 báða dagana.




**Bókatíðindi eru komin hús um land allt, þar finnur þú nýju uppáhalds bækurnar þína.**

**Ganga með Hjörleifi Stefánssyni um torfbæjarrústir, frá Vonarstræti**

Gengið um slóðir torfbæjarrústanna í nágrenni Ráðhússins og litið inn á Landnámssýninguna í Aðalstræti. Laugardag kl. 14 og sunnudag kl. 16.

# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

## LAUGARDAGUR

**13:00** **MATSALUR** - **Íslenskur menningararfur og sýningagerð,** Björn Björnsson kynnir ritröð sína.

**RÁÐHÚSGANGUR** - LEGO-smiðja í tilefni af útgáfu bókarinnar **Byggjum úr LEGO.**

**13:30** **MATSALUR**: Ólafur Rastrick: **Háborgin** - Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar.

**TÓNLIST Í TJARNARSA:** Heiðar Örn Kristjánsson og Þröstur Harðarson flytja lög tileinkuð bókinni **Súrsæt skrímsli** eftir Agnesi Wild.

**14:00** **SETUSTOFA**: Lesið fyrir börn og fylgdarfólk þeirra úr barnabókum.

**MATSALUR:** Ritið **Náttúruvá á Íslandi – Eldgos og jarðskjálftar** kynnt.

**RÁÐHÚSGANGUR**: Góð ráð um hár, förðun og naglaskreytingar.

**14:30** **MATSALUR: Að velja gleði** - kynninga á sjálfshjálpar-bók Kay Pollak og tónlist úr myndum hans flutt.

**15:00** **MATSALUR**: **Ó – sögur um djöfulskap,** höfundaspjall milli Carl Jóhan Jensen og þýðanda hans, Ingunnar Ásdísardóttur.

**KAFFIHÚS**: **Stangveiði í ám og vötnum** og **Íslensk vatna-bók.** Sölvi Björn Sigurðsson spjallar um bækur sínar.

**RÁÐHÚSGANGUR**: Eva Dögg Sigurgeirsdóttir höfundur **Tískubókarinnar** gefur góð ráð um tísku og hannyrða bækurnar **Hlýir fætur, María – heklbók** og **Þóra – heklbók** kynntar.

**RÁÐHÚSGANGUR OG TJARNARSALUR**: tískusýning í tengslum við bókina **Fald og skart** – Faldbúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar.

**15:30** **MATSALUR**: Spjall við norska glæpasagnahöfund-inn Jörn Lier Horst sem er gestur á Iceland Noir glæpasagnaráðstefnunni.

**KAFFIHÚS** - Rætt um ný barnabókaverðlaun Félags íslenskra bókaútgefenda og Barnabókaverðlauna Norðurlandaráðs.

**TÓNLIST Í TJARNARSAL** - **Eitthvað fallegt** með Kristjönu Stefáns, Röggu Gröndal og Svavari Knúti sem flytja tónlist af jólaplötu sinni.

**16:00** **BORGARSTJÓRNARSALUR**: **Hliðar karlmennskunnar** - Þeir Guðmundur Andri Thorsson, Sindri Freysson og Sjón setjast í sófann hjá rithöfundinum og útvarpsmanninum Hauki Ingvarssyni og spjalla um skáldsögur sínar.

**MATSALUR:** Slökunarstund fyrir börn með Ingibjörgu Kr. Ferdinandsdóttur sem gefur út bókina **Garður hugans.**

**RÁÐHÚSGANGUR:** Matreiðslubókakynning og smakk.

**16:30** **MATSALUR: Jólaandinn með Góa.**

**17:00** **KAFFIHÚS: Ljóðastund Dimmu og Uppheima.** Skáldin Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Mazen Maarouf, Ari Trausti Guðmundsson, Bjarki Karlsson, Guðbrandur Siglaugsson og Steinunn Helgadóttir lesa.

## SUNNUDAGUR

**12:30 og 13:00** **MATSALUR**: Slökunarstund með Arnbjörgu Kristínu höfundi bókarinnar **Hin sanna náttúra.**

**13:00** **TÓNLIST Í TJARNARSAL:** Gunnar Gunnarsson leikur á flygilinn efni af hinum rómaða diski sínum **DES**, sem kemur út í nýrri útgáfu.

**13:30** **MATSALUR**: Félagarnir Pálmi Gunnarsson og Stefán Jón Hafstein ræða veiðisögur og kynna bækur sínar Gengið með fiskum og Fluguveiðiráð.

**14:00** **TÓNLIST Í TJARNARSAL:** Snorri á Fossum tekur lagið og kynnir ævisögu sína.

**RÁÐHÚSGANGUR:** Matreiðslubókakynning og smakk.

**14:30** **MATSALUR**: Trausti Ólafsson kynnir verk sitt, **Leikhús nútímans.**

**SETUSTOFA:** Sögustund fyrir börn og fylgdarfólk þeirra.

**15:00** **MATSALUR**: **Jólasveinastund** með forlaginu Óðinsauga.

**RÁÐHÚSGANGUR:** Matreiðslubókakynning og smakk.

**15:30 - 16:00** **SETUSTOFA: Vísinda-Villi** ræðir um töfraheima vísindanna.

**KAFFIHÚS**: Lesið úr nýjum bókum fyrir ungt fólk.

**16:00** **BORGARSTJÓRNARSALUR** - **Ást, dauði og djöful-skapur** - Þórdís Gísladóttir fær til sín þrjá þýðendur. Ingunn Ásdísardóttir, þýðandi bókarinnar **Ó - sögur um djöfulskap** eftir færeyska höfundinn Carl Jóhan Jensen, Óskar Árni Óskarsson sem hefur þýtt smásagnasafn Raymonds Carvers, **Það sem við tölum um þegar við tölum um ást,** og Rúnar Helgi Vignisson, en hann hefur nýlokið við að þýða skáldsöguna Sem ég lá fyrir dauðanum eftir William Faulkner.

**MATSALUR**: Kynning á þríleiknum Þerraðu aldrei tár án hanska eftir Jonas Gardell og tónlist tengd bókunum flutt.

**16:30 – 17:00** **KAFFIHÚS** - Skáldin Þóra Jónsdóttir, Bergrún Anna Hallsteinsdóttir og Helgi Ingólfs-son lesa og Steinunn Hjartardóttir les ljóð Stefáníu Gísladóttur.

**17:00 - 17:30** **MATSALUR**: Slökunarstund með Arnbjörgu Kristínu höfundi bókarinnar **Hin sanna náttúra.**

**Sjá alla dagskránna á bokmenntaborgin.is**

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

# Rosalega gaman að vakna

**Edda Heiðrún Backman** steig fyrst á svið í atvinnuleikhúsi fyrir 30 árum en fyrir tíu árum greindist hún með MND-sjúkdóminn. Hún á fallegan feril sem leikari, söngvari, leikstjóri, verslunar- og myndlistarmaður. Nú undirbýr hún nýja starfsemi.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





**LEIKARI, SÖNGVARI OG LISTMÁLARI** „Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að geta notað þann meðbyr sem ég hef og veitt honum í farveg til þeirra sem þurfa þess með. Ég álít það heppni því það er svo gaman,“ segir Edda Heiðrún.

Að ég vildi verða leikkona ákvað ég þegar ég var mjög ung. Var að skoða myndir af pabba á sviði með áhugaleikfélaginu uppi á Skaga, þá læddist að mér sá grunur að ég ætti eftir að gera þetta líka og kannski enn betur en hann.“ Þetta segir Edda Heiðrún Backman brosandi þar sem við sitjum í litlu fundarherbergi í MS-setrinu við Sléttuveg, sá staður veitir fólki með alvarleg vandamál í miðtaugakerfinu uppbyggjandi þjónustu. Edda er einmitt að koma úr sjúkraþjálfun þegar við hittumst. Hún greindist með MND-sjúkdóminn fyrir tíu árum. Líkaminn hefur misst þrótt og röddin er lág en skýr. Hvernig skyldi venjulegur dagur vera hjá henni?

„Dagurinn er þannig að fyrir hádegi er ég í líkamsrækt, ýmist sjúkraþjálfun, sundi eða nuddi. Svo borða ég. Svo mála ég. Hér í MS-setrinu mála ég með vatnslitum og með olíu uppi á Grensás. Ég skipti því svoleiðis.“ Hún kveðst yfirleitt taka daginn snemma. „Mér finnst rosalega gaman að vakna,“ segir hún og brosir. „Ég hlakka til að gera allt. Mér finnst ekkert leiðinlegt.“

*Fannst þér einhvern tíma eitthvað leiðinlegt?* „Nei, ég held ekki. Það er guðs gjöf.“

### Maður verður að geta öskrað

Edda átti farsælan feril sem leikkona í tuttugu ár, á sviði, í kvikmyndum og sjónvarpi. Hóf atvinnuleikferilinn í Iðnó árið 1983 í Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Þaðan fór hún í Þjóðleikhúsið í Gæjar og píur. Svo tók eitt við af öðru. Hún var líka söngkona og það nýttist henni í mörgum sviðsverkum, auk þess sem hún söng inn á plötur. Þeir sem ekki muna lagið Önnur sjónarmið úr myndinni Eins og skepnan deyr ættu að drífa sig á YouTube í tölvunni og rifja það upp.

Þegar sjúkdómurinn byrjaði að láta á sér kræla hjá Eddu naut hún þess ekki lengur að leika á sviði. Þá sneri hún sér að leikstjórn og stýrði sex sýningum. Segir það hafa verið rosalega gaman. „Eins og þú heyrir þá tala ég dálítið lágt og það gengur ekki við leikstjórn,“ segir hún. „Maður verður að geta öskrað og talað. Stoppað allt á sviðinu og byrjað aftur.“

Eftir að leikstjórninni sleppti opnaði Edda verslunina Súkkulaði og rósir við Hverfisgötu og rak hana í tvö ár. „Þegar ég gat það ekki lengur var sjálfhætt. Því þurfti ég ekki að fara á hliðina í hruninu. Ég slapp með skrekkinn!“ segir hún.

*Nú fæst Edda mest við að mála. Með munninum. Hin fegurstu listaverk. Var hún kannski alltaf að mála líka ásamt því að vera leikari og söngvari?* „Nei. Þessir hæfileikar voru mér huldir. En ég gat orðið fátt og varð að beina kröftum mínum eitthvert, prófaði að byrja að mála og það bara laukst upp fyrir mér. Þetta er rannsókn. Bara vísindi í listum.“ Hún kveðst hafa fengið tilsögn í myndlistinni, fyrst hjá Darrell Mundell myndlistarmanni, svo í Myndlistarskóla Reykjavíkur á alls konar námskeiðum, í málun, módelteikningu og tilraunastofu. „Það var mjög gaman,“ segir hún glaðlega. Bætir svo við eftir andartaksþögn: „En það er svo merkilegt að ein vinkona mín, Auður Ava Ólafsdóttir sem nú er orðin mikilsvirtur rithöfundur, sagði við mig fyrir mörgum árum: „Edda mín, þú ert ekki bara leikkona. Þú ert listmálari. Ég skildi ekki hvað hún átti við en mér verður stundum hugsað til þess núna. Hún er sko listfræðingur, hún Auður Ava.“

### Að leggja góða dóma inn á bók

Edda fæddist á Akranesi en flutti til Reykjavíkur þriggja ára með foreldrum sínum, Halldóri Sigurði Backman byggingarmeistara og Jóhönnu Dagfríði Arnmundsdóttur, ásamt systkinum sínum, Arnmundi Sævari, Ingu Jónínu og Ernst Jóhannesi. Hún kveðst muna vel eftir sér á Akranesi, aðallega af því hún hafi alltaf dvalið þar hjá ömmu sinni og afa einhverjar vikur á sumrin sem stelpa. Síðasta sunnudag skrapp hún á æskuslóðirnar með mömmu sinni og systur og tveimur konum sem áttu heima í sama húsi og þær, á Skagabraut 5. „Við bönkuðum ekkert upp á. En fólkið í Tryggvaskála bauð okkur heim. Tryggvaskáli er fyrir aftan gamla heimilið okkar þannig að við sáum það í allri sinni dýrð,“ segir hún kankvís.

Nú býr Edda við Vatnsstíg í Reykjavík. Þar segir hún gott aðgengi og innangengt í bílskúr. „Það er eins og best verður á kosið,“ segir hún. Dóttir hennar, Unnur Birna, 15 ára, býr hjá henni, hún er nemandi á fyrsta ári í Menntaskólanum í Reykjavík. Sonurinn, Arnmundur Ernst, býr úti í bæ og er byrjaður að leika, útskrifaðist síðasta vor úr Leiklistardeild Listaháskólans og fékk fína dóma fyrir frammistöðu sína í Jeppa á fjalli. „Ég kallaði Arnmund til mín og bað hann um að leggja alla góða dóma inn á bók, hann þyrfti kannski að geta tekið þá út síðar,“ segir Edda og bætir við: „Maður fær ekki alltaf góða dóma og það er eins gott að standast mótlæti því þá reynir á manninn.“

Hún kveðst hafa aðstoð allan sólarhringinn. Vinir mínir stofnuðu félag og skiptust á að vinna fyrir mig. Ég kallaði það Heiðrúnardropa. En fyrir rúmlega ári var sett í lög tilraunaverkefni sem nefnist Notendastýrð persónuleg aðstoð og nú er ég með fólk í vinnu, fæ peninga frá borginni til að borga því. Í gamla kerfinu hitti ég vini mína reglulega en allir hafa nóg að gera og það er erfitt að geta ekki borgað laun, þó vinir mínir gerðu þetta með glöðu geði.“

### Vildi ráða sér sjálf

*Við Edda höfum bara hálftíma til að tala saman svo það er ekki tími til að rifja upp öll afrekin hennar á leiksviðinu. En með grúski í gömlum blöðum komst ég að því að hún hefði eitt sinn sagt upp starfi sínu í Þjóðleikhúsinu. Var það ekki dálítið sérstakt?* Hún hlær. „Jú, ég hugsa að ég hafi verið fyrsta manneskjan sem sagði upp þar. Hvað gerðist? Ég fékk ekki réttar upplýsingar. Ég vildi frekar ráða ferli mínum sjálf en láta ráðskast með hann. Þegar maður er fastráðinn er maður svo bundinn og hefur svo lítið að segja. Ég var alin upp við að konur og karlar hefðu jafnan rétt til skoðana þannig að þetta var ekkert erfitt fyrir mig.“

Hún kveðst hafa fengið ótal tækifæri, bæði hjá stóru húsunum og sjálfstæðum leikhópum. Hún hafi verið í öllum mögulegum verkefnum á tímabili, hefði gjarnan viljað vera meira í kvikmyndum. „Ég lék stór hlutverk í tveimur myndum, Eins og skepnan deyr og Svart og sykurlaust og svo alls konar lítil hlutverk,“ rifjar hún upp. „Svo söng ég og lék mikið fyrir börn og talaði inn á barnamyndir, til dæmis Aladdín, Hringjarann í Notre-Dame, Þyrnirós, Öskubusku og Skrekk.“

Ég spyr hvort hún hugsi oft til baka. „Já, já,“ svarar hún. „Ég hef átt gott líf og finnst gaman að eiga það í minningunni eins og ferðalag sem maður getur alltaf rifjað upp aftur og aftur. En ég hugsa ekki um mig sem fyrir og eftir að ég veiktist. Sjúkdómurinn er bara ferli sem gerist og sem betur fer gerist það hægt og svona smádrabbar mig niður. Svo er ég þeirrar gæfu aðnjótandi að geta notað þann meðbyr sem ég hef og veitt honum í farveg til þeirra sem þurfa þess með. Ég álít það heppni því það er svo gaman. Þá er ég alltaf að gefa. En ég er alltaf þiggjandi líka.“

Nú er hún komin á flug. „Listamenn, vísindamenn og heilbrigðisstarfsfólk á það sameiginlegt að finnast starfið sitt skemmtilegt því það inniber svo mikla rannsókn. Það er svo óendanlega mismunandi og breytilegt. Mér finnst þetta þrennt vera hornsteinar lífsins: listin, vísindin og heilbrigðisgeirinn, það eru þau gildi sem hafa veitt mér hvað mest.“

## KRÍUSERÍA EDDU HEIÐRÚNAR





> **Mér finnst þetta þrennt vera hornsteinar lífsins: listin, vísindin og heilbrigðisgeirinn, það eru þau gildi sem hafa veitt mér hvað mest.**

### Gestgjafi við Strandgötu

Framundan er fjörug aðventa hjá Eddu. Hún ætlar að láta að sér kveða í Jólaþorpinu í Hafnarfirði og safna fé til mannúðarmála. „Mér var úthlutað húsnæði innan dyra á Strandgötu 43. Þar verð ég með afurðir eftir mig, myndir, bækur og kort. Allur ágóði rennur til MS-félagsins, MND-félagsins og Grensáss. Svo borga ég líka fólkinu sem vinnur fyrir mig laun en það verður fullt af listamönnum sem koma fram, trúbadorum og upplesurum og allt það fólk gefur vinnuna sína. Eins og listamenn gera alltaf, gefa alltaf vinnuna sína þegar safnanir eru. Þeir eru örlát stétt. Enda trúi ég sterkt á mátt einstaklingsins til að láta gott af sér leiða. Ég vil í lokin færa sérstakar þakkir til frænku minnar, Sunnevu Ásu Weisshappel.“ ▶

# „Sá besti hefur aldrei verið betri.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Arnaldur einsog hann gerist bestur. Bókin er vel stíluð, grípur á fyrstu síðum og heldur fast til enda.“
BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON / PRESSAN.IS

„[Arnaldur] sýnir hér allar sínar bestu hliðar í bók sem hlýtur að teljast með hans allra bestu verkum.“
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / FRÉTTATÍMINN

„Sögusvið, persónusköpun og bygging haldast í hendur við að gera Skuggasund að einni bestu bók Arnaldar.“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„… mjög vel skrifuð bók, hún er þétt með eftirminnilegum persónum.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Sagan rígheldur, hún er alveg pottþétt. Þetta er listilega ofið … maður leggur hana ekki frá sér.“
SIGURÐUR G. TÓMASSON / KILJAN




VAKA-HELGAFELL
*www.forlagid.is*



**1983 HART Í BAK** Með Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó. „Hreinn tónn utan af landi," segir Edda Heiðrún.



**1985 LITLA HRYLLINGSBÚÐIN** Með Hinu leikhúsinu. Gísli Rúnar og Edda Heiðrún.



**1986 EINS OG SKEPNAN DEYR** Edda Heiðrún og Þröstur Leó eftir frumsýninguna. „Takið eftir tískunni," segir Edda Heiðrún.



**1987 DJÖFLAEYJAN** Með Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó. „Dollý, drottning undirheimanna," segir Edda Heiðrún.

# NOKKRIR PUNKTAR UM FERIL EDDU HEIÐRÚNAR

➜ **Edda Heiðrún útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands 1982.** Fyrsta prófraun hennar á sviði atvinnuleikhúss var í Iðnó árið eftir, í Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Þar fór hún með hlutverk Árdísar, ungrar stúlku að austan sem kemur til bæjarins að leita að pabba sínum. Síðan tók eitt hlutverkið við af öðru, bæði í stóru atvinnuleikhúsunum og með smærri leikhópum, eins og Frú Emilíu og Hinu leikhúsinu. Hjá Frú Emilíu lék hún lafði Macbeth í Macbeth eftir Shakespeare, Vörju í Kirsuberjagarðinum eftir Tsjekhov og aðalhlutverkið í óperunni Rhodymenia Palmata eftir Halldór Kiljan og Hjálmar H. Ragnarsson og með Hinu leikhúsinu sló hún í gegn sem Audrey í Litlu hryllingsbúðinni þar sem söngrödd hennar fékk virkilega að njóta sín. Hryllingsbúðin var sýnd yfir hundrað sinnum í Gamla bíói og þegar því ævintýri sleppti hjá Eddu tók við titilhlutverkið í Rauðhóla-Ransí. Í því sýndi hún meðal annars snilli sína í fjölbragðaglímu (wrestling) sem hún tileinkaði sér á æfingatímabilinu.

➜ **Edda Heiðrún hefur leikið jafn ólík hlutverk og ameríska daðurdrós í Gæjum og píum og Rauðsmýrarmaddömuna í Sjálfstæðu fólki.** Hún hefur túlkað Gínu í Villiöndinni, Goldu í Fiðlaranum á þakinu, Cosette í Vesalingunum og syngjandi klæðskiptinginn Mímí í Evu Lúnu svo aðeins örfá verkefni séu nefnd.

➜ **Svo drepið sé niður í leikdóma um Villiöndina í Þjóðleikhúsinu 1997** segir Soffía Auður Birgisdóttir í Morgunblaðinu: „Edda Heiðrún Backman leikur Gínu eiginkonu Hjálmars Eklands af reisn og fagmennsku," og Jón Viðar Jónsson sem þá var gagnrýnandi í Dagsljósi Sjónvarpsins tekur í sama streng: „Edda Heiðrún hefur í raun og veru alla kosti sem prýða einn leikara. Hún hefur feikilega örugga tækni sem hún kann að beita af smekkvísi, tilfinningalegt næmi og innsæi eru í góðu lagi, svo er hún greind."

➜ **Edda Heiðrún þótti sýna afburða leik sem Donna í Kvetch** sem Vesturport var með árið 2002. Á sama tíma var hún að leika í Kryddlegnum hjörtum og Honk! í Borgarleikhúsinu og bráðhressa forstjórafrú í Með fullri reisn í Þjóðleikhúsinu, einnig í stuttmyndinni Blind Date eftir Huldar Frey og kvikmyndinni Kaldaljósi, auk þess sem hún skrapp til Færeyja í leikför með Hægan, Elektra eftir Hrafnhildi Hagalín.

➜ **Barnamenningin hefur alltaf verið Eddu hugstæð.** Hún gaf út plöturnar Barnaborg 1990 og Barnajól 1991. Einnig plötuna Fagur fiskur í sjó 2001 með helstu söngperlum Atla Heimis Sveinssonar úr íslenskum leikverkum.

➜ **Fyrsta leikstjórnarverkefni Eddu Heiðrúnar var Svik eftir Harold Pinter** sem Leikfélag Akureyrar sýndi. Í kjölfarið komu Mýrarljós, Átta konur, Salka Valka og fleiri. Afrekalistinn er ótæmandi. Hver man til dæmis ekki eftir Eddu Heiðrúnu í gervi Ingibjargar Sólrúnar, sem var hápunktur áramótaskaupsins 2002? Þetta er ótrúleg kona.



**1996 VILLIÖNDIN** Steinunn Ólína og Edda Heiðrún. „Gína með dóttur sinni sem leysti allar heimsins gátur með brjóstvitinu," segir Edda Heiðrún.



**2002 KRYDDLEGIN HJÖRTU** Í Borgarleikhúsinu. „Þarna fékk ég að leika svarta litinn í málverkinu, það var mjög gaman," segir Edda Heiðrún.






# ÞETTA SEGIR INGA SYSTIR

Ég er tíu árum eldri en Edda Heiðrún en hafði aldrei áhyggjur af henni í uppvextinum. Hún var farin að elda tíu ára og hafði strax áhuga á öllu. Allt í einu var hún búin að sækja um í Leiklistarskólanum. Það voru engar vangaveltur um það.

Edda er vinmörg og góður gestgjafi, örlát og ósérhlífin og nú fær hún það margfalt til baka. Á tímabili sá vinahópurinn til þess að hún væri aldrei ein, heldur væri einhver hjá henni allan sólarhringinn sem veitti henni liðsemd eftir þörfum. Hópurinn gengur undir nafninu Heiðrúnardropar og í honum eru hetjur sem við í fjölskyldunni stöndum í mikilli þakkarskuld við. Þetta vinanet varð til eftir að hún flutti á Vatnsstíginn, og það er líklega komið á fjórða ár síðan. Áður en hún flutti þangað voru aðstæður í húsinu hennar ekki nógu góðar. Þegar fæturnir gáfu sig var erfitt fyrir hana að komast í vaskahúsið og víðar. Ég hef auðvitað reynt að leggja mitt af mörkum eftir að hún varð hjálpar þurfi og mamma líka, einkum til að byrja með, hún er orðin níræð núna. Jóhanna dóttir mín var í Heiðrúnardropum og hefur aðstoðað hana og öll mín börn og tengdabörn. Ein tengdadóttir mín sér um hárið á henni til dæmis. Ég á líka tengdason sem er sálfræðingur og það hefur verið gott að hafa hann í fjölskyldunni. Öll frændsystkini okkar hafa verið dugleg og hjálpsöm og svo eigum við fjölskyldu að sem við ólumst upp með á Akranesi. Systur úr þeirri fjölskyldu eru nú eins og sólargeislar í lífi okkar. Jólabakstúrinn hjá annarri þeirra er fastur punktur, þá dönsum við kringum jólatré. Það var hefð á Akranesi og við höldum henni.

Inga segir Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), sem lögbundin var á síðasta ári, hafa leyst Heiðrúnardropana af hólmi við umönnun systur sinnar. „Ein sonardóttir mín sem var áhugasöm í vinanetinu fær núna laun fyrir að sinna frænku sinni. Það leiddi af sér að stúlkur úr listageiranum hafa komið inn í þá vinnu. Þá eru áhugamálin gagnkvæm. Þær hafa líka góð félagsleg áhrif á Unni Birnu, dóttur Eddu Heiðrúnar. Svo eru þær að hjálpa Eddu Heiðrúnu að gera nýja heimasíðu og þær hafa líka gott af að fara í gegnum eldamennsku með henni, því hún er afbragðs kokkur. Þannig að þetta er lærdómsríkt fyrir alla. Svo erum við með stúlkur í aðhlynningu líka sem eru í sjúkraliðanámi eða hjúkrun."

Sjálf kveðst Inga vera aðstoðarmær Eddu systur sinnar með ýmis mál. Halda utan um launagreiðslur í sambandi við NPA-vinnuna og fleira.

„Arnmundur bróðir okkar fékk þennan sama sjúkdóm og Edda Heiðrún og var með hann í tíu ár. En þá voru ekki komin þau tæki sem nú eru til staðar og það var minna hægt að gera. En fólk sem fær þessa veiki bilar ekkert í kollinum. Það heldur sínum löngunum fram í rauðan dauðann og hefur



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**„Edda er vinmörg og góður gestgjafi, örlát og ósérhlífin og nú fær hún það margfalt til baka,"**

*Inga J. Backman, söngkona og söngkennari*

þvílíka elju og andlegt þrek að maður botnar ekkert í því.

Hún er vel gerð, hún Edda Heiðrún, og frjó í hugsun. Mjög aktív og ákveðin í öllum verkefnum. Það klikkar varla nokkur einasti hlutur hjá henni."

OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda laugardag og sunnudag

VERÐ SPRENGJA







Chicago Town pizzur/subs
~~Verð áður: 398 kr. stk.~~
**298 kr. stk.**




Superman orkudrykkur 250 ml
**198 kr stk.** Nýtt

Rockstar orkudrykkur 500 ml
**198 kr stk.** Nýtt

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## NAMMILAND

## 50% afsláttur

í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!

Iceland



# Í skugga hverfandi stjörnu

**Halldór Halldórsson** og **Dagur B. Eggertsson**. Tveir menn sem sækjast eftir forystu í Reykjavík. Báðir telja sig hafa það sem til þarf. Sammála um mikilvægi mannréttindamála en deila um skipulagsmál, skattalækkanir og niðurskurð hjá borginni.

Heimir Már Pétursson
hmp@frettabladid.is



Það verða breytingar í borgarstjórn eftir kosningarnar næsta vor hver sem niðurstaðan verður. Vinsæll borgarstjóri er á förum og skilur eftir sig pólitískan arm í Bjartri framtíð sem nýtur um 30 prósenta stuðnings samkvæmt könnun, þótt enginn frambjóðandi sé kominn fram fyrir hönd flokksins og sjálfstæðismenn hafa nýlega valið sér nýjan oddvita í borginni.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, stefnir á að leiða lista Samfylkingarinnar en flokkurinn á enn eftir að ákveða framboðslista sinn. Hann segir fylgi Bjartrar framtíðar í borginni benda til þess að borgarbúar séu sáttir við kjörtímabilið.

„Ég held að fólk kunni að meta þann stöðugleika og festu sem þessum meirihuta hefur tekist að sýna eftir býsna umbrotasöm ár. Það hafa auðvitað verið mjög stór mál sem við höfum tekist á hendur eins og Orkuveitumálið og fjármál borgarinnar,“ segir Dagur. Samfylkingin hafi líka notið þess með auknu fylgi í könnunum upp á síðkastið og sé komin yfir kjörfylgi.

„Mér finnst ekki skipta öllu máli hvaða fylgi Samfylkingin fær heldur að sú stefna sem meirihlutinn hefur fylgt fái meirihluta áfram,“ bætir hann við. Þótt vissulega myndi hann vilja sjá fylgi flokksins aukast.

### Bæjarstjóri að vestan

Halldór Halldórsson er gjörkunnugur sveitarstjórnarmálum. Hefur verið bæjarstjóri á Ísafirði til margra ára og er nú formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá ólst hann upp í Vesturbænum áður en hann flutti vestur með foreldrunum og stundaði sitt framhaldsnám í Reykjavík. Hann tekur nú forystusæti hjá Sjálfstæðisflokknum sem ekki hefur haft meirihluta í borginni í tuttugu ár eða frá því að Reykjavíkurlistinn sigraði í kosningum árið 1994.

„Ég held að það hljóti alltaf að vera markmiðið að ná meirihluta og þurfa ekki að reiða sig á stuðning annarra flokka. Ég er sannfærður um að við vorum með mjög hæfileikaríkt fólk í prófkjörinu þannig að við höfum mikla möguleika á að stilla upp góðum lista,“ segir Halldór. En í vikunni sagði Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir sig frá listanum eftir að hafa stefnt á forystusætið en endað í fjórða sæti. Hún sagði við það tækifæri að hún liti svo á að áherslum hennar í prófkjörinu hafi verið hafnað.

„Mér þykir eftirsjá af Þorbjörgu Helgu. Ég er hins vegar ekki sammála henni um að málefni sem hún hélt fram í prófkjörinu hafi verið hafnað. Það er alveg klárt að sjónarmið varðandi flugvöllinn urðu ofan á,“ segir Halldór. En sjónarmiðum Þorbjargar Helgu í skólamálum og slíkum málum hafi alls ekki verið hafnað.

„Mín skoðun er sú og ég lagði áherslu á það í prófkjörinu að það eigi að vera jafnt kynjahlutfall,“ segir Halldór.

En það eru auðvitað dæmi um að mjög karllægum framboðum gangi vel. Þannig voru karlmenn í öllum efstu sætum Besta flokksins fyrir síðustu kosningar. Hvernig ætlar Samfylkingin að haga sínum framboðsmálum og ætlar Dagur að bjóða sig fram til forystu næsta vor?

„Já, ég ætla að gera það og stefni að því að verða oddviti Samfylkingarinnar í kosningunum. Samfylkingin er búin að fara í gegnum þessi mál fyrir löngu síðan. Okkar reglur tryggja einfaldlega breidd á listanum þannig að svona slys gerast ekki hjá Samfylkingunni,“ segir Dagur.

### Borgin glímir við skuldavanda

Reykjavíkurborg hefur verið í kröggum eftir hrunið eins og flest önnur sveitarfélög og fjárhagsstaða borgarinnar er slæm þegar fyrirtæki hennar eru tekin með í reikninginn.

„Já, og sérstaklega var hún slæm. Stóri hlutinn af þessu er auðvitað Orkuveitan. Við þurftum að loka 50 milljarða gati sem var á fjármögnun Orkuveitunnar til næstu fimm ára og fórum í það. Settum í gang neyðaráætlun fyrir Orkuveituna,“ segir Dagur og að sú áætlun hafi gengið eftir. Þess vegna sé nú lögð fram fimm ára áætlun um niðurgreiðslu skulda um 80 milljarða króna, langmest út af Orkuveitunni.

„Þetta er eitt af því sem við erum stoltust af eftir kjörtímabilið,“ segir Dagur.

Nú nýlega ákvað borgarstjórnarmeirihlutinn að draga til baka ákvarðanir um hækkun ýmissa gjalda í borginni, svo sem eins og fyrir leikskóla. Dagur segir það ekki dæmi um að menn bogni fyrir umræðunni skömmu fyrir kosningar. Borgin hafi hlustað á gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar og viljað sýna gott fordæmi og önnur sveitarfélög og ríkisstjórn fari sömu leið.

„Og við viljum að ríkisstjórnin svari þessu ekki með skætingi eins og mér finnst að fjármálaráðherra hafi gert. Og Samtök atvinnulífsins hafa fullvissað okkur um það að þau muni fara í mjög alvarleg samtöl við verslunina, við innlenda matvælaframleiðslu og svo framvegis til að þetta verði sú breiða samstaða sem þarf til að ná breytingu á verðbólgu og verðlagsþróun,“ segir Dagur.

Halldór telur að allir hefðu brugðist svipað við og núverandi meirihluti varðandi skuldir Orkuveitunnar. Það hafi orðið að endurskipuleggja Orkuveituna og sú vinna hafi byrjað áður en núverandi kjörtímabil hófst.

„Orkuveitan hafði aukið skuldir sínar. Hafði fjárfest í misgáfulegum verkefnum, sérstaklega í tíð R-listans,“ segir Halldór.

„Ég fagna því hins vegar að Reykjavíkurborg hefur ákveðið að draga gjaldskrárhækkanir til baka. Það þurfa allir að taka þátt í því að búa til einhvers konar þjóðarsátt um að ná verðbólgunni niður,“ segir Halldór. Ekki sé hægt að semja um miklar launahækkanir, en þær verði að tolla í veskjum launafólks.

### Borgin nýtir ekki stærð sína

Halldór segist hins vegar vilja sjá borgina nýta sér stærðarhagkvæmnina í rekstrinum betur en nú sé gert. „Og lækka rekstrarkostnað og þar með álögur á borgarbúa,“ segir hann. Ef skoðuð séu meðaltöl hjá borginni í samanburði við önnur sveitarfélög, til dæmis varðandi launakostnað, sé borgin vel yfir meðaltalinu á landsvísu.

„Ég tel að það sé hægt að nýta sér starfsmannaveltuna. Það þarf ekki að leggjast í uppsagnir eða neitt slíkt en ég tel að það sé hægt að nýta starfsmannaveltuna til að ná niður þeim kostnaði. Þá væri hægt að halda gjaldskrám í því horfi sem þær eru núna og jafnvel hægt að lækka þær,“ segir Halldór.

Sjálfstæðisflokkurinn talar gjarnan mikið um skattalækkanir og þegar hann réð ríkjum í borginni stærði hann sig af því að vera með útsvarið í lágmarki en núverandi meirihluti hefur innheimt hámarksútsvar.

„Við teljum við núverandi aðstæður ekki ábyrgt að gera annað,“ segir Dagur. Honum finnist Halldór skauta létt yfir fjármál Reykjavíkurborgar. Ekki megi horfa framhjá því að sparað hafi verið á öllum sviðum í rekstri borgarinnar, í stofnunum, skólum og velferðarmálum.

„Og ég held að það séu mjög mikilvæg skilaboð til starfsmanna sem staðið hafa með okkur í þessum verkefnum að við skiljum við hvaða aðstæður þau hafa verið að starfa undanfarin ár,“ segir Dagur. Þegar létti til verði eitthvað af þessum niðurskurði skilað til baka. Reykjavíkurborg hafi um sjö milljörðum minna í skattgreiðslur miðað við 2008 og útgjöldin séu um níu milljörðum lægri.

### Álögur á Ísafirði í toppi

„Ég kynnti mér ársreikning Ísa-

fjarðarbæjar 2010 fyrir árið 2009 þegar Halldór var að skila af sér Ísafjarðarbæ,“ segir Dagur. Ísafjarðarbær hafi fullnýtt útsvarsheimildina, fasteignagjöld hafi verið tvöfalt hærri en í Reykjavík, holræsagjöld þrefalt hærri og gjaldskrár bæjarins þær hæstu á landinu.

„Mér finnst það því ekki alveg trúverðugt að koma hér á hvítum hesti og segja við starfsfólk borgarinnar sem búið er að skera niður ár eftir ár, búið að sýna mikið aðhald og standa með okkur og segja: nú er einfalt að fara í skattalækkanir,“ segir Dagur.

„Ég tala um starfsmannaveltu því á bak við tölurnar er fólk og það er af virðingu fyrir starfsfólkinu sem ég nálgast þetta með þessum hætti. Ég geri mér grein fyrir því að í öllum sveitarfélögum, líka hjá Reykjavíkurborg, er starfsfólkið búið að leggja mikið á sig. Þess vegna segi ég það ef spara á í launakostnaði sé mögulegt að nýta starfsmannaveltu,“ segir Halldór. Þannig að ekki verði ráðið í vissar stöður þegar fólk hættir.

„Þegar ég nefndi stærðarhagkvæmni borgarinnar sem er með 120 þúsund íbúa hafði ég einmitt í huga að svona samanburður væri mjög líklegur til að koma fram í dagsljósið,“ segir Halldór. Ísafjarðarbær sé mun minna bæjarfélag og hafi misst frá sér íbúa á undanförnum árum og þar sé fasteignamat líka miklu lægra en í Reykjavík. Ef takist að ná árangri í rekstri borgarinnar ætti að skapast svigrúm til að lækka útsvarið.

### Mannréttindamál eru mikilvæg

Jón Gnarr hefur verið mjög áberandi í starfi og um margt haft aðrar áherslur en fólk á að venjast af borgarstjórum. Þurfa þeir sem vilja í þetta embætti að hafa stjörnueiginleika, og telja þeir Dagur og Halldór sig hafa slíka eiginleika?

„Ég fékk að spreyta mig í hundrað daga og ég held að hlutfall þeirra Reykvíkinga sem voru ánægðir með það hafi tvöfaldast á þeim stutta tíma og var kominn vel yfir 50 prósent. Þannig að ég kvíði því ekki,“ segir Dagur. Þær áherslur sem hann brenni fyrir í húsnæðismálum, velferðarmálum, skólamálum og gera betur í skipulagsmálum sé ástæða þess að hann gefi sig að borgarmálefnum.

„Ég tel að þeir sem bjóði sig fram og verði oddvitar sinna lista séu þar með búnir að sanna að þeir hafi ákveðna eiginleika sem nýtist vel í þessu starfi. Ég var fleiri en hundrað daga framkvæmdastjóri sveitarfélags, var það í tólf ár. Þannig að ég hafi reynslu þótt hér sé allt önnur stærð, þá eru sveitarfélög lík,“ segir Halldór. Hann eins og Dagur brenni fyrir áherslur í skólamálum og breytingum í skipulagsmálum. Til að mynda telji hann að ýmsar breytingar þurfi að gera á aðalskipulagi borgarinnar.

Bæði Halldór og Dagur telja áherslur Jóns Gnarr í mannréttindamálum hafa verið til fyrirmyndar. En hann hefur látið sig varða mál

„Mér finnst Jón hafa staðið sig gríðarlega vel á mörgum sviðum, meðal annars þessum. Og þegar kemur að jafnréttismálum hefur borgin lengi beitt sér alþjóðlega og leitt ýmsa þróun í þeim efnum,“ segir Dagur. En Jón hafi hins vegar brillerað á þessu sviði.

Halldór segist alltaf hafa látið mannréttindamál sig varða. „Ég hef unnið að mannréttindamálum síðan ég byrjaði í félagsstörfum. Ég held að ég hafi gengið í Rauða krossinn sextán, sautján ára gamall og var í björgunarsveit í mörg ár,“ segir Halldór. Jón hafi staðið sig mjög vel í þessum málum. Hann sé ekki aftur á móti ekki viss um að þeir Dagur nái að dressa sig eins vel upp og Jón.

Þannig að þú myndir ekki dressa þig upp fyrir Hinsegin daga?

„Við skulum ekki útiloka neitt,“ segir Halldór.

**visir.is**

Viðtalið við Dag og Halldór er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is.**

## HALLDÓR HALLDÓRSSON 49 ÁRA

**ODDVITI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK**



Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu **2006**, formennska á sveitarstjórnarvettvangi EFTA, varabæjarfulltrúi á Ísafirði

Viðskiptafræðingur MBA og með MS-gráðu í mannauðsstjórnun

Bæjarstjóri á Ísafirði **1998** til **2010**, verkstjórn í fiskvinnslu, sjómennska og rekstur eigin fyrirtækja í fjölbreyttri starfsemi.

## DAGUR B. EGGERTSSON 41 ÁRS

**ODDVITI SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK**



Formaður borgarráðs, borgarfulltrúi frá árinu **2002**

**2005** meistarapróf í mannréttindum og alþjóðalögum frá Háskólanum í Lundi, Svíþjóð, **1999** embættispróf í læknisfræði frá Háskóla Íslands

**2003-2004** læknir á slysa- og bráðasviði Landspítalans – háskólasjúkrahúsi **2002** læknir á sýkladeild Landspítalans – háskólasjúkrahúsi **2001** heilsugæslulæknir á Ísafirði **2000-2001** aðstoðarlæknir á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi

Höfundur ævisögu Steingríms Hermannssonar, I-III (útg. **1998**, **1999**, **2000**)




</>

Forritarar framtíðarinnar



Sjóðurinn Forritarar framtíðarinnar er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Atvinnulífið leggur sitt af mörkum og styður við þetta góða málefni með því að leggja sjóðnum til fjármagn, tækjabúnað og þekkingu.

Langtíma markmið sjóðsins:

- Að forritun verði hluti af kennsluskrá grunn- og framhaldsskóla
- Stuðla að aukinni fræðslu meðal barna og unglinga á forritun
- Auka áhuga ungs fólks á forritun
- Tækjavæða skólana
- Þjálfa kennara



Grunn- og framhaldsskólar auk sveitarfélaga geta sótt um framlag úr sjóðnum og eru þá nokkrar mismunandi leiðir í boði, allt eftir því hvað hentar hverjum skóla.

Menntun og ráðgjöf er í höndum Skema sem sérhæfir sig í ráðgjöf og forritunarkennslu barna á grunn- og framhaldsskólastigi.

Skólar eru hvattir til þess að sækja um styrk úr sjóðnum á www.forritarar.is. Umsóknarfrestur er til 15. desember 2013.

Fyrirtæki og aðrir sem hafa áhuga á að styðja við verkefnið geta kynnt sér málið nánar á www.forritarar.is



Við erum stoltir bakhjarlar Forritara framtíðarinnar:

RB REIKNISTOFA BANKANNA  NÝHERJI  Íslandsbanki  CCP  Microsoft  cyan Veflausnir

Fylgdu okkur á Facebook www.facebook.com/forritarar

RB og Skema eru stofnaðilar að þessu skemmtilega verkefni SKEMA

# Stúlka með maga besti bókartitillinn

Titlar bóka eru mikilvægir og telja margir að góðir slíkir þurfi að fela ýmislegt í sér, til að mynda að vera forvitnilegir, söluhvetjandi og lýsa umfjöllunarefni bókanna. Fréttablaðið leitaði álits valinkunns andans fólks á bestu og verstu bókartitlum ársins.

Fréttablaðið leitaði til álitsgjafa og voru þeir beðnir um að nefna bestu og verstu bókatitlana, með hliðsjón af því hvort þeir hitta í mark eður ei án tillits til gæða sjálfra verkanna.

Margir titlar voru nefndir til sögunnar og fengu nokkrar bækur bæði atkvæði fyrir besta og versta bókartitilinn. Fréttablaðið hefur áður staðið fyrir sams konar könnun á bókatitlum. Fyrir jólin 2010 þótti Doris deyr eftir Kristínu Eiríksdóttur besti titillinn og Martröð millanna eftir Óskar Hrafn Þorvaldsson sá versti. Tveimur árum fyrr, árið 2008, þótti titill bókarinnar 10 ráð til að hætta að drepa fólk og fara að vaska upp eftir Hallgrím Helgason sá versti. Bókin var svo gefin út í Þýskalandi og fékk þar verðlaun sem besti titill ársins. Misjafn er mannanna smekkur.

## VERSTU BÓKATITLARNIR




### VERSTI TITILLINN

### Bananasól

**Björk Þorgrímsdóttir**

„Í alvöru? Kallar fram hugrenningartengsl um Sanasól stappað saman við banana.“ *Þorgils Jónsson*

„Að það sé til bók sem heitir Bananasól ber sennilega vitni mikillar hugmyndaauðgi, en um leið og ég las titilinn tók ég nú samt óhagganlega ákvörðun um að bók með slíku nafni skyldi aldrei prýða náttborðið mitt.“ *Pétur Jónsson*

„Fékk laglínuna „ring ring ring bananaphone“ á heilann þegar ég sá þennan. Mér leiddist það.“ *Ragnheiður Tryggvadóttir*




### 2. SÆTI

### Guðni – Léttur í lund

**Guðni Ágústsson**

„Flatur og eintóna titill sem skilur ekkert eftir sig, nema gamalt popplag sönglandi í höfðinu: „Léttur í lundu ég lagði af stað...““ *Brynja Þorgeirsdóttir*

„Þar sem þrjú orð koma saman, þar er klisjukenndasti undirtitill síðari tíma.“ *Ólafur Sindri Ólafsson*




### 3. SÆTI

### Blóð hraustra manna

**Óttar M. Norðfjörð**

„Virkar eins og titill á hetjusögu úr heimsstyrjöldinni, þá líklega frekar fyrri en síðari, eða einhverri hrakningasögu frá 19. öld. Gæti mögulega gengið sem lesefni í Blóðbankanum eða til að höfða til ímyndaðrar karlmennsku tilvonandi blóðgjafa.“ *Kolbeinn Óttarsson Proppé*

„Úff, fékk einhverskonar klénan karlrembuhroll niður bakið. Þó er gaman að lesa þennan með leikrænum tilþrifum.“ *Ragnheiður Tryggvadóttir*

### 4. SÆTI

### Látið síga piltar

**Óskar Magnússon**




„Mjög neftóbakslegur titill.“ *Soffía Auður Birgisdóttir*

„Má láta bækur bera þennan titil nema um sé að ræða endurminningar togaraskipstjóra frá áttunda áratugnum?“ *Stefán Pálsson*



### 5. SÆTI

### Ekki þessi týpa

**Björg Magnúsdóttir**

„Finnst þessi titill ávísun á eitthvert jag og þreytandi vesen á sögupersónunni, sem ég hef litla þolinmæði fyrir.“ *Ragnheiður Tryggvadóttir*

„Minnir annars vegar á titil á unglingasögu frá níunda áratugnum og hins vegar á titla á sjálfshjálparbókum, Not My Type, He's Just Not That Into You, eða hvað þetta heitir. Var þessi Chick lit-bylgja ekki hjöðnuð?“ *Kolbeinn Óttarsson Proppé*

## BESTU BÓKATITLARNIR




### BESTI TITILLINN

### Stúlka með maga

**Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir**

„Gott að halda á lofti jákvæðum líkamsímyndum fyrir stúlkur, nú á þessum síðustu og verstu internettímum.“ *Vigdís Þormóðsdóttir*

„Orðið magi er ekki algengt í titlum skáldverka. Kallast fallega á við titil á bók eftir sama höfund, Stúlka með fingur.“ *Brynhildur Björnsdóttir*

„Mann langar ósjálfrátt að lesa bókina til að fá botn í titilinn. Þetta er framhald af Stúlku með fingur, svo Þórunn á nóg af líkamspörtum eftir í seríuna.“ *Stefán Pálsson*




### 2. SÆTI

### 1983

**Eiríkur Guðmundsson**

„Töff nafn á skáldsögu. Ekki 1984, heldur 1983. Vekur alls konar hugrenningartengsl og hrindir mér út í alls konar pælingar. Hef ekki lesið hana en langar til þess bara út af titlinum.“ *Brynja Þorgeirsdóttir*

„Tölustafir og ártöl höfða sterkt til mín í einfaldleika sínum. Árið 1983 var líka skemmtilegt ár, ég var átta ára.“ *Ragnheiður Tryggvadóttir*

„Nostalgíulegur titill sem vekur upp áhuga allra sem lifðu þessa tíma. Vísunin í Orwell skemmir ekki fyrir.“ *Kolbeinn Óttarsson Proppé*




### 3. SÆTI

### My Pussy is Hungry

**Hugleikur Dagsson**

„Langbesti titill ársins. Mér finnst líka risastóra plakatið af kápu bókarinnar í glugga Máls og menningar á Laugaveginum vera besta innsetning ársins.“ *Sunna Ben*

„Án efa mest ögrandi titill ársins.“ *Örn Úlfar Sævarsson*

### 4. SÆTI

### Mánasteinn

**Sjón**

„Einfaldur og hnitmiðaður titill sem vekur áhuga.“ *Soffía Auður Birgisdóttir*

„Innan um allra einsorðstitlana kemur loksins einn með smá orðaleik eða tvöfaldri merkingu.“ *Stefán Pálsson*







### 5. SÆTI

### Skuggasund

**Arnaldur Indriðason**

„Hvað getur glæpasaga sem gerist í Reykjavík heitið annað?“ *Viðar Eggertsson*

„Með því að taka þetta götuheiti út úr sínu venjulega samhengi skapast einhver ógn.“ *Örn Úlfar Sævarsson*

## UMDEILDUSTU TITLARNIR

*Jafn mörgum álitsgjöfum þóttu titlar eftirfarandi verka góðir og slæmir:*

### Fiskarnir hafa enga fætur

**Jón Kalmann Stefánsson**

„Grípandi titill. Þó flestir myndu ekki setja sig upp á móti þessari staðhæfingu og þykjast alltaf hafa vitað... þá rennur hún samt upp fyrir fólki eins og opinberun. Snjallt!“ *Viðar Eggertsson*

„Nei, þeir gera það ekki og maður veit eiginlega ekki hvort maður á að fagna því að þeir geti ekki hlaupið mann uppi eða vorkenna þeim... og segir ekkert um bókina.“ *Brynhildur Björnsdóttir*




### Sérðu harm minn, sumarnótt?

**Bjarki Bjarnason**

„Ljóðrænn og grípandi titill.“ *Brynhildur Björnsdóttir*

„Hrikalega tilgerðarlegur titill.“ *Soffía Auður Birgisdóttir*

### Hann

**Börkur Gunnarsson**

„Einfaldur og sterkur titill. Segir ekki mikið, svo mig langaði að vita meira og fór og kynnti mér um hvað hún var. Fyrst ég bar mig eftir því, hefur eitthvað tekist vel til. Flott kápa spillir ekki fyrir.“ *Pétur Jónsson*

„Hver? Einhver maður bara. Veit ekki meir.“ *Vigdís Þormóðsdóttir*

### Vince Vaughn í skýjunum

**Halldór Armand Ásgeirsson**

„Þetta er skemmtilega utan af kanti og talsvert grípandi og eftirminnilegt, ekki bara af því að ég hef gaman af Vince Vaughn.“ *Þorgils Jónsson*

„Fyrir utan popptexta sem innihalda titla annarra dægurlaga, er ekkert hallærislegra en bókartitlar með nöfnum frægðarfólks.“ *Stefán Pálsson*

## Álitsgjafar

**Brynhildur Björnsdóttir** dagskrárgerðarmaður
**Brynja Þorgeirsdóttir** dagskrárgerðarmaður
**Kolbeinn Óttarsson Proppé** upplýsingafulltrúi
**Ólafur Sindri Ólafsson** þýðandi
**Pétur Jónsson** tónlistarframleiðandi
**Ragnheiður Tryggvadóttir** blaðamaður
**Soffía Auður Birgisdóttir** bókmenntafræðingur
**Stefán Pálsson** sagnfræðingur
**Sunna Ben** listamaður
**Viðar Eggertsson** leikhússtjóri
**Vigdís Þormóðsdóttir** upplýsingafræðingur
**Þorgils Jónsson** blaðamaður
**Örn Úlfar Sævarsson** hugmyndasmiður og spurningahöfundur

VEÐLÁN ALLT AÐ 50 MILLJÓNUM

Græddu á gulli

Kaupumgull.is

# Kaupum gull

## silfur, demanta, málverk og vönduð úr.



**STAÐGREIÐUM ALLT GULL, SILFUR, PLATINUM, DEMANTA**

Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.



**Kaupum alla demanta**

**VEÐLÁN ALLT AÐ 50 MILLJÓNUM.**

Lánum allt að 50 milljónum kr. gegn veði í gulli, silfri, demöntum, gömlum peningaseðlum, vönduðum úrum eða málverkum eftir íslenska meistara.

**KAUPUM GÖMUL OG NÝ ÚR**

Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



**STAÐGREIÐUM VERK EFTIR ÞEKKTA ÍSLENSKA OG ERLENDA LISTMÁLARA**

Gunnlaug Blöndal, Jóhannes Kjarval, Svavar Guðnason, Flóka, Erró, Ásgrím Jónsson, Nínu Tryggvadóttur, Karólínu Lárusdóttrir, Jón Stefánsson, Georg Guðna.



**UMSAGNIR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM**

Ég kom með föður mínum með skartgripi sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um 150.000 kr. virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is á 580.000 kr. Til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir. **Sigríður Jónsdóttir**

Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarið ár á Íslandi og undantekningalaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is. Þau eru fljót að meta, vandvirk og áreiðanleg. **Jóna Guðmundsdóttir**

**OPIÐ Í KRINGLUNNI 3. HÆÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11-18**

3. HÆÐ Í KRINGLUNNI (Hjá Læknastöðinni)
Sími: 661 7000 // www.kaupumgull.is

KAUPUM GULL KG




**HIÐ ÓGNVÆNLEGA ÁTTHYRNDA BÚR** Aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari. MYND/GETTY



**Í BÚRINU UM SÍÐUSTU HELGI** Georges Saint-Pierre varði heimsmeistaratitil sinn í umdeildum bardaga. MYND/GETTY



**ROYCE GRACIE BERST Í UFC** kynnti heiminn fyrir brasilísku jiu-jitsu.

# Ofbeldisfyllsta íþrótt í heimi

UFC fagnaði 20 ára afmæli um síðustu helgi. Í upphafi UFC var allt leyfilegt og gróft ofbeldið vakti hörð viðbrögð. Með árunum hefur íþróttin þróast og nú eiga Íslendingar sinn fulltrúa í búrinu.



Símon Birgisson
simon@frettabladid.is

Fyrsta mót UFC var haldið fyrir 20 árum í Denver árið 1993. Þá var hugtakið „blandaðar bardagaíþróttir“ ekki til heldur hafði hver bardagamaður sinn eigin stíl. Sumir kepptu í boxi, aðrir í karate eða mu thai og enn aðrir í glímu. Tilgangurinn með fyrsta UFC-mótinu var að leiða mismunandi stíla saman og sjá hvaða bardagaaðferð væri best. UFC sótti innblástur sinn víða að, til að mynda í tölvuleikinn Mortal Kombat sem var á þessum tíma afar umdeildur fyrir gróft ofbeldi. Það voru engir þyngdarflokkar eða lotur heldur mættust keppendur í átthyrnda búrinu og börðust þar til yfir lauk.

Fyrsti sigurvegarinn í UFC var ungur, slánalegur piltur sem barðist í karateslopp. Hann hét Royce Gracie og var hluti af fjölskyldu sem hafði búið til nýja tegund af sjálfsvarnarlist – brasilískt jiu-jitsu. Royce Gracie tók hvern andstæðinginn af fætur öðrum, dró þá á gólfið og læsti í stöðum sem ómögulegt var að losna úr. Royce Gracie sýndi heiminum mátt brasilísks jiu-jitsu en óyfirlýstur tilgangur fyrstu UFC-keppninnar var að auglýsa bardagakerfi fjölskyldunnar.

### Engar reglur

Á þessum tíma var slagorð UFC: Það eru engar reglur! Þegar horft er á upptökur frá fyrstu mótunum er ofbeldið á stundum yfirþyrmandi. Það mátti rífa í hár, berja í pung, rífa sundur varir (kallað „fiskikrókur“), skalla og henda mönnum yfir búrið. Það var reyndar bannað að bíta en í lagi að sparka í liggjandi mann. Það voru heldur engir hanskar líkt og í UFC í dag heldur börðust menn með berum hnefum.

Þessi áhersla UFC á regluleysi var bæði blessun og bölvun. Ofbeldið og blóðið vakti gríðarlega athygli á UFC sem varð á skömmum tíma vinsælt sjónvarpsefni í Bandaríkjunum og aðdáendum fjölgaði hratt. En regluleysið átti líka eftir að kosta UFC peninga og tíma í réttarsölum, sérstaklega eftir að þingmaðurinn John McCain steig fram og líkti UFC við hanaat með lifandi einstaklingum. Þessi stimpill átti eftir að loða við UFC árum saman. Reynt var að bæta við reglum, hinir umdeildu „fiskikrókar“ voru bannaðir, líka að pota í augu og keppendur voru skyldaðir til að vera með hanska.

### Mennskt hanaat

„Mennska hanaatið“ var bannað í einu ríki í Bandaríkjunum og erfitt reyndist að fá leyfi í öðrum ríkjum. Eigendur UFC stefndu í gjaldþrot. Um aldamótin var UFC selt. Nýju eigendurnir voru einlægir aðdáendur blandaðra bardagaíþrótta og gullöld UFC gekk í garð. UFC keypti upp samkeppnina – til að mynda hina vinsælu Pride-bardagakeppni í Japan sem var á tímabili stærri en UFC. Það var ekki bara nýtt fjármagn sem breytti ásýnd UFC. Gamli götubardagastimpillinn var endanlega máður út. Nýjar reglur, með því markmiði að gera bardagana öruggari, voru kynntar og í raun varð ný íþrótt til – MMA eða blandaðar bardagalistir sem allur heimurinn þekkir í dag.

Menn á borð við Anderson Silva og George St. -Pierre urðu stærstu stjörnur blandaðra bardagaíþrótta í sögunni. Það var ekki tilviljun að UFC fékk Kandamanninn George St. Pierre til að berjast við áskorandann Johny Hendricks síðustu helgi þegar UFC fagnaði 20 ára afmæli sínu. Umdeildar ákvarðanir hafa sett svip sinn á þessi fyrstu 20 ár UFC og afmælisviðburðinn var þar ekki undanskilinn. George St. Pierre var laminn eins og harðfiskur af áskorandanum en dómarar veittu Kanadamanninum sigurinn á silfurfati. Umdeild ákvörðun eins og sportið sjálft.

## Finn ekki fyrir stressi í búrinu

„Ég kynntist UFC fyrst þegar ég var 17 ára og æfði karate. Ég byrjaði að æfa með Jóni Viðari Arnþórssyni, sem nú er formaður Mjölnis. Hann hafði fylgst með UFC og Pride og kynnti mig fyrir þessu. Við prófum svo að glíma og höfum ekki stoppað síðan,“ segir Gunnar. Hann segir Pride hafa verið vinsæla í sínum vinahópi en UFC. „Þar voru olnbogahögg bönnuð en það mátti nota svokölluð „fótboltaspörk“ (sparka í menn liggjandi, innsk. blm.). En annars var þetta svipað og UFC. Reyndar voru bara þrjár reglur í UFC á þessum tíma. Það var bannað að pota í augu, nota fiskikróka og bíta. En allt annað var leyfilegt og engar hlífar nema punghlíf og gómur. Engir hanskar eða svoleiðis. Svo þetta var helvíti hart og alls ekki eins sjónvarpsvænt og í dag.“ Gunnar hefur unnið tvo fyrstu bardaga sína í UFC. Hvernig tilfinning er það að keppa í búrinu? „Ég fann ekki svo mikið fyrir stressi eða svoleiðis þegar ég labbaði inn í búrið. Hafði oft keppt með myndavélar á mér áður. En maður finnur fyrir þessu fyrir utan búrið. Það er allt miklu stærra. Fleiri áhorfendur, meiri læti og umstang, fleiri blaðamenn og viðtöl. Þarna er elíta bardagamanna í heiminum og það er ótrúlega gaman og hvetjandi að vera hluti af þessu.“



**GUNNAR NELSON BARDAGAKAPPI** Er eini Íslendingurinn sem keppt hefur í UFC.

## ➜ „Eins og að horfa á klám“



**SÉRFRÆÐINGUR Í BARDAGAÍÞRÓTTUM** Halldór Halldórsson hefur fylgst með UFC frá upphafi.

„Ég byrjaði upphaflega að fylgjast með elstu keppnunum, UFC 1 og þessu fyrsta tímabili. Bardagarnir voru til á VHS-spólum í Bónusvídeói í Mosó. Vinur minn, Steindi Jr., sagði mér frá þessum spólum. Þetta var svolítið eins og að stelast til að horfa á klám, spennandi og bannað. Maður trúði ekki eigin augun þegar menn voru kýldir liggjandi!“ segir Halldór sem hefur lýst UFC á Stöð 2. „Í byrjun var þetta miklu meira ofbeldi en nú er þetta orðin alvöruíþrótt. Ímynd íþróttarinnar er miklu jákvæðari í dag. Harðjaxlaímyndin er að hverfa og með auknu öryggi verður þetta aðgengilegra fyrir almenning. Í dag er MMA ekki lengur jaðarsport fyrir mótorhjólatöffara heldur ein vinsælasta íþrótt í heimi.“



**BLÓÐUG ÍÞRÓTT** UFC hefur oft vakið reiði vegna yfirgengilegs ofbeldis.




DYNAMO REYKJAVÍK

# Heimsbyggðin minnist JFK

Í gær voru fimmtíu ár liðin frá því að **John Fitzgerald Kennedy**, forseti Bandaríkjanna, var skotinn til bana í borginni Dallas í Texas. Fréttamiðlar um allan heim minnast hans af því tilefni, en Kennedy var dýrkaður og dáður um víða veröld.

**Haukur Viðar Alfreðsson**
haukur@frettabladid.is



Fimmtíu ár voru í gær liðin frá því að John Fitzgerald Kennedy, forseti Bandaríkjanna, var skotinn til bana í borginni Dallas í Texas. Fréttamiðlar um allan heim minnast hans af því tilefni, en morðið hefur verið endalaus uppspretta gróusagna og samsæriskenninga í gegn um tíðina.

Skotárásin var gerð klukkan hálf eitt eftir hádegi 22. nóvember 1963 í borginni Dallas í Texasríki. Forsetaflugvélin hafði lent á Love Field-flugvellinum tæpri klukkustund áður og var forsetahjónunum John og Jackie ekið í gegn um miðborg Dallas þar sem áhorfendur stóðu í röðum og fylgdust með.

Með hjónunum í eðalvagni forsetans var John Connally, ríkisstjóri Texas, og kona hans, auk bílstjórans og leyniþjónustumanns. Þegar bifreiðinni var ekið inn Elm-stræti á Dealey-torgi heyrðist háværr hvellur.

### „Þeir ætla að drepa okkur öll“

Margir töldu fyrsta byssuskotið vera púðurkerlingu eða sprengingu úr púströri forsetabifreiðarinnar. Fljótlega varð fólki þó ljóst að ekki væri allt með felldu. Þá ber vitnum ekki saman um hversu mörgum skotum var hleypt af. Niðurstaða Warren-nefndarinnar, sem skipuð var viku eftir árásina, var sú að þremur skotum hefði verið hleypt af.

Eitt þeirra hæfði forsetann í hálsinn og það síðasta í höfuðið. Uppi varð fótur og fit og reyndi forsetafrúin, Jackie Kennedy, að hlúa að eiginmanni sínum. Hann var þó nærri örugglega þegar látinn, enda hafði síðasta skotið gert stórt gat á höfuðkúpu hans við hægra gagnaugað og dreift ögnum úr heila hans og höfuðkúpu yfir bifreiðina.

Connally ríkisstjóri var einnig alvarlega særður, en hann fékk skotsár á bringu, líklega af sömu byssukúlu og hafði áður farið í gegn um háls forsetans. „Nei, nei, nei. Guð minn góður. Þeir ætla að drepa okkur öll,“ öskraði Connally eftir að skotið hæfði hann. Bifreiðin staðnæmdist ekki heldur ók rakleitt á sjúkrahús þar sem Kennedy var úrskurðaður látinn klukkan eitt. Hann var 46 ára.

### Handtekinn í kvikmyndahúsi

Vitni sagðist hafa séð mann vopnaðan riffli í glugga á sjöttu hæð bókasafns við Elm-stræti og staðfesti fjöldi annarra að skotið hefði verið þaðan. Tæpri klukkustund eftir skotárásina fundu lögreglumenn riffil í herbergi á sjöttu hæðinni, auk þriggja skothylkja við fyrrnefndan glugga.

Grunur beindist strax að Lee Harvey Oswald, 24 ára gömlum starfsmanni bókasafnsins, en sést hafði til hans í byggingunni nokkrum sekúndum eftir árásina. Lýst var eftir honum í kjölfarið og var hann stöðvaður af lögreglumanninum J.D. Tippit skammt frá Dealey-torgi. Oswald skaut Tippit fjórum sinnum og lést hann af sárum sínum.

Starfsmaður skóbúðar sá Oswald laumast inn í kvikmyndahús nokkrum mínútum síðar og gerði lögreglu viðvart. Oswald var handtekinn í kvikmyndahúsinu klukkan 13.50, 80 mínútum eftir skotárásina á Dealey-torgi.

### Oswald skotinn til bana

Fréttastofur um öll Bandaríkin fluttu fréttir af skotárásinni og voru venjubundnir dagskrárliðir rofnir til þess að færa þjóðinni tíðindin. Fyrstu fréttir fóru í loftið um tíu mínútum eftir árásina, en þá var ekki vitað um ástand forsetans. Það var skömmu eftir klukkan tvö sem landsmönnum voru færðar þær fregnir að hann væri látinn.

Klukkan 14.38 sór Lyndon B. Johnson varaforseti embættiseið sem forseti Bandaríkjanna. Það gerði hann um borð í forsetaflugvélinni á leið frá Dallas, með ekkju Kennedys sér við hlið. Hann hafði verið í bílalest forsetans og fylgdi honum á spítalann eftir skotárásina.

Oswald neitaði við yfirheyrslur að hafa skotið forsetann en var eigi að síður ákærður um kvöldið, bæði fyrir morðið á Kennedy og einnig fyrir morðið á lögreglumanninum Tippit. Oswald fór þó aldrei fyrir rétt, þar sem hann var skotinn til bana tveimur dögum síðar þegar verið var að flytja hann frá lögreglustöðinni í Dallas í fangelsi.

Það var veitingamaðurinn Jack Ruby sem skaut Oswald í bringuna í kjallara lögreglustöðvarinnar rétt fyrir hádegi 24. nóvember 1963, en hann birtist fyrirvaralaust í miklum mannfjölda sem fylgdist með fangaflutningnum. Oswald var fluttur á sama spítala og Kennedy hafði verið fluttur á tveimur dögum áður, og lést þar af sárum sínum skömmu eftir klukkan eitt eftir hádegi.

Ruby sagðist við yfirheyrslur hafa viljað hlífa ekkju Kennedys við löngum og sársaukafullum réttarhöldum og því ákveðið að drepa Oswald. Árið 1964 var hann dæmdur fyrir morðið og hlaut dauðadóm. Hann lést í fangelsi árið 1967.

Warren-nefndin, rannsóknarnefnd undir stjórn Earls Warren dómsmálaráðherra, komst að þeirri niðurstöðu að Oswald hefði verið einn að verki. Margir Bandaríkjamenn trúa því hins vegar ekki og telja að morðið hafi verið samsæri.




**SÍÐUSTU AUGNABLIKIN** herra og frú kennedy við komu á flugvellinum í dallas, 22. nóvember 1963



**FRÆG FORSÍÐA** - þessi mynd af Lee Harvey Oswald birtist á forsíðu Life


## VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is**, fyrir **20. desember 2013.**

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnplássa. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Æskilegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

**Öllum tilboðum verður svarað.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

## KENNEDYS MINNST Á ÍSLANDI

Kennedy var dýrkaður og dáður um víða veröld, meðal annars hér á landi, og helgina eftir morðið skrifuðu rúmlega 2.500 Íslendingar í minningarbók um forsetann í bandaríska sendiráðinu við Laufásveg. „Samúðaróskir þessar eru okkur til mikillar huggunar í sárum harmi," sagði James K. Penfield, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.

Þá var haldin minningarathöfn um Kennedy í Dómkirkjunni hinn 26. nóvember, þar sem handhafar forsetavalds, ríkisstjórn Íslands, þingmenn og aðrir embættismenn voru viðstaddir. Mikill mannfjöldi fylgdist með athöfninni utan við Dómkirkjuna en hátölurum hafði verið komið fyrir á veggjum hennar. Þá var henni einnig útvarpað í Ríkisútvarpinu.

„Hann barðist fyrir jafnrétti og sáttum milli þjóða. Þetta er hræðileg fregn," sagði Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, í samtali við Morgunblaðið. „Ég hef engin skilyrði til að dæma hvað valdið hefur þessum ósköpum, en segja mætti mér að Kennedy hafi goldið síns umburðarlyndis við litaða menn í Bandaríkjunum," sagði Emil Jónsson utanríkisráðherra. „Ég hef alltaf dáð Kennedy Bandaríkjaforseta því hann hefur ávallt verið talsmaður mannréttinda og mannasættir á alþjóðlegum vettvangi."


ALÞÝÐUBLAÐIÐ
Hinn frjálsi heim skelfingu lostinn
KENNEDY MYRTUR
LYNDON B. JOHNSON 36. FORSETI BANDARÍKJANNA
Síðustu fréttir:

VÍSIR
• Líf og starf Kennedys, bls. 3
• Myndir frá morðinu á bls. 5
Ákærður fyrir morð KENNEDYS
MIKILL BARÁTTUMAÐUR OG MIKILL MANNASÆTTIR

Tíminn
KENNEDY MYRTUR



**STÆRSTA LETRIÐ** – fyrirsögnin var í 72 punkta letri, því stærsta sem Tíminn notaði

## MENN HENTU ÖLLUM VERKEFNUM FRÁ SÉR

Kári Jónasson blaðamaður starfaði á Tímanum þegar fregnir bárust af skotárásinni.

„Þetta var '63, fréttaárið mikla. Fyrst Surtsey og svo Kennedy," segir Kári í samtali við Fréttablaðið. „Ég var úti að sinna einhverju, nýbyrjaður sem fastur blaðamaður, og kom svo inn á ritstjórn og þá var allt í uppnámi. Menn hentu öllum verkefnum frá sér."

Kári var sendur upp á loft þar sem hann þýddi fréttaskeyti frá Noregi. „Mitt hlutverk var að skrifa viðbrögð forsætisráðherra Norðurlandanna við morðinu. Það sem er eftirminnilegast er að Indriði G. Þorsteinsson, sem var ritstjóri þá, hringdi og fékk samband við Salinger, blaðafulltrúa Hvíta hússins."

Kennedy var myrtur á föstudegi og blaðið kom út á laugardegi. Kári rifjar upp leturstærðina í fyrirsögninni, en hún var stigin í botn. „Það var 72 punkta letur, stærsta letrið sem Tíminn var með, enda var þetta alveg svakalegt mál." Í blaðinu var sagt frá viðbrögðum embættisfólks um allan heim og skrifaðar voru nýjar forystugreinar. Rándýrar símamyndir voru síðan fengnar að utan og segir Kári að Tíminn hafi náð að gera málinu góð skil.

Kári telur að Íslendingum hafi þótt dauði Kennedys sérstaklega hörmulegur vegna þess að Lyndon B. Johnson varaforseti hafði heimsótt Ísland nokkrum mánuðum áður. „Það var mikið um að vera og hann vakti mikla athygli niðri við Stjórnarráð þar sem hann hélt ræðu. Þarna stóð hann með stóra kúrekahattinn sinn og nefið, og fólk gat komið að honum og fengið undirskriftir. Þess vegna held ég að þetta hafi snert Íslendinga meira. Svo má ekki gleyma því að Jackie vakti kannski eins mikla athygli og Kennedy sjálfur. Allir höfðu samúð með ekkjunni og öllum börnunum."

**„Nei, nei, nei. Guð minn góður. Þeir ætla að drepa okkur öll,"**

*John Connolly ríkisstjóri Texas*


MORGUNVERÐARFUNDUR SVÞ – SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Fimmtudaginn 28. nóvember kl. 8.30-10.00 á Grand Hóteli Reykjavík

# HIÐ OPINBERA EÐA EINKAAÐILAR?



Á Íslandi var einu sinni öll bifreiðaskoðun, ljósvakafjölmiðlun, póst- og símaþjónusta, háskólamenntun og heilbrigðisþjónusta á hendi hins opinbera.
**Hvernig er staðan nú og hvar liggja tækifærin?**


Sólmundur Hólm


Ásdís Halla Bragadóttir


Áslaug Hulda Jónsdóttir


Margrét Sanders


Lárus M. K. Ólafsson


Sigríður Margrét Oddsdóttir

## Dagskrá

**08.00** Húsið opnað, skráning og morgunverður

**08.30** Fundur settur

**Litið um öxl.**
Sólmundur Hólm, útvarpsmaður og eftirherma

**Fjölbreytni í heilbrigðisþjónustu eykur gæði og hagkvæmni.**
Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður Sinnum og EVU

**Valið og valdið.**
Áslaug Hulda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar

**Hvar geta þjónustufyrirtæki leyst hið opinbera af hólmi?**
Margrét Sanders, framkvæmdastjóri hjá Deloitte

**„Ríkið, það er ég" – útvistun hins opinbera á verkefnum.**
Lárus M. K. Ólafsson, lögfræðingur SVÞ

**Fundarstjóri:** Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já

**Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000.**

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr og snjöll

27% afsláttur
**1598 kr. kg**
Verð áður ~~2198~~ kr. kg
Lambahryggur, ófrosinn

GOTT VERÐ!

20% afsláttur
**1098 kr. kg**
Verð áður ~~1398~~ kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

13% afsláttur
**1298 kr. kg**
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lambalæri, ófrosið

**799 kr. kg**
Krónu kjúklingur, heill

13% afsláttur
**1999 kr. kg**
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Krónu kjúklingabringur

35% afsláttur
**2989 kr. kg**
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecode

Nýtt!

TILBÚIÐ BEINT Í OFNINN!

**2898 kr. pk.**
Heil önd, Crispy Duck, hoisinsósa og 24 pönnukökur, 1,06 kg

Nýtt!

**1698 kr. pk.**
1/2 önd, Crispy Duck, hoisinsósa og 12 pönnukökur, 530 g

8 í pk.

**698 kr. stk.**
Emmess Djæf jólaíspinnar, 8 í pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

ALLT Í BAKSTURINN!

199 kr. stk.
Allra smjörlíki, 500 g

2 kg
199 kr. pk.
Allra hveiti, 2 kg

199 kr. pk.
Allra suðusúkkulaði, 200 g

10 í pk.
639 kr. pk.
Brúnegg, vistvæn, 10 stk.

329 kr. stk.
Allra síróp, 640 g

1 kg
253 kr. pk.
Grå Label sykur, 1 kg

293 kr. pk.
Flórsykur, 500 g

352 kr. pk.
First Class kakó, 250 g

149 kr. pk.
FP kókosmjöl, 200 g

# MIKIÐ ÚRVAL AF BÖKUNARVÖRUM

325 kr. pk.
Lindu hvítt súkkulaði, 200 g

216 kr. pk.
Konsum 70% súkkulaði, 100 g

349 kr. pk.
Konsum súkkulaðispænir, 175 g

189 kr. stk.
Kötlu glassúr, 150 g

KRÓNAN
HOLLARI HÁTÍÐ!

## HOLLARI HÁTÍÐ
nýtt blað, stútfullt af uppskriftum og góðum tilboðum!

# Fólk lýgur ekki upp á sig ærsladraugum og umskiptingum

**Steinar Bragi** og **Rakel Garðarsdóttir** gáfu út bókina Reimleikar í Reykjavík nú á dögunum. Í bókinni skrásetja þau nýjar og lítið þekktar draugasögur úr höfuðborginni. Ætlunin er að fylgja bókinni eftir með þáttaröð úr smiðju Vesturports. Steinar Bragi og Rakel útiloka ekki frekara samstarf og Steinar segir fleira rúmast í þessum heimi en einungis brauð og vísindi.

**Ólöf Skaftadóttir**

olof@frettabladid.is

Rakel Garðarsdóttir og Steinar Bragi gáfu nýverið út bókina Reimleikar í Reykjavík. Bókin er byggð á viðtölum við lifandi og í sumum tilfellum dána Íslendinga um nokkrar af alræmdustu draugasögum Reykjavíkur. „Ég hafði lengi safnað að mér draugasögum úr bænum," segir Rakel, „eins og hann." Hún bendir á Steinar Braga. „Ég hafði samband við Forlagið, kynnti fyrir þeim hugmynd að bókinni og þau vísuðu mér á Steinar. Við hittumst og fengum miðla í lið með okkur, bönkuðum upp á hér og þar og fundum fleiri sögur. Loks völdum við úr það besta og Steinar Bragi færði í stílinn."

Fjölmargar ljósmyndir eru í bókinni, bæði nýjar og gamlar, og aftast er kort þar sem byggingarnar eru merktar inn á. „Því er alveg kjörið að fara draugarúnt með fjölskyldunni," segir Rakel.

Þeim finnst báðum draugasögur skemmtilegar og þær höndli alveg áreiðanlega með furður mannsandans. „Ég treysti líka fólki til þess, alla jafna, að ljúga ekki upp á sig mörgum ærsladraugum og umskiptingum – það er ekki eins og það njóti upphefðar af því. Ég veit líka að skynfæri okkar spanna ekki nema brot af litrófi verunnar, og er ekki bjánalegt að eigra aleinn um miðnæturmyrkrið veifandi vasaljósi, neitandi myrkri? Það rúmast fleira í þessum heimi en brauð og ví-si-ndi!" segir Steinar Bragi.

En skyldu þessar draugasögur sem þau hafa valið eiga eitthvað sameiginlegt? Skyldi vera einhver rauður þráður, sem gengur í gegnum þær allar? Rakel jánkar því og segir: „Við lögðum upp með að finna nýjar og sem minnst þekktar sögur, og höfðum sem skilyrði að þær hefðu ekki áður verið skrásettar. Sumar rötuðu á pappír með hjálp miðla sem fóru með okkur í byggingarnar. En áherslan var á þær sem féllu vel að lengri söguþræði, væru ekki eintómar atvikalýsingar sem nóg er af í bænum en leiða aldrei að neinu meira – brak í gólfi, dularfull lykt, spilað á píanó þar sem enginn er. Í stað þess að koma okkur upp tæmandi lista af braki bæjarins vildum við persónugera vandann, nálgast furðurnar með upphafi, miðju og endi."

Ætlunin er að búa svo til þáttaröð úr bókinni – með hvaða sniði verða þættirnir? Þættirnir verða ansi ólíkir bókinni, segir Rakel sem sýslar með þáttagerðina. „Stjórnandi þáttarins gengur um götur Reykjavíkur með hinum ýmsum viðmælendum og kynnir fyrir áhorfandanum valdar byggingar sem allar búa yfir draugasögum. Við spjöllum við fólk sem hefur upplifað eitthvað óvenjulegt í byggingunum og blöndum inn í þetta gömlu myndefni. Byggingarnar eru allar þekktar byggingar í Reykjavík og með þessu fær áhorfandinn heima í stofu nýja sýn á Reykjavík og þær fallegu byggingar sem í henni standa en vilja gleymast í hraða dagsins."

Þau hafa bæði áhuga á frekara samstarfi. „Draugatrú hefur fylgt okkur Íslendingum afar lengi – en lítið verið tekið saman af sögum nú í seinni tíð," segir Rakel, „Ég er alveg til í að safna fleiri svona frábærum sögum saman, með honum Steinari Braga, áður en allar þessa sögur sem í dag eru munnmælasögur, gleymast að eilífu," heldur hún áfram. „Já, það þarf að klára þetta land," segir Steinar, „kíkja á það sem hefur gerst nýlega í eyðibýlum, hellum, gljúfrum, jöklum, ám og á söndunum og fara svo á sjóinn – það er svo margt sokkið og sjórekið. Ég heyrði af þorsktorfu sem gengi aftur í hausnum á forstjóra Samherja, verðum við ekki að skoða það?" segir Steinar Bragi að lokum.



**HEILLAST AF DRAUGASÖGUM** Rakel Garðarsdóttir og Steinar Bragi hafa gaman af draugasögum. Þau segjast vita að skynfæri okkar spanni ekki nema brot af litrófi verunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Núllið í Bankastræti – úr Reimleikum í Reykjavík



**NÚLLIÐ Í BANKASTRÆTI.**

„Núllið í Bankastræti var opnað 17. júní árið 1930, sama dag og Hótel Borg en með minni viðhöfn. Það var með elstu almenningssalernum Reykjavíkur og fékk nafn sitt af stöðu sinni neðst í Bankastræti, en kannski einnig af dulvitaðri löngun til að breiða yfir óaflátanlega losunarkröfu líkamans. Samkvæmt Sigmund Freud er slíkt yfirklór ávísun á nevrósu.

Árið 2005 var kvennadeild Núllsins lokað en hinum megin götunnar (Stjórnarráðsmegin) var karladeildin gerð samkynja þartil einnig henni var lokað ári síðar. Í aðdraganda lokunarinnar var einn klósettvarðanna með hærri laun en borgarstjórinn, og þarmeð hæstlaunaði starfsmaður borgarinnar, vegna óhóflegs svigrúms til yfirvinnu sem hann ku hafa nýtt sér – að sumra sögn vegna ítrekaðra veikindaleyfa samstarfsmanns hans. Raunar er löng hefð fyrir því að klósettverðir beggja megin götu hafi reynst klókir í viðskiptum; framan af rekstri klósettanna gátu konur nálgast pottaleppa, klukkustrengi og dömubindi sunnanmegin, en karlarnir rakspíra, greiður og smokka norðanmegin.

Með tímanum urðu klósettin subbulegri, þau urðu vinsæl hjá sprautufíklum, sniffurum, hórum, rúnkurum og unglingum, og um helgar, þegar opið var fram á nótt, leitaði fólk af öllum stéttum þangað inn til að halda framhjá mökum sínum eða kasta upp. Eftir að Núllinu var lokað hefur sest að fúi í gólfi og veggjum, flísar fallið af veggjum og brotnað og fólk brotist inn og gengið erinda sinna alls staðar nema í klósettin. Hugmyndir eru uppi um að opna þar myndlistargallerí. Við karlaklósettin, bakatil, má gægjast inn um lítinn glugga og ef lýst er inn um hann með vasaljósi sjást þar rottur og í mildu veðri má greina í þeim tístið.

Hvað varðar reimleika á Núllinu sást þar löngum til eldri manns í rakarasslopp sem talinn var einn af fyrstu klósettvörðunum. Lítið bar á honum en þó settist hann á stól í varðarklefanum, skipti um klósettrúllu, gekk sópandi um gólf og drollaði stundum í gættinni. Í seinni tíð hefur sést til hans neðst í tröppunum þar sem hann gægist upp úr þessu handanlífi sínu og fylgist með fólkinu streyma hjá, svipurinn hvorki tiltakanlega glaður né týndur. Kannski veltir hann því fyrir sér hversu fáir komi nú í heimsókn, eða gáir til veðurs, og kannski er veðrið alltaf jafn grátt. Sjáðu ljósið, maður!"

# Jólagjöf jeppamannsins

Glæsilegt rit um Ferðaklúbbinn 4x4 í 30 ár. Um sex hundruð ljósmyndir og kort. Í bókinni er fjallað um sögu klúbbsins og einstakra deilda frá upphafi, sögu jeppa á Íslandi, landmælingar og slóðamál, skála klúbbsins, umhverfis- og tæknimál, ýmis hagnýt ráð fyrir fjallamenn og þannig má lengi telja.

**Það má enginn fjallamaður missa af þessari bók!**







## Endurminningar Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur hefur lengi verið áberandi í íslensku þjóðlífi. Í þessari bók rekur hann dramatíska fjölskyldusögu sína, uppvöxt og áhrifavalda, starf sitt í áratugi sem einn helsti jarðskjálftafræðingur okkar, og ekki síst pólitísk afskipti sín en hann varð snemma tákngervingur fyrir pólitískt andóf gegn hersetu Bandaríkjanna á Íslandi, Víetnamstríðinu, og fyrir baráttu íslenskrar alþýðu fyrir bættum kjörum.

**Opinská og heiðarleg baráttusaga, og jafnframt stórskemmtileg!**

## Ólafur Haukur í essinu sínu!

Strákurinn Óli er að verða að manni – og skáldi. Glæsilegur lokahnykkur á þríleiknum sem hófst með *Flugu á vegg* og *Fuglalífi á Framnesvegi*.

„Bókin er rosalega vel skrifuð ... dásamlegar lýsingar ...“
*Egill Helgason, Kiljunni 30. okt.*

„Það er virkilega hægt að hafa gaman að þesssari bók.“
*Soffía Auður Birgisdóttir, Kiljunni 30. okt.*




**SKRUDDA**
www.skrudda.is

## NOKKRAR AF ÞEKKTUSTU HEIMILDARMYNDUM ALEX GIBNEY



**➜ Enron: The Smartest Guys in the Room,** 2005
Líklega sú mynd Alex Gibney sem er hvað best þekkt hér á landi. Myndin var eins konar forleikur að hruninu, lýsir á ótrúlegan hátt hugarfari forstjóra stórfyrirtækja sem svífast einskis til að græða peninga. Enron var orkufyrirtæki sem var breytt í risavaxinn vogunarsjóð og gjaldþrot fyrirtækisins var það stærsta í sögu Bandaríkjanna. Árið 2010 setti Borgarleikhúsið upp leikritið Enron eftir Lucy Prebble en hún sótti innblástur sinn í myndina.

**➜ Taxi to the Dark Side,** 2007
Hlaut Óskarsverðlaun fyrir myndina sem fjallar um löglegar pyntingar bandarískra hermanna í Afganistan. Myndin skoðar sögu leigubílstjórans Dilawar sem barinn var til dauða af bandarískum hermönnum meðan hann var í haldi í fangelsi í Parwan. Myndin skoðar pyntingar út frá sjónarhorni þeirra sem telja réttlætanlegt að nota pyntingar í ákveðnum tilfellum og líka þeirra sem eru á móti pyntingunum.

**➜ Mea Maxima Culpa,** 2010
Myndin fjallar um fjóra mállausa menn sem voru misnotaðir af kaþólskum prestum á sjötta áratug síðustu aldar í Bandaríkjunum. Mennirnir fjórir voru þeir fyrstu sem sökuðu kaþólska presta opinberlega um misbeitingu. Í myndinni er fjallað um hvernig kirkjan reyndi á öllum stigum málsins að þagga það niður.



**➜ We Steal Secrets: The Story of Wikileaks,** 2013
Sögu Wikileaks eru Íslendingar farnir að þekkja ágætlega. Í myndinni kafar Alex Gibney ofan í bakgrunn Julians Assange, upphafsára hans sem hakkara í Ástralíu, árdaga Wikileaks og þann tíma þegar samtökin springa út. Julian Assange hefur fordæmt myndina og sagt hana gefa skakka mynd af persónu sinni.




**LANCE ARMSTRONG** Var um tíða dáðasti íþróttamaður heims en var sviptur öllum sjö Tour de France titlum sínum fyrir ólöglega lyfjanotkun. MYND/EPA

> „Hann sér sig reyndar enn sem fórnarlamb, eins og hann sé sá eini sem þurfi að borga fyrir þessa lyfjamisnotkun.



**ALEX GIBNEY LEIKSTJÓRI** Hann ætlaði að búa til hetjumynd um Lance Armstrong en hætti við þegar upp komst um lyfjaneyslu hjólreiðakappans.

# HEIMILDARMYND UM LYGI

**Alex Gibney** var nýbúinn að klára heimildarmynd um hetjudáðir og sigra Lance Armstrong þegar hjólreiðakappinn játaði áralanga lyfjamisnotkun. Nú, einum þremur árum síðar, er ný útgáfa myndarinnar tilbúin sem ber titilinn: Lygi Armstrongs. Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto í vikunni.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is



Myndir Alex Gibney eiga það flestar sammerkt að fjalla um lygar og vald. Hann vakti heimsathygli með heimildarmynd sinni um fall Enron; hann hefur fjallað um myrkari hliðar kapítalismans í myndinni Freakonomics, þöggun kaþólsku kirkjunnar á kynferðisglæpum í Mea Maxima Culpa, ofbeldi og pyntingar bandaríska hersins í Óskarsverðlaunamyndinni Taxi to the Dark side og aðalpersóna myndarinnar We Steal Secrets sem kom út á þessu ári er Julian Assange.

### Afdrifarík kynni

Í viðtölum hefur Alex látið hafa eftir sér að hann hafi verið orðinn þreyttur á hinum „myrkari hliðum" mannsálarinnar. Hann hafi langað að gera hugljúfa hetjumynd sem gæti gefið fólki von og jákvæðan innblástur. Þess vegna hafði hann samband við Lance Armstrong – upphafleg áætlun Alex Gibney var að gera sína fyrstu íþróttamynd. Myndin átti að heita The Road back (Vegurinn til baka) og fjalla um síðasta Tour de France-mót Lance Armstrong árið 2009.

Lance Armstrong vann reyndar ekki mótið en myndin var tilbúin, Matt Damon sögumaður og myndin átti að fara á kvikmyndahátíðir eftir nokkrar vikur. Þá steig Floyd Landis fram á sjónarsviðið. Hann var einn af liðsfélögum Lance Armstrong úr hinu ósigrandi US-Postal liði. Þetta var árið 2010 og Floyd Landis uppljóstraði um áralanga og þaulskipulagða lyfjamisnotkun liðsins. Annar liðsfélagi Lance Armstrong, Tyler Hamilton, steig fram og gerði slíkt hið sama og hafin var rannsókn á ásökunum þeirra félaga.

Reyndar var Lance Armstrong ekkert óvanur því að vera ásakaður um lyfjamisnotkun. Sá stimpill hafði loðað við hann allt frá því sigurganga hans hófst árið 1999 í Tour de France-keppninni og þar til hann vann sjöunda mótið í röð árið 2005. Áður en þessi ótrúlega sigurganga hófst, sem gerði Lance Armstrong að einum frægasta íþróttamann heims, var besti árangur Lance í Tour de France 36. sæti. Þrisvar sinnum hafði hann tekið þátt án þess að ljúka keppni. Hann var miðlungsgóður hjólreiðamaður sem skyndilega var sá langbesti í heimi. Og yfirleitt ef eitthvað er of gott til að vera satt þá er það ekki satt.

Í dag er ljóst að kynni Lance Armstrong af lækninum Michel Ferrari, sem tók á móti íþróttamönnum í Sviss, umbreytti ferli Lance Armstrong. Ferrari gerði sannkölluð ofurmenni úr íþróttamönnum með notkun á testosteróni, kortisóni og EPO-lyfjum og tók í staðinn tíund af launum þeirra. Lance Armstrong leitaði til Ferrari eftir að eistnakrabbamein gerði það að verkum að hann þurfti að draga sig í hlé frá Tour de France. Kynni þeirra áttu eftir að verða örlagarík. Lance Armstrong var hið fullkomna tilraundýr. Á nokkrum árum millifærði Lance Armstrong hundruð milljóna á svissneska bankareikninga Michel Ferrari og hlaut að launum sjö sigra í erfiðustu íþróttakeppni í heimi.

Lance Armstrong þverneitaði hins vegar alltaf fyrir það að nota ólögleg lyf. Hann kallaði blaðamenn á borð við David Walsh sem héldu öðru fram „lítil tröll". Hann réðst að æru fólks sem steig fram og reyndi að segja sannleikann og notfærði sér lögfræðiher US-Postal liðsins. Eitt dæmi er nuddkonan Emma O´Reilly. Hún var opinber heimild tveggja blaðamanna í bók um meinta lyfjamisnotkun Lance Armstrong. Fyrir vikið gerði Armstrong allt sem hann gat til að leggja líf hennar og starfsæru í rúst og gerði hana reyndar nánast gjaldþrota. Hann sakaði hana um drykkjuskap og lygar. Nú í vikunni átti Lance Armstrong fund með Emmu O´Reilly þar sem hann bað hana afsökunar. Eftir fundinn sagði Emma að Lance hefði reyndar aldrei notað orðið „fyrirgefðu". En hann hefði beðist afsökunar á sinn hátt.

En eitt frægast dæmið um hroka Lance Armstrong er sigurræða hans eftir sinn síðasta sigur í Tour de France árið 2007. Hann beindi orðum sínum til efasemdarfólks og sagði: Ég kenni í brjósti um ykkur. Ég vorkenni ykkur fyrir að eiga ekki stóra drauma. Ég vorkenni ykkur fyrir að trúa ekki á kraftaverk."

### Vel þekkt stef

Alex Gibney segir það undarlega lífsreynslu fyrir heimildarmyndagerðarmann að sjá viðfangsefni breytast úr hetju í skúrk á einni nóttu og vísar þar sérstaklega í frægt viðtal Ophru Winfrey við Lance Armstrong. Hann hafi ekki átt annað val en að endurhugsa mynd sína frá grunni. Hann segist hafa orðið reiður þegar hann heyrði fréttirnar, hann hafi áttað sig á að Lance Armstrong hafi verið að nota hann. Hann hafi verið enn eitt tannhjólið í þessari risavöxnu lygavél.

„Mér fannst hann skulda mér að segja sannleikann," segir Alex Gibney sem var kominn á kunnugleg mið. Hann sá fyrir sér nýja mynd. Mynd sem fjallar um stef sem hann þekkti vel úr rannsóknum sínum á stórfyrirtækjum, kaþólsku kirkjunni og kapítalismanum – lygar og vald. Og hann líkir Lance Armstrong við Julian Assange – segir þá báða blindaða af „háleitum markmiðum sínum" en Lance Armstrong varð hetja krabbameinssjúklinga út um allan heim – dæmi um að með járnvilja og jákvæðni sé hægt að sigrast á öllum erfiðleikum.

Sú saga er þó auðvitað lygi. „Hann sér sig reyndar enn sem fórnarlamb, eins og hann sé sá eini sem þurfi að borga fyrir þessa lyfjamisnotkun," sagði Alex Gibney í viðtali við blaðamenn á kvikmyndahátíðinni í Toronto en í myndinni kemur fram að allir þeir sem tóku við silfur og brons verðlaunum í þeim sjö mótum sem Lance Armstrong vann hafi verið fundnir sekir um lyfjamisnotkun síðar. Sú staðreynd bætir þó ekki fyrir brot Lance Armstrong. Þau sjö ár sem hann vann Tour de France hafa verið þurrkuð út í sögu keppninnar.



# JÓLABAKSTUR

LAUGARDAGUR **23. NÓVEMBER 2013**

## Með kaffinu

**Hví ekki að gera möndlustangir með aðventukaffinu og kókosbollur til gjafa?** **SÍÐA 2**

## Sykur-, ger- og glúteinlaust

**María Krista Hreiðarsdóttir býður upp á sykurlausan valkost.** **SÍÐA 4**

## Í föstum skorðum

**Jólahald bresku konungsfjölskyldunnar er í föstum skorðum.** **SÍÐA 6**

Cadbury COCOA

GÓMSÆTT






GERIR GÆFUMUNINN!

**Gómsætar brownies**

**175 g dökkt súkkulaði, brotið**
**175 g ósaltað smjör, mjúkt**
**40 g Cadbury kakó**
**50 g valhnetur, hakkaðar**
**250 g sykur**
**75 g hveiti**
**3 egg**

**Hitið ofninn í 180 °C. Húðið 20x20 cm form með PAM olíuúða. Bræðið súkkulaðið og smjörið yfir vatnsbaði og kælið síðan lítillega. Þeytið egg og sykur þar til þykkt og áferðin kremuð og hellið yfir súkkulaðiblönduna.**
**Að lokum er hveitið sigtað og því bætt út í ásamt kakóinu og hnetunum. Hellið í formið og bakið í 25-30 mínútur. Skreytið með súkkulaði og karamellu ganach ásamt valhnetum.**



Jólabaksturinn er skemmtilegur.

# Ljúffengt bakkelsi með kaffinu

Jólabaksturinn er líklegast byrjaður hjá einhverjum. Aðrir byrja ekki fyrr en á aðventu. Stundum er bannað að borða kökurnar fyrr en á jólum en margir vilja hafa þær á borðum allan desember. Hvernig væri að byrja aðventuna með því að gera kókosbollur, daim-súkkulaðiköku eða gamaldags möndlustangir?



Franskur koss eða kókosbolla. Eftirlæti sælkerans.

## Kókosbollur

**Allir eru hrifnir af kókosbollum eða frönskum kossi, eins og þessar bollur eru stundum kallaðar. Þær eru líka fallegar til gjafa.**

4 eggjahvítur
300 g sykur
5 matarlímsplötur
Súkkulaðiglassúr
150 g gott súkkulaði
25 g kókosfita
2 dl kókosmjöl

*Þeytið eggjahvítur þar til þær verða stífar. Haldið áfram að þeyta meðan sykrinum er bætt út í þar til blandan verður jöfn og falleg.*

*Setjið matarlím í kalt vatn í fimm mínútur. Vindið blöðin og setjið þau síðan í ½ dl af sjóðandi heitu vatni og látið bráðna vel. Hellið matarlíminu í marengsinn og hrærið stöðugt í á meðan svo engir kekkir komi í deigið. Það þarf að hafa hraðar hendur við þetta.*

*Fyllið sprautupoka og búið til stóra toppa, til dæmis í múffuform. Einnig má setja blönduna á þunnt kex. Ef ekki er til sprautupoki má nota tvær skeiðar. Setjið í kæliskáp þar til blandan stífnar.*

*Bræðið súkkulaði og kókosfitu saman yfir vatnsbaði. Kælið blönduna stutta stund en þekið síðan kókósbolluna með súkkulaðinu. Dreifið loks kókósmjöli yfir ef vill.*



Blaut daim-kaka.

## Blaut daim-kaka

**Þessi kaka líkist „brownies" eða súkkulaðiköku en daim-súkkulaðið gerir hana sérlega góða. Alveg frábær með kaffinu á aðventunni.**

500 g smjör
250 g gott súkkulaði
8 egg
7 dl sykur
5½ dl hveiti
1 tsk. salt
100 g valhnetur, smátt skornar
2 stykki daim-súkkulaði, smátt skorin

*Bræðið smjör og súkkulaði. Þeytið egg og sykur vel saman en bætið síðan öðrum hráefnum saman við. Hellið blöndunni í form 25x35 cm sem hefur verið klætt með bökunarpappír. Bakið kökuna við 180°C í um það bil 40 mínútur. Kælið. kakan á að vera frekar blaut.*





Hægt er að breyta möndlustönginni með því að setja súkkulaði og hnetur á hana.

## Möndlustangir

**Möndlustangir voru oft á borðum hér áður fyrr. Síróp og kanill gera bragðið jólalegt.**

*150 g smjör*
*200 g sykur*
*2 eggjarauður*
*1 msk. ljóst síróp*
*½ tsk. kanill*
*1 tsk. vanillusykur*
*1 tsk. matarsódi*
*300 g hveiti*
Egg til að pensla. Sykur og hakkaðar möndlur til skreytingar.

*Hrærið smjör og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Setjið síðan annað hráefni saman við.*

*Hnoðið deigið vel og skiptið því síðan í sex bita. Búið til pylsulengjur úr bitunum og leggið á bökunarplötu, þrýstið með fingrum létt ofan á. Penslið með eggi, dreifið sykri og möndlum yfir. Bakið ofarlega í ofni við 175°C í 10-12 mínútur. Skerið stangirnar út á meðan deigið er heitt og kælið.*

*Dýfa má kökunum í súkkulaði og nota hnetur í staðinn fyrir möndlur.*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, s. 512-5432, sverrirbirgir@365.is **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




KORNAX
- í allar sortir -



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




María Krista Heiðarsdóttir gaf nýlega út sína fyrstu matreiðslubók. MYND/STEFÁN

# Gómsætar jólamakkarónur

Margir landsmenn þola illa sykur og ger og því getur jólahátíðin með öllum sínum freistingum verið erfiður tími. Nú er komin út ný matreiðslubók sem leggur áherslu á hollar og góðar uppskriftir af brauði og eftirréttum. Allar uppskriftir eru án sykurs, gers og glútens.

María Krista Hreiðarsdóttir hefur haldið úti matarblogginu Krista – matur, heilsa og menning, undanfarna níu mánuði. Þar leggur hún meginháherslu á hollar og góðar uppskriftir sem allar byggja á lágkolvetnafæði og eiga það sameiginlegt að vera sykur-, ger- og glútenfríar. Slíkar uppskriftir henta henni sjálfri og fjölskyldunni afar vel að eigin sögn, enda finnst bæði hveitiofnæmi og óþol fyrir hveiti og glúteni í fjölskyldunni. „Sjálf er ég þriggja barna móðir sem barðist við fitupúkann í mörg ár. Ég breytti síðan algjörlega um lífsstíl og mataræði fyrir átta árum síðan og léttist um 30 kíló. Eftir það hef ég hugsað meira um hollustuna og lágkolvetnamataræðið hentar mér mjög vel. Undanfarna níu mánuði hef ég haldið úti matarblogginu mínu og viðtökurnar hafa verið vonum framar. Ég hef lagt þar sérstaka áherslu á brauðuppskriftir og eftirrétti og hef fundið fyrir góðum viðbrögðum hjá mörgum, sérstaklega þeim sem hafa sykursýki og vilja bara almennt hugsa um línurnar.“

Velgengni matarbloggsins varð til þess að hún var hvött til þess að gefa út sína fyrstu bók fyrir jólin. Ber hún heitið Brauð og eftirréttir Kristu og er nýlega komin í verslanir. „Ég ætlaði mér aldrei að gefa út matreiðslubækur en pressan var mikil á mér. Þetta gerðist allt mjög hratt og vinnan hefur verið mikil undanfarna mánuði en hún hefur jafnframt verið mjög skemmtileg.“

María Krista gefur okkur hér uppskrift að ljúffengum jólamakkarónum sem að hennar sögn koma í staðinn fyrir hinar vinsælu Sörur sem eru mjög sætar þótt þær séu líka afar góðar. „Mörgum finnst Sörur ómissandi yfir jólin og mér líka. Þær eru hins vegar því miður fullar af sykri og því frekar óhentugar. Jólamakkarónurnar koma því í staðinn fyrir þær en þær eru nokkurs konar samruni af Sörum og makkarónum. Þessi útfærsla hér er án sykurs og ég hef súkkulaðið í lágmarki. Bragðið svíkur svo sannarlega ekki.“



Ljúffengar jólamakkarónur geta komið í staðinn fyrir hinar vinsælu Sörur sem eru mjög sætar. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Innihlad

- 120 g möndlumjöl
- 120 g Sukrin Melis
- 120 g eggjahvítur (4 stk.)
- ¼ tsk. salt
- ½ tsk. edik
- ½ tsk. vínsteinslyftiduft
- 8 dropar stevía

### Kaffikrem

- 120 g smjör
- 12 msk. rjómi
- 1 msk. skyndikaffi
- 1 tsk. kakó
- 2 egg
- 3 msk. Sukrin Melis
- 10 dropar stevía, vanillu
- ½ tsk. Xanthan Gum

### Aðferð

Stífþeytið hvíturnar með handþeytara í gler- eða stálskál. Bætið Sukrin út í ásamt ediki, salti og stevíu og þeytið áfram þar til stífir toppar myndast. Bætið möndlumjölinu varlega út í, hrærið með sleikju þar til allt er blandað saman og fljótlegast er að setja deigið í sprautupoka. Klippið framan af pokanum og sprautið litlum doppum með jöfnu millibili á makkarónumottu eða smjörpappír. Bakið í 25 mínútur við 130°C á blæstri. Takið kökurnar út og ef þær eru enn örlítið mjúkar, þá leyfið þeim að standa á plötunni og kólna áður en þær eru teknar af pappír/mottu. Þær harðna á nokkrum mínútum.

### Kaffikrem

Hitið rjóma og kaffi að suðu. Þeytið saman egg, Sukrin Melis og Xanthan Gum þar til það verður létt og kekkjalaust. Gott að gera þetta í litlum blandara. Hellið eggjahrærunni út í kaffirjómann og hrærið þar til kremið þykknar. Takið af hellunni, hellið í skál og setjið í kæli í 30 mínútur. Þegar kremblandan hefur kólnað þá er mjúku smjörinu og kakói bætt út í og þeytt saman á fullum krafti þar til létt og ljóst. Sprautið kremi á makkarónurnar og setjið annan helming yfir. Bræðið að lokum 50 g af 70-85% súkkulaði og dreifið yfir í mjórri bunu eða húðið alveg efri partinn. Makkarónurnar geymast best í kæli.




Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



## FRIÐUÐ OG FALLEG HÚS

**Sigríður Björk Jónsdóttir byggingalistfræðingur annast leiðsögu í göngu um miðbæ Hafnarfjarðar á sunnudaginn klukkan 15. Í göngunni, sem hefst við Hafnarborg, verða friðuð hús skoðuð.**


**NÁMSAÐSTOÐ**
**á lokasprettinum fyrir jólaprófin**
**íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur**
**eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl**
**Öll skólastig - Reyndir kennarar**
*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233

Flott í jólapakkann

Ármúla 18
s. 511 3388
Húsi Máls og menningar
s. 511 3399
Amma mús -handavinnuhús


# GJAFIR SEM GLEÐJA

**MINJA KYNNIR** *Viltu gefa kirsuberjapúða sem sýnir umhyggju í jólagjöf eða snuddu með hækka og lækka-takka? Hönnun með notagildi fæst í Minju.*

Mér hefur lengi fundist vanta fallega hönnunarvöru á skaplegu verði í íslenskar gjafavöruverslanir," segir Örn Svavarsson, kaupmaður í Minju á Skólavörðustíg.

Örn er víðförull og hefur ferðast og búið víða um heim. „Við setjum gjarnan samasemmerki á milli hönnunarvöru og himinhás verðs, en á ferðum mínum í Evrópu og Bandaríkjunum hef ég oft og iðulega rekist á fallega hönnunarvöru sem einnig hefur mikið notagildi og er á skaplegu verði."

Minja er heillandi heimur íslenskrar og erlendrar hönnunar og á verði við allra hæfi.

„Okkur hefur tekist að finna gott úrval af fallegum nytjahlutum héðan og þaðan úr heiminum og stundum hafa tilviljanir og kunningsskapur leitt okkur í sambönd við framleiðendur sem við höfum mikið dálæti á, eins og í tilfelli nútímalistasafns New York-borgar, MoMA, en tengdasonur frænda besta vinar míns í New York stjórnar þar heildsölunni," segir Örn.

Minja stendur á frábærum stað við Skólavörðustíg og sjón er sögu ríkari þegar inn er komið.

„Fyrir hátíðarnar er andrúmsloftið jólalegt á Skólavörðustíg og notalegt að koma inn úr kuldanum í Minju og finna jafnvel jólagjafir handa öllum á einum stað," segir Örn, innan um úrval af skemmtilegri hönnun fyrir alla aldurshópa.

„Til dæmis um vinsælar jólagjafir má nefna kirsuberjakjarnapúða sem hitaðir eru í örbylgju og settir á aumar axlir eða önnur eymsl og losa um vöðvabólgu. Þetta er gjöf sem sýnir umhyggju. Úrvalið er mikið af litlum smámunum sem gleðja og kæta, enda sér maður gesti Minju brosa þegar þeir koma í búðina," segir Örn.

Hvert sem litið er má sjá eigulega muni sem eiga sameiginlegt að vera skemmtilegir og einstakir.

„Areaware hefur marga hönnuði á sínum snærum, eins og Ross Menuez sem gerir dýrapúðana vinsælu og hannaði meðal annars kjól á söngkonuna Björk. Þá tökum við nýlega inn klukkur og aðra tæknilega hluti frá frönsku fyrirtæki sem sérhæfir sig í gamaldags stíl og hefur unnið til margra verðlauna fyrir gripi sem meðal annars Pompidou-safnið í París notar sem viðmið um hönnun frá ákveðnum tímabilum," útskýrir Örn.

Íslensk hönnun er líka áberandi í Minju með fallegum vörum frá Siggu Heimis, Hlín Reykdal, Heklu, Hári úr hala og fleirum á einstaklega góðu verði.





**MINJA** Það er ævintýri að skoða fallega muni í gluggum Minju á Skólavörðustíg.
MYND/GVA




**MINJA**
***Skólavörðustíg 12. Skoðið vefverslun Minju á www.minja.is***


SIGURBOGINN
WOLFORD
Svartar, brúnar og gráar sokkabuxur - OPAQUE 70 DEN kr. 3.900
(Fullt verð kr. 4.900)
Wolford
Á meðan birgðir endast!
WWW.FACEBOOK.COM/SIGURBOGINN
SIGURBOGINN

Plokkfiskur
hollur kostur á 5 mín.

GRÍMUR KOKKUR

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA

Sendu sms-ið barn í númerið 1900
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur
unicef

# Íslenskur kalkúnn á
# Þakkargjörðardaginn

Kærkomið tilefni til að fylla
gæðakalkún og njóta
í góðra vina hópi



## Mangó- og aprikósufylling

- 4 dl soðið kúskús
- 1 mangó skrælt og skorið í teninga
- 15 þurrkaðar aprikósur, skornar í bita
- 5 cm engiferrót, smátt söxuð
- 3 msk pistasíuhnetur
- 5 brauðsneiðar, skorpulausar og skornar í bita
- 50 g bráðið smjör
- 2 egg
- 2 msk Mangó chutney
- Salt og pipar

Blandið öllu hráefni vel saman og fyllið kalkúninn. Kryddið og setjið smjörklípur á fuglinn. Setjið kalkúninn inn í 190°C heitan ofn í 15 mín eða þangað til fuglinn verður fallega brúnn. Breiðið álpappír vel yfir fuglinn. Lækkið hitann í 150°C og steikið fuglinn áfram í 45 mín/kg eða þangað til kjarnhiti nær 71°C.

Verði ykkur að góðu

Nonni og Stína

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

ATARNA

- Holda kalkúnn frá Reykjabúinu er hollur
- Hreint kjöt án allra aukaefna, fitusnautt og létt í maga
- Fæst í flestum matvöruverslunum

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á
**kalkunn.is**

Holda
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

# FANN BREYTINGU TIL BATNAÐAR

*Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni sem virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.*

Fjölnir Kvaran Brynjarsson var með mikil óþægindi vegna mataróþols og ristilkrampa til margra ára. Hann breytti mataræðinu en fann ekki þá breytingu sem hann vonaðist eftir. „Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist líðanin til mikilla muna, ristilkrampinn hvarf og ég þoli glúten og sykur betur en áður. Ég tek tvö hylki á dag með morgunmatnum. Ef það kemur fyrir að ég gleymi að taka hylkin koma gömlu einkennin aftur,“ segir Fjölnir. „Ég er ekki lengur algjörlega upptekinn af því hvað ég set ofan í mig og finn mikinn mun á mér.“




# LÆKKAÐU KÓLESTERÓL Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** *Ateronon-fæðubótarefni markar tímamót þegar kemur að því að viðhalda góðri heilsu hjarta og æðakerfis.*

Ateronon er fyrsta og eina fæðubótarefnið sem inniheldur líffræðilega virkt lycopene. Eitt hylki af Ateronon á dag getur hamlað oxun LDL-kólesteróls í blóði, allt að 90% á átta vikum. Virka efnið í Ateronon er lycopene, öflugt andoxunarefni sem Miðjarðarhafsmataræði er ríkt af og hefur löngum verið tengt við gott ástand æðakerfis hjartans. Lycopene er náttúrulegt andoxunarefni sem finnst í tómötum og öðrum rauðum ávöxtum. Ateronon var þróað með það að markmiði að gera náttúrulega vöru sem hefur skýran, vísindalegan ávinning og jákvæð langtímaáhrif á líf fólks.



Vísindamenn í Cambridge hafa í samstarfi við matvælafyrirtækið Nestlé uppgötvað nýja leið til að gera lycopene líffræðilega virkt svo líkaminn geti nýtt það betur en áður hefur þekkst. Ateronon er einstakt efni og er einkaleyfisskráð uppgötvun á náttúrulegu efni.

Hömlun oxunar á LDL-kólesteról er lykillinn að því að hindra að fyrirstaða myndist í slagæðum. Ateronon bætir að auki blóðflæði um allan líkamann. Fyrirstaða í æðum gerir það að verkum að blóð hefur ekki eins greiða leið út í líkamann og getur valdið heilsutjóni. Ateronon er auk þess eina fæðubótarefnið sem með góðum árangri hamlar oxun LDL-kólesteróls og er staðfest með rannsóknum. Ateronon má taka með lyfseðilsskyldum lyfjum. Það er unnið á náttúrulegan hátt og hefur engar þekktar aukaverkanir.

Fólk sem þolir ekki soja, tómata eða mysuprótein getur ekki notað vöruna. Hylkin innihalda ekki erfðabreytt efni (GMO free).




**UMSAGNIR SÉRFRÆÐINGA:**

*„Algjörlega ný leið í meðferð við háu kólesteróli í blóði.“*
***Prófessor Anthony Leeds stjórnarmaður í HEART UK***

*„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL-kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum til langs tíma.“*
***Dr. Howard Sesso, aðstoðarprófessor í læknisfræði við Harvard-háskóla í Boston***

*„Æðakölkun, þrengingar af völdum kólesteróls í slagæðum, er stór áhættuþáttur þegar til heilablóðfalls kemur. Við vitum að andoxunaraefnaríkt mataræði er ákjósanlegt til að minnka þrengingarnar og við fögnum niðurstöðum þessara rannsókna.“*
***Dr. Peter Coleman, rannsóknarforstjóri samtaka um heilablóðfall á Bretlandi***

**100 krónur af hverjum pakka renna til söfnunarátaks Hjartaheilla fyrir nýju hjartaþræðingartæki.**



**GÓÐ LAUSN** Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Ateronon hafi vakið mikla athygli lækna.

# YES LÍFRÆNT SLEIPIEFNI

*Oft er það að konur, sem eru komnar á breytingaskeiðið, hafa nýlega eignast barn, verið í meðferð við krabbameini eða vegna langtíma veikinda, stríða við þurrk í leggöngum.*

Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Yes sleipiefnin séu hönnuð af tveimur konum og seld í Bretlandi og víðar um heim. „Ummæli neytenda um vöruna hafa verið mjög jákvæð og hafa læknar í Bretlandi einnig mælt með því að konur sem stríða við þurrk í leggöngum noti vöruna,“ segir hún.



„Yes sleipiefnin innihalda bæði olíubasa (oil-based) og vatnsbasa (water-based) sem er hægt að nota með gúmmíverjum,“ útskýrir Birna og bætir við að einnig sé fáanlegt Yes Baby fyrir fólk í barneignahugleiðingum. Pakkningin inniheldur bæði sleipiefni sem eru sæðisvæn og egglosunarpróf ásamt sleipiefnum sem er gott að nota eftir egglos.

Fjallað hefur verið um þetta nýja lífræna efni í mörgum helstu tímaritum í Bretlandi. Þar er meðal annars haft eftir Anne Brember, yfirhjúkrunarfræðingi á krabbameinsdeild á Basingstoke og North Hants Hospital í Bretlandi:

„Ég finn að Yes lífræna sleipiefnalínan er kærkomin lausn fyrir skjólstæðinga okkar sem þjást af þurrki í leggöngum og á kynfærasvæði í kjölfar krabbameinsmeðferðar. Konurnar upplifa efnið á þægilegan hátt á viðkvæmri slímhúðinni auk þess sem það veitir þeim þægilega öryggistilfinningu á ný í tengslum við kynlíf.“

Já línan er sérstaklega hönnuð fyrir konur sem stríða við þurrk í leggöngum og slímhúð.

- ✔ Já sleipiefnin eru unnin úr lífrænum innihaldsefnum og hafa hlotið lífræna vottun frá The Soil Association, Bristol UK.
- ✔ Já sleipiefnin innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina.
- ✔ Já sleipiefnin klístrast ekki og eru rakagefandi fyrir slímhúðina.
- ✔ Já sleipiefnin má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir.

**Nánari upplýsingar eru á www.icecare.is**

Já línan fæst í apótekum og heilsuverslunum.

# DREGUR ÚR VANLÍÐAN

*Náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa.*

Fyrir um það bil ári fann ég fyrir breytingum á líkamanum. Þetta var á sama tíma og þegar ég var að fara í gegnum erfitt tímabil í einkalífinu. Ég var viss um að það væri orsök óþægindanna en það reyndist ekki rétt því að þessi vanlíðan jókst bara hjá mér,“ segir Nína Karen Grétarsdóttir. „Þá grunaði mig að einhver „ellikerling“ væri að banka upp á, ég var að byrja á breytingaskeiðinu. Það byrjaði þannig að ég fékk hitakóf í tíma og ótíma. Á næturnar kom það oft fyrir að ég þurfti að skipta um náttföt, þurfti jafnvel að fara í sturtu um miðja nótt.

Þá ákvað ég að skoða hvaða lausn væri í boði án hormóna. Ég prófaði mig áfram og keypti nokkrar tegundir af jurtaefnum sem auglýstar eru fyrir hressar konur á þessum tímamótum. Það virkaði ekkert á mig fyrr en ég kynntist Femarelle.

Nú hef ég notað Femarelle í nokkra mánuði og finn mikinn mun á líðan minni. Það er einfaldlega nýtt líf fyrir mig eftir að ég byrjaði á Femarelle. Hitakófin eru nánast horfin. Ég var komin með liðverki í fingurna, sérstaklega ef ég var að prjóna en nú eru þeir horfnir. Mér líður svo miklu betur, bæði á sál og líkama með Femarelle. Ég mæli eindregið með Femarelle fyrir hressar konur á besta aldri,“ segir Nína.

**LOSNAÐI VIÐ VERKI**

Eva Ólöf Hjaltadóttir segir að sér hafi ekki liðið vel í langan tíma áður en hún kynntist Femarelle. „Ég er á lyfjum vegna sykursýki og sjúkdóms í skjaldkirtli. Ég þyngdist vegna lyfjanna, hef auk þess þjáðst af gigt með tilheyrandi verkjum. Mér fannst óþægilegt að vera innan um margt fólk og var farin að finna fyrir þunglyndi. Einnig átti ég erfitt með að vera í hávaða og var að einangrast gagnvart félagslífi,“ segir Eva Ólöf.



**ALLT ANNAÐ LÍF** Eva Ólöf Hjaltadóttir segir að líf sitt hafi breyst mjög til batnaðar eftir að hún kynntist Femarelle. MYND/STEFÁN

„Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Ég las umfjöllun um Femarelle og leist vel á að prófa náttúrulega, hormónalausa meðferð, sérstaklega þar sem sagt var að hylkin gætu minnkað verki. Núna hef ég tekið Femarelle inn í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf.

Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn minn, fer í sund á hverjum degi og sæki félagsvist og bingó,“ segir Eva glöð í bragði. „Mig er hætt að verkja um allan líkamann. Ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því ef ég er með verk tek ég aukalega inn af því. Það besta við þetta allt er að börnin mín og tengdabörn segja að ég sé aftur orðin lífleg og hress. Þá finnst mér mun meira gaman að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim alla athygli. Ég hef misst ellefu kíló án þess að hafa haft fyrir því vegna þess að mér líður betur og get hreyft mig óhindrað. Ég er ánægð með Femarelle-hylkin, mér líður vel af þeim og hef mælt með þeim við vinkonur mínar.“








# JÓLAHLAÐBORÐIÐ Á BORÐIÐ TIL ÞÍN

*VEITINGAHÚSIÐ EINAR BEN KYNNIR Einar Ben er rótgróinn staður í veitingahúsaflóru borgarinnar þar sem haldið er í íslenskar hefðir. Andi Einars Ben svífur yfir vötnum og stemmingin er heimilisleg.*

Hjá okkur fá gestirnir jólahlaðborðið beint á borðið til sín. Fólk getur því setið í rólegheitum en þarf ekki að standa í biðröð eftir matnum. Hjá okkur getur það notið kvöldsins og tekið inn jólin,“ segir Einar Gústafsson, matreiðslumeistari á veitingahúsinu Einari Ben.

Einar Ben er rótgróinn staður í veitingahúsaflóru Reykjavíkur. Húsið var byggt árið 1907 og þar var athafnamaðurinn og skáldið, Einar Ben með lögmannsskrifstofu. Andi Einars svífur yfir vötnum í salarkynnum hússins og veggina prýða meðal annars myndir af Einari Ben.

Á annarri hæð eru þrír veitingasalir, Rauða herbergið, Bláa herbergið og Brúna herbergið. Rauði barinn er svo á þriðju hæðinni en hann rúmar yfir hundrað gesti. Á þriðju hæðinni er einnig Einarsstofa, notalegt herbergi sem rúmar tíu manns. Þaðan er útsýni yfir Ingólfstorg og er Einarsstofa afar vinsæl fyrir smærri hópa sem vilja vera í næði.

Andrúmsloftið á Einari Ben er heimilislegt og þar er haldið í íslenskar hefðir. „Við stílum inn á íslenskt eldhús og notum íslenskt hráefni. Við eldum íslenskan mat og á à la carte seðlinum okkar er að finna rétti eins og fiskisúpu, lambafillet og lambaskanka, steiktan lax, rauðsprettu og saltfisk. Á jólahlaðborðinu er að finna íslenskt hangikjöt, sinnepssíld, reyktan lax og grafinn og villibráðapaté. Aðalréttir eru hangikjöt, purusteik, lambasteik og kalkúnabringur, svo eitthvað sé nefnt.



**RÓTGRÓINN STAÐUR**
Á veitingastaðnum Einari Ben geta hópar setið í næði í Einarsstofu.

Jólahlaðborðið hefst í dag og verður fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Ef hópar vilja jólahlaðborð í miðri viku er sjálfsagt að verða við því. Verðið er 7.900 krónur á mann. Við erum einnig með tveggja rétta tilboð á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, ótengt jólahlaðborðinu, á 3.500 krónur á manninn.

Opið er öll kvöld frá klukkan átján og er eldhúsið opið til klukkan tíu. En ef fólk er seinna á ferðinni segjum við ekki nei, það þekkist ekki hjá okkur.

Gjafabréfin okkar eru einnig góð gjöf við öll tækifæri en allir sem koma og borða hjá okkur fram til áramóta, fá tuttugu prósenta afslátt á kaupum á gjafabréfi.“

Einar Ben er við Ingólfstorg en allar nánari upplýsingar má fá í síma 511 5090 eða á www.einarben.is. og á facebook.



**ÍSLENSKT ELDHÚS**
Einar Gústafsson, matreiðslumeistari á Einari Ben, heldur í íslenskar hefðir.
MYND/DANÍEL

## JÓLAKLIPPING OG RÚNING

**Í HÚSDÝRAGARÐINUM**
**Klaufir nautgripa verða snyrtar og sauðfé rúið í Húsdýragarðinum á sunnudaginn. Guðmundur Hallgrímsson sér um þessi þörfu verk en með honum verður föruneyti Ullarselskvenna frá Hvanneyri sem vinna munu band úr ullinni jafnóðum og Guðmundur rýr.**

**Guðmundur fræðir gesti garðsins um leið og hann vinnur og svarar spurningum. Þá mun hann hafa meðferðis sérstakan klaufsnyrtingarbás svo verkið gangi örugglega fyrir sig.**

**Rannsóknir hafa sýnt að kúm, sem eru klaufsnyrtar reglulega, líði almennt betur, nyt þeirra er meiri sem og frjósemi.**

**Byrjað verður að snyrta klukkan 12 og verður klaufsnyrtingunni lokið klukkan 13. Rúningur hefst strax að lokinni klaufsnyrtingu og búast má við að allar ær og eini hrútur garðsins verði komin með jólaklippinguna klukkan 16.**





**LAUFABRAUÐ**
Gestir geta fengið tilsögn í laufabrauðsútskurði í Viðey á sunnudaginn.

## GERIST HÚSFREYJA Í VIÐEYJARSTOFU

Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík, mun miðla af visku sinni í Viðeyjarstofu á sunnudaginn og kenna gestum hvernig skera eigi út laufabrauð. „Ég sker oft út laufabrauð fyrir jólin með fjölskyldunni og bý þá til deigið sjálf,“ segir Margrét en í Viðey verður til sölu tilbúið laufabrauð sem fólk getur skorið út. Margrét segir alla geta skorið út í laufabrauð með réttum leiðbeiningum en nokkur list felist í að gera það fallegt. „Við munum sýna fólki hvernig á að skera og festa niður munstrin, hvernig á að pikka og steikja þannig að kökurnar verði ekki of brúnar. „Svo verður líka að passa að slétta úr þeim þegar þær koma upp úr pottinum svo þær verði fallegar,“ segir Margrét en Friðgeir Ingi hjá Gallery Restaurant/Viðeyjarstofu mun standa vaktina við steikarpottinn og sjá til þess að gestir fari heim með gómsæt listaverk í öskjum.



**SKÓLASTÝRA**
Margrét gerist húsfreyja í Viðeyjarstofu á sunnudaginn og leiðbeinir gestum við útskurðinn.

Margrét mælist til þess að gestir taki með sér laufabrauðsjárn og hnífa til útskurðar en einnig verða einhver áhöld á staðnum. Þátttakendur geta skráð sig til leiks með því að bóka far með ferjunni. Bókanir berist í síma 533-5055 eða með tölvupósti á videyjarstofa@videyjarstofa.is. Ferjan siglir frá Skarfabakka klukkan 13.15, 14.15, 15.15 og síðasta ferja aftur til baka fer klukkan 16.30.

## Við Grunnskólann í Hveragerði er laus staða umsjónarkennara 2. bekkjar, frá 1. janúar nk. og út skólaárið.

Einkunnarorð skólans eru: **viska, virðing og vinátta** og þessum gildum er ætlað að móta allt dagleg starf okkar. Í skólanum eru um 330 nemendur í 1.-10. bekk. Skólinn er grænfánaskóli og lögð er áhersla á nýtingu nánasta umhverfis við kennslu. Í þeim tilgangi er starfrækt útikennslustofa og umhverfismálum er vel sinnt. Tónlistarkennsla er á skólatíma á vegum Tónlistarskóla Árnessýslu.

Umsóknum má skila í afgreiðslu Hveragerðisbæjar eða í tölvupósti til skólastjóra, **fanney@hveragerdi.is**
**Umsóknarfrestur er til 10. des.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
**Fanney Ásgeirsdóttir, skólastjóri, í síma 660-3912**

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

## Öflugur læknaritari

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður leitar að öflugum læknaritara. Um er að ræða fullt starf sem læknaritari ásamt ýmsum öðrum tilfallandi skrifstofustörfum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.
Að VIRK - Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með auknini virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Nánari upplýsingar um VIRK - Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

### Hæfniskröfur:

- Læknaritari með haldgóða reynslu af læknaritarastörfum, löggilding er kostur
- Fagmennska, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni
- Jákvætt viðmót og sveigjanleiki
- Góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð færni í að koma frá sér máli í ræðu og riti



TALENT RÁÐNINGAR
| Linnetsstíg 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. desember nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

## VIÐ LEITUM AÐ ÁRANGURSDRIFNUM EINSTAKLINGUM MEÐ MIKLA SAMSKIPTAHÆFNI!

1912

### ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

#### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Símsvörun
- Móttaka viðskiptavina
- Skráning og eftirfylgni pantana
- Önnur tilfallandi verkefni í þjónustuveri

#### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun eða góð reynsla í matvælageiranum æskileg
- Góð tölvufærni
- Geta til þess að vinna undir miklu álagi
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í starfi
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

Um er að ræða tímabundið starf til a.m.k. eins árs. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:30 – 16:30. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Elísa Þorkelsdóttir skrifstofustjóri í s. 821-8426.

### LAGERSTARFSMENN Á DAGVAKT OG KVÖLDVAKT

#### STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Móttaka vara
- Tínsla pantana m.a. vinna við vöruturn
- Frágangur vara á lager
- Pökkun og merking
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við lagerstjóra

#### HÆFNISKRÖFUR

- Lyftararéttindi
- Hreint sakavottorð
- Kostur ef fyrirliggjandi er reynsla af vöruhúsakerfi Navision
- Nákvæmni, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og vilji til að klára verk sín vel
- Stundvísi, þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

Vinnutími á dagvakt er alla virka daga frá kl. 7:00 til 16:30 og á kvöldvakt mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-21:30. Æskilegt er að umsækjandur geti hafið störf sem fyrst. Frekari upplýsingar um störfin veita lagerstjórar: Vigfús Sverrir Lýðsson fyrir dagvakt í s. 824-8535 og Svavar Geirfinnsson fyrir kvöldvakt í s. 821-8450.

**1912** er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Það þjónar dótturfélögum sínum Nathan & Olsen, Ekrunni og Góðu fæði með því að samnýta mannauð, tæki og aðrar auðlindir til að ná fram hagkvæmni í rekstri. Jafnframt er 1912 samnefnari þeirra gagnvart starfsfólki sem er í dag 100 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík þar sem jafnframt er rekið vel útbúið mötuneyti. Að auki er starfsstöð á Akureyri.

Gildin sem starfsfólk hefur að leiðarljósi eru:
**Frumkvæði - Liðsheild - Áreiðanleiki - Ástríða**

#### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Áhugasamir um starf sendi umsókn á: atvinna@1912.is merkta því starfsheiti sem um ræðir. Greina skal frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast sér í starfi. Umsjón með ráðningu hefur Inga Guðrún Birgisdóttir, mannauðstjóri. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðingu hefur verið tekin.
**Umsóknarfrestur er til 2. desember.**

Cocoa Puffs | Heinz | Dove | McVITIE'S | Dole | Neutral | Gott fæði | Dan Sukker | Cheerios

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8500 | Fax 530 8501 | www.1912.is

VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2010 | VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2011 | VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2012

Ekran | Nathan & Olsen hf

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

BAUHAUS er ein stærsta verslanakeðjan á byggingasviði í Evrópu og rekur yfir 220 verslanir í 15 Evrópulöndum. BAUHAUS er frumkvöðull að hugmyndafræðinni „allt undir einu þaki". Markmið BAUHAUS er að geta boðið viðskiptavinum sínum mikið vöruúrval, faglega ráðgjöf, góða þjónustu og gæðavörur á góðu verði á einum stað. BAUHAUS hefur verið starfrækt í rúm 50 ár og hefur fyrir löngu sannað tilveru sína með gríðarlegu vöruúrvali, gæðavöru, faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu.

**BAUHAUS®**

**Allt fyrir hús, heimili og garða**

**Við leitum að öflugum sölumanni í viðbót við okkar frábæra hóp starfsmanna:**

## Sölumaður í timburdeild

Verkefnin þín verða fyrst og fremst sala og ráðgjöf til viðskiptavina um glugga, hurðir, parket, timbur og tengdar vörur. Iðnmenntun og/eða vöruþekking sem nýtist í þessu starfi er mikill kostur. Reynsla af sölustörfum er einnig vel metin. Traustvekjandi, jákvæðir, ábyrgir, þjónustulundaðir og skipulagðir umsækjendur eru boðnir sérstaklega velkomnir.

Frekari upplýsingar finna áhugasamir inn á heimasíðu okkar **www.bauhaus.is**, undir flipanum **Um Bauhaus/Atvinna í Bauhaus.**

Þangað skal einnig beina umsóknum.

**Umsóknarfestur er til 4. desember 2013**




ÍSLENSKA SIA.IS LYF 66703 11/13

*Í boði er góð starfsaðstaða í einu veðursælasta bæjarfélagi landsins. Vinnustaðurinn er líflegur og umhverfið notalegt. Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess að veita viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.*

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.*

*Hæfniskröfur: Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.*

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2013 og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsóknir sendist á netfangið hallur@lyfja.is
Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, í síma 530-3800 eða hallur@lyfja.is

HEILSUGÆSLAN

## Barnalæknir
### við heilsugæslustöðina Sólvangi

**Laus er staða sérfræðings í barnalækningum við Heilsugæslustöðina Sólvangi frá 1. janúar 2014 eða samkvæmt frekara samkomulagi. Um 50% starfshlutfall er að ræða, ótímabundið. Umsóknarfrestur er til 8. desember 2013.**

**Heilsugæslan Sólvangi þjónar íbúum Hafnarfjarðar.**
**Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar er að finna á www.heilsugaeslan.is/heilsugaeslustodvar/solvangur/**

Starf barnalæknis felst einkum í venjubundinni ung- og smábarnavernd.
Boðið er upp á fjölbreytt starf í örvandi starfsumhverfi og góðum starfsanda.

Æskilegt er að umsækjandi sé sérfræðingur í barnalækningum en til greina kemur að ráða sérfræðing í heimilislækningum. Mikilvægur eiginleiki er færni í mannlegum samskiptum og áhugi og vilji til að starfa í þverfaglegu teymi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Emil L. Sigurðsson, yfirlæknir Sólvangi í síma 550-2600 eða með tölvupósti: emil.larus.sigurdsson@heilsugaeslan.is

Sækja skal um starfið rafrænt á vefsíðu Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is) eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).
Umsókn skulu fylgja staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu K. Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 8. desember. n.k..
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Reykjavík, 23. nóv. 2013. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. www.heilsugaeslan.is/. Álfabakka 16,109 Reykjavík*



# Sixt óskar eftir fjármálafulltrúa

- **Vinnur þú vel undir álagi?**
- **Ertu skipulögð / lagður**
- **Ertu talnaglögg / glöggur?**
- **Ertu snillingur í Excel?**

**Starfssvið:**
- Reikningagerð
- Afstemningar viðskiptamanna
- Tímaskráningar starfsmanna
- Innheimtur
- Almenn skrifstofustörf
- Símsvörun
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf
- Reynsla af reikningagerð skilyrði
- Þekking á Opus kostur
- Góð framkoma og þjónustulund
- Tungumálakunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Bílpróf

**Umsóknir berist til Sixt rent a car, Fiskislóð 18, 101 Reykjavík eða á tölvupóstfangið anton@sixt.is fyrir föstudaginn 6. desember. Nánari upplýsingar veitir Anton Smári Rúnarsson.**

**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

- Stórglæsileg hæð að stærð 132,5 m²
- Nýbygging
- Vandaðar innréttingar
- Frábær staðsetning í miðbæ Hfj.

Verð: **39,7 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

MIÐBORG fasteignasala
Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

Björn Þorri Viktorsson Hrl. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson Hrl. og lögg. fasteignasali

### Tómasarhagi 44

**Opið hús sunnudag á milli 15.00 og 15.30**




Falleg og töluvert endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi á vinsælum stað í Vesturbæ Reykjavíkur. Eldhús og baðherbergi nýlega endurnýjað. Hús er í góðu ástandi. Stærð 88fm. **V. 29,9m.**
Nánari uppl. um eignina veitir Gylfi Þórisson í síma 822-0700

# ÞEGAR ÓGNARJAFNVÆGIÐ RASKAÐIST

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** uppgötvaði ekki fyrr en fyrir tiltölulega skömmu hvað saga Býsansríkisins er ógnarlega dramatísk og örlagaþrungin. Og þar ber hæst söguna um Heraklíus keisara, einhverja harmrænustu hetju Rómarsögunnar.



Það er ekki gott að segja hvernig maður velur sér þau tímabil í sögunni sem maður gerir svo að sínum sérstöku áhugamálum. Ég lenti snemma í Rómaveldi hinu forna og undi þar síðan lengi, en ég man ekki fyrir mitt litla líf hvers vegna. Jú, ég var bara táningsstrákur þá og segir ekki klisjan að táningsstrákar hafi áhuga á orrustum og hasar, ég hef gengið glaður inn í þá klisju og ekki vantaði svo sem hasarinn í sögu Rómaveldis, né orrusturnar, drottinn minn dýri, þetta voru eintómar orrustur! Og öngvir „bændur sem flugust á“ – ónei, heldur glæstir herforingjar sem sitjandi á stríðsfákum stefndu tugþúsundum þrautþjálfaðra hermanna sinna til bardaga, gráir fyrir járnum, heróp rekin upp, blikar á gljáfægð sverð, hvinur í hárbeittum örvum í loftinu, mannhafið æðir fram, barist til síðasta manns – svoleiðis eitthvað. Í þá daga leiddi ég ekki svo mjög hugann að því hvaða andskotans rétt herforingjarnir höfðu til að hætta lífi dáta sinna, oftast af heldur fáfengilegum hégómlegum ástæðum, valdagræðgi, peningagræðgi, heiðursgræðgi … sem sagt aðallega græðgi. En táningsstrákurinn taldi einhvern veginn sjálfsagt að heyja allar þessar orrustur og taldi það heldur ljóð á ráði herforingjanna ef þeir hikuðu við að halda skemmtilegan slag.

Svo þroskast maður eitthvað og hættir að telja allt þetta blóðbað eðlilegan hlut, en eftir stendur að saga Rómar er samt sem áður svo sneisafull af dramatík og merkilegum viðburðum á alla kanta, að ég fæ enn ekki hamið mig ef ég rekst í bókabúð á girnilega bók um Rómarsögu, þá verð ég að skoða hana. En þangað til fyrir ekkert mjög mörgum árum, þá lét ég alltaf staðar numið við ártalið 476, þegar stráklingurinn Rómúlus Ágústúlus var hrakinn úr embætti keisara í Ravenna og vestari hluti Rómaveldis var þar með endanlega fallinn í hendur „villimanna“ – þótt raunar sé sú saga miklu miklu flóknari en það. En í austri lifði áfram svokallað Rómaveldi, austurrómverska ríkið, oftast kallað Býsans af sagnfræðingum nútímans – höfuðborgin Konstantínópel eða Mikligarður í munni norrænna manna seinna meir. Og sú saga vakti aldrei neinn áhuga hjá mér, hún var eins og eftirþanki við hina raunverulegu sögu Rómaveldis, Býsansríkið lítið annað en blindgata þar sem púðraðar pempíur fóru um í gullskikkjum og þrefuðu um innantóma guðfræði til að drepast ekki alveg úr leiðindum – örlögin, dramatíkin, hinn mikli sláttur sögunnar víðs fjarri. Eða þetta hélt ég.

## Gráðugir keisarar og kóngar

Hin síðari ár hef ég svo skipt um skoðun. Ef einhvers staðar er dramatík í sögu Rómaveldis, þá er það í sögu Býsansveldisins. Og hvergi er sú dramatík dýpri en í hinni mögnuðu sögu um Heraklíus. Keisarann sem virtist ætla að tapa öllu ríki sínu en tókst með ofurmannlegu átaki að vinna það aftur.

Bara til að tapa því svo öðru sinni.

Í byrjun 7. aldar virtist Býsansríkið standa föstum fótum. Það réði stórum svæðum á Ítalíu, mestallri Norður-Afríku, Egiftalandi, Sýrlandi og Palestínu, Litlu-Asíu (seinna Tyrklandi) og mestum hluta Balkanskaga. Nokkurn veginn yfir landamæri Sýrlands og Íraks nú á dögum horfðist Býsansríkið í augu við annað fornt og glæsilegt stórveldi, Persíu sem réðu hinir svonefndu Sassanídar. Í 400 ár höfðu landamærin legið nokkurn veginn þarna, stundum ríkti friður áratugum saman, en stundum fór einhver gráðugur Býsanskeisari eða Persakóngur í stríð og þá var barist, stundum líka í áratugi, en yfirleitt gerðist fátt í raun og veru, ríkin voru svo jafnsterk og tóku ekki óþarfa áhættu, þetta jafnvægi virtist geta ríkt í mörg hundruð ár enn, og svei mér þá, kannski væri það jafnvel enn við lýði, og Persaveldi og Býsansríkið stæðu ennþá hvort andspænis öðru í Miðausturlöndum, ef ekki hefði nokkuð óvænt gerst.

## Reiddist föðurmissinum

Árið 602 var Býsanskeisara steypt af stóli. Það gerðist nú alltaf öðru hvoru. Þessi hét Mauricíus og var dugmikill herforingi en alltof strangur við dáta sína á Balkanskaga, svo þeir gerðu uppreisn, drápu keisarann og settu einn úr sínum röðum í stað hans. Sá hét Phocas og var óhæfur til flestra verka.

Í Ktesifón, höfuðborg Persaveldis, lyfti stórkonungurinn Khosrá II brúnum við þessar fregnir. Hann hafði þurft að berjast til valda í ríki sínu áratug fyrr, og leitaði þá hjálpar hjá Mauricíusi Býsanskeisara. Sú hjálp var fúslega veitt og meðan þeir ríktu báðir, Khosrá og Mauricíus, var einkar friðsamlegt millum stórveldanna. Raunar kvaðst Khosrá líta á Býsanskeisara sem föður sinn, hvorki meira né minna. Nú, þegar Phocas hafði látið drepa Mauricíus reiddist Khosrá föðurmissinum, nema hann hafi bara litið á þennan atburð sem kærkomið tækifæri til að græða svolítið á kostnað Býsansmanna, altént hóf hann stríð gegn Býsansríki.

> **Svo kom fólk hvaðanæva að góna á örlítinn morkinn húðflipa – og báðu jafnvel bænir til þessa fyrirbæris.**

## „Ætli þú verðir nokkru skárri?“

Nú, undir öllum venjulegum kringumstæðum hefði það ekki þótt neitt sérstakt, jú, slatti af óbreyttum alþýðustrákum hefði týnt lífi, annað stórveldið hefði farið rænandi og ruplandi um landamærahéruð hins, en svo hefði að endingu verið saminn friður, ógnarjafnvægið komist á aftur og stórveldin haldið áfram að horfast í augu. En í þetta sinn fór allt úrskeiðis hjá Býsansmönnum. Það var ekki logið upp á Phocas: á nokkrum árum fóru Býsansmenn mjög halloka fyrir Persum, á Balkanskaga hrundu varnir gegn „villimönnum“ eins og Slövum og Avörum. Það var allt í volli og innanlands líka. Árið 610 ruddist armenskættaður herforingi Býsansmanna til Konstantínópel og hrakti keisarann frá, enda allt upp í loft í ríkinu, Heraklíus hét hann þessi herforingi og var hálffertugur eða þar um bil, það hafði ekki farið miklum sögum af honum áður, en nú lét hann draga hinn fallna Phocas fyrir sig, og öskraði á hann:

„Svo það er svona sem þú hefur stjórnað ríkinu, ræfillinn þinn?!“

„Ætli þú verðir nokkuð skárri?“ hvæsti Phocas, og þá reiddist Heraklíus svo mjög að hann réðist að fyrirrennara sínum og drap hann eigin hendi. Og eru fá dæmi um það í sögunni að einn keisari komist til valda með því að bana sjálfur þeim sem fyrir var, yfirleitt létu valdaræningjar aðra sjá um slíkt fyrir sig. En Heraklíus vílaði sem sagt ekki fyrir sér að sjá um það sjálfur.

Fyrstu ár Heraklíusar í embætti keisara virtust hins vegar ekki benda til þess að hann hefði sérstakt bein í nefinu. Hersveitir hans stóðust sveitum Khosrás Persakóngs engan veginn snúning, það bætti ekki úr skák þegar Gyðingar í ríki Heraklíusar gerðu uppreisn gegn honum og hjálpuðu Persum að leggja undir sig fyrst Sýrland og svo Palestínu, Persar tóku Jerúsalem árið 614 og fluttu þaðan burt hinn allra helgasta grip sem Býsansmenn áttu eða töldu sig eiga – sem sé krossinn sem Jesú hafði verið negldur á. Þá var nefnilega hafin sú mikla dýrkun á „helgum dómum“ sem síðar varð alræmd í kristindómnum og endaði til dæmis með því að fjölmargar kristnar þjóðir lýstu því hróðugar yfir að þær ættu í sínum fórum forhúð Krists – og svo kom fólk hvaðanæva að góna á örlítinn morkinn húðflipa – og báðu jafnvel bænir til þessa fyrirbæris.

Með því að hrifsa burt „krossinn sanna“ var Býsansríkinu greitt ægilegt sálrænt högg, enda var fólk þar með trú sína beinlínis á heilanum. En ekki dugði áfallið að sinni til þess að Heraklíus tæki á sig rögg, hann virtist alveg heillum horfinn, á Balkanskaga fóru Býsansmenn líka hrakfarir, og Egiftaland féll í hendur Persa um 618, allt var að hruni komið, persneskur her var kominn nærri því að borgarmúrum Konstantínópel, og ætli Phocas hafi ekki hlegið í gröf sinni? Heraklíus virtist nú jafnvel enn meiri ræfill en hann, og hugsaði um fátt annað en systurdóttur sína kornunga, sem hann hafði gengið að eiga, kristilegum borgarbúum til hryllings, sem kunnu ekki að meta slík sifjaspell, en Heraklíus kærði sig kolláttan og fór að hlaða niður með Martínu frænku sinni þeirri halarófu af vansköpuðum börnum.

## Allt breyttist

Ríkið, sem aðeins tuttugu árum áður virtist traustlegra en nokkru sinni fyrr, var um 620 komið að fótum fram, Heraklíus íhugaði að yfirgefa höfuðborgina og leggja á flótta, Khosrá beið bara eftir fullnaðarsigri. En þá … þá var eins og Heraklíus yrði skyndilega nýr maður og allt breyttist í einu vetfangi. Það eru dramatískar sviptingar eins og þær sem nú fóru í hönd sem valda því að piltkornið sem fyrr á árum taldi Býsanssögu lítt merkilega situr nú á efri árum og les allt um þetta áfergjulega, gapandi yfir örlögunum. Og þótt það standi nú ekki til að hafa framhaldsgreinar í Flækjusögum, þá verður svo að vera í þetta sinn. Fylgist með eftir viku þegar Heraklíus rís upp úr sinni dýpstu niðurlægingu, þegar Khosrá II er drepinn samkvæmt skipunum úr óvæntri átt, og þegar bæði stórveldin eru gersigruð af nýju og fram að þessu forsmáðu afli …

STÓRVELDIN Í MIÐAUSTURLÖNDUM 600 EFTIR KRIST






BARDAGI MILLI HERAKLÍUSAR OG KHOSRÁS, FRESKA EFTIR PIERO DELLA FRANCESCA, Í KAPELLU HEILAGS FRANS FRÁ ASSISSÍ Í AREZZO Í TOSKANA.

Skóli fyrir þig?
Handverks- og hússtjórnarskólinn Hallormsstað
Langar þig að stunda skemmtilegt nám:
- í heimavistarskóla?
- í góðum félagsskap?
- í fögru umhverfi?

Innritun á vorönn stendur yfir



Uppl. www.hushall.is eða í síma 471 1761


FORLAGIÐ
Bestar í hörðu pakkana
Nýjar íslenskar barnabækur
STROKUBÖRNIN Á SKUGGASKERI
SIGRÚN ELDJÁRN
9+
Lífsreglur Ólafíu Arndísar
Kristjana Friðbjörnsdóttir
9+
MÓI
KÚREKI Í ARISÓNA
6+
Hér koma
Skoppa og Skrítla
2+
www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



Vnr. 41100108
Matar- og kaffistell,
20 stk.

**5.990kr.**

## MIKIÐ ÚRVAL AF BÚSAHÖLDUM



Vnr. 50626765
VALENCIA panna, 28 cm.
**7.990kr.**



Vnr. 42369875
Sósukanna, 0,4 l.
**3.490kr.**



Vnr. 49961649
ROASTER pottur 508.
**3.290kr.**

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**



Vnr. 41114117-8
Pressukanna, 3 bollar,
rauð eða svört.
**2.990kr.**



Vnr. 45002613
Kökuform, 24 cm.
**1.490kr./stk.**



Vnr. 41118569
Mælikanna, 1 l.
**399kr.**



Vnr. 41114115
Hnífur, svartur.
**1.990kr.**



Vnr. 41130411
Kökukefli.
**1.590kr.**



Vnr. 88900789-94
Gardínuinnisería 12 eða
36 díóðuljósa blá eða hvít
120x40 cm eða 120x120 cm.
Verð frá:
**2.190kr.**



Vnr. 88167387
Ljósatré 1,5 m.
200 LED-ljós, hvítt.
**11.990kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.




Komdu og skoðaðu jólaland LEMAX í BYKO Breidd.
Nýjar vörur á hverju ári - Bættu í safnið.

Fæst aðeins í BYKO Breidd og Akureyri.

# Jólavörur á lægra verði

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Vnr. 49800206
Upplýstur jólasveinn, 80 cm.



KLÚBB verð **4.990** kr.
Almennt verð 5.990 kr.



Vnr. 88165979
Snjóbolti, 12 cm, 50 ljós, hvítar og glærar perur.

**1.490** kr.

## Heitar vöfflur í öllum verslunum í dag

Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi í dag laugardag milli kl. 13 og 15.



**KLÚBBVERÐ GILDA FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS**



88949201-7
Útisería, 20 ljós, glær, rauð eða marglit.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð **4.790** kr.
Almennt verð 5.990 kr.



JÓLAHLAÐBORÐ **1.490** kr.
Börn 12 ára og yngri 900 kr

## JÓLAHLAÐBORÐ Í BYKO BREIDD

laugardag og sunnudag kl. 11:30 - 15:00.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

# Bullandi sögur og tilfinningar

Stúlka með maga er skáldættarsaga **Þórunnar Erlu og Valdimarsdóttur**, sögð í fyrstu persónu af móður hennar. Erla Þórdís Jónsdóttir leitar uppi sögu sína og ættarinnar gegnum gömul bréf, dagbækur og skjöl. Bókin segir frá stórfjölskyldu sem ferðast eins og þjóðin öll frá gamla samfélaginu gegnum heimsstyrjaldir inn í það nýja.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Sögusvið bókarinnar er Snæfellsnes, Borgarfjörður, Reykjavík og Kaupmannahöfn. Þórunn móðir Erlu, sem bókin Stúlka með fingur fjallar um, er enskukennari og Jón Alexandersson, maður hennar, forstjóri hlustendaþjónustu Ríkisútvarpsins frá 1930 til dauðadags. Það kom Þórunni mest á óvart í þessari ferð um texta móðurfjölskyldunnar að átta sig á því að Jón og Þórunn, fínir borgarar á Víðimel, lifðu í skugga sýfiliss. Hún segir kominn tíma til að létta bannhelginni af þessum sjúkdómi. Lítið er fjallað um tímann eftir 1951 og bókin full af fínum aldarfarslýsingum og gleði. Ekki skortir strákastand, músík, bíó og böll.

„Mamma hefur auðvitað alltaf verið aðalpersóna í mínu lífi," segir Þórunn spurð hvort þessi bók hafi ekki mallað lengi í undirmeðvitundinni. „Hún hlaut grimm örlög, var bara 42 ára þegar hún fékk krabbamein í andlitið. Þetta er samt alls engin vælubók! Mamma var sterk, jákvæð og töfrandi. Hún segir frá mótunarárum sínum, fram til tuttugu og tveggja ára aldurs. Stiklar mjög lauslega á framhaldinu."



**SKÁLDIÐ** „Fólki finnst alltaf að það sé allt satt í svona bókum."

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Flaggar sýfilisnum

Fyrsti hluti Stúlku með maga fjallar um forfeður Þórunnar og Erlu, annar hlutinn um foreldra Erlu og sá þriðji um Erlu sjálfa. Sagan er sögð í fyrstu persónu með rödd Erlu sem grúskar í gömlum sögum og bréfum og kemst að ýmsu sem hún ekki vissi. „Þetta er skáldættarsaga," segir Þórunn. „Fólki finnst alltaf að það sé allt satt í svona bókum þannig að ég leyfði mér að hafa drekann, ættarfylgjuna, með og fara með fólk út fyrir veruleikann."

Ýmsar upplýsingar koma fram í bókinni sem ekki hafa verið á vitorði fólks hingað til. „Það gleður mig að geta flaggað sýfilis ömmu og afa," segir Þórunn. „Það hefur hvílt svo svakaleg bannhelgi á því að fjalla um þann sjúkdóm. Ég þekki fólk með alnæmi sem getur ekki sagt frá því og ég held að öll opinber umræða um þessa sjúkdóma sé af hinu góða. Þetta er síðasta tabúið."

Það eru reyndar ekki nema tvö ár síðan Þórunn fann bréf sem höfðu farið á milli afa hennar og ömmu og komst þá að því í fyrsta sinn að afi hennar hafði smitast af sýfilis og smitað ömmu hennar. „Það var aldrei talað um þetta. Ég veit ekki einu sinni hvort mamma vissi þetta, hún minntist allavega aldrei á það við okkur. Ég hélt alltaf að amma hefði verið með Alzheimer-sjúkdóminn en veit núna að það var þriðja stigs sýfilis sem fór í heilann á henni. Ég fékk auðvitað áfall þegar ég uppgötvaði þetta og er fegin að hafa verið hlíft við þessu á sínum tíma þegar maður var lítill kjáni sem ekki skildi heiminn. Við systkinin fórum lítil með mömmu á Farsóttarheimilið þegar Þórunn amma var orðin mjög veik, með andlit allt í kippum. Þegar ég spurði út í sjúkdóminn sagði mamma að það sem hrjáði hana væri heilarýrnun. Þegar ég hafði jafnað mig eftir áfallið sem bréfin ollu fór ég að skilja alla sögu móður minnar miklu betur og ýmislegt sem hafði áður verið óskiljanlegt féll á sinn stað í púslinu."

### Neitaði að taka í hönd Erlu

Erla, móðir Þórunnar, var einkabarn, minnsti fyrirburi á landinu og kraftaverk að foreldrar hennar skyldu geta eignast barn. Móðir hennar missti fóstur hvað eftir annað. Erla hætti í háskólanum ólétt í annað sinn og sættist við það hlutverk að verða móðir og húsmóðir. Hún átti sjö börn og bætti sér upp systkinaskortinn. Þegar hún varð ófrísk námsmey í M.R. varð hún fyrsta stúlkan í sögu skólans, telur Þórunn, sem lét ekki hrekja sig úr skóla þrátt fyrir barneignina. Sú ákvörðun olli því að þegar henni var afhent stúdentsskírteinið á sal menntaskólans tók rektor ekki í útrétta höndina á henni eins og hinum stúdentunum, nokkuð sem Þórunn segir hafa setið í móður sinni alla tíð. „Hún talaði aldrei um það en á dánarbeði sagði hún Lilju systur frá þessari niðurlægingu. Í þessari senu speglast svo mikil kvennasaga að mér fannst að ég þyrfti að gefa þjóðinni þessa bók."

Þórunn segir þó alls ekki við Pálma rektor að sakast í þessu tilfelli, svona hafi hugsunarhátturinn bara verið á þeim tíma. „Sem sagnfræðingur reyni ég í bókinni að láta lesandann skynja að það er hugsunarháttur og tíðarandi sem stjórnar gerðum fólks."

### Sagnfræðin og tilfinningarnar

Er ekkert erfitt að halda sagnfræðilegri fjarlægð á efni sem snertir mann persónulega? „Nei, sagnfræðin er bara styrkur sem og sú reynsla að hafa skrifað nítján bækur um ólík efni, sönn og skálduð. Annar hver roskinn maður á bréf ofan í skúffu. Það voru forréttindi að hafa tíma til að skoða eigin fortíð, allir ættu að finna sér tíma til þess. Hver einasti maður hefur gengið í gegnum einstakar þjóðfélagsbreytingar og allir hafa sögu að segja. Það eru bullandi sögur og tilfinningar í hverri einustu fjölskyldu."

Það skortir ekki tilfinningasveiflurnar í sögu Erlu. Samband hennar við fyrri eiginmann sinn, Valdimar föður Þórunnar, er stormasamt. Þau skilja tvisvar og í síðara sinnið vegna þess að Valdimar á von á barni með annarri konu og segir henni það. Þórunn, þá tíu ára, verður vitni að því samtali, falin á bak við hurð. „Auðvitað voru þetta átök," viðurkennir hún. „En þegar pabbi fer þá er það vegna þess að mamma rekur hann út. Í gamla tímanum eignuðust menn börn framhjá, um það eru dæmi í ættinni og konurnar létu sig hafa það, en það voru að renna upp nýir tímar árið 1965. Mamma jafnaði sig fljótt og fann sér nýjan mann, fór í stúdentadeild Kennaraskólans og kenndi börnum. Mér þótti alltaf óskaplega vænt um pabba, ásakaði hann aldrei. Það sem var sárast var að með honum fóru systkinin næst mér í aldri, Lilja og Trausti, en þar var heldur ekki við hann að sakast, það þótti sjálfsagt á þessum tíma. Hann vildi svo vel."

### Erfiðleikar gott byggingarefni

Erla greindist með beinkrabba í andliti 42 ára gömul og glímdi við hann síðustu þrettán árin sem hún lifði. Missti vinstra kinnbein, auga og efri kjálka, að sögn Þórunnar. „Þetta tímabil er utan bókar, en ég skil að þú hafir áhuga á þessu. Það tíðkuðust sömu hrossalækningarnar við krabbameini þá eins og nú. Mamma fékk gerviauga og kinnbein áfast gleraugum. Það myndi enginn láta bjóða sér í dag, á tíma lýtalækninga. Við systkinin sjö erum öll eldri en hún þegar hún veiktist og þakklát fyrir að hafa heilsu og vera lifandi. Erfiðleikar eru gott byggingarefni. Allar ættir fá sinn skammt af þeim."

Stúlka með maga er sjálfstætt framhald skáldsögunnar Stúlka með fingur, þar sem Þórunn rakti bernsku og unglingsár ömmu sinnar, er ekki næsta skref að skrifa eigin ævisögu og hvað mun hún þá heita? „Það er ekki útilokað, ég djóka allavegana með það – allt þá þrennt er. Í fantasíunni heitir hún Stúlka með höfuð því þegar mælt var ummál stúdentsefna í MH fyrir stúdentshúfurnar var ég með stærsta kvenhöfuðið í árganginum! Tíhí og haha! Ég er með margar bækur í bígerð, satt að segja, hef aldrei skynjað mig yngri en nú. Næsta verkefni er ævisaga Skúla fógeta, föður Reykjavíkur. En best er að segja með fullum fyrirvara eins og Matthías Jochumsson: Ef algóðum Guði þóknast að varðveita mig til þess."

## Erla Jónsdóttir,
### móðir Þórunnar, er sögumaður bókarinnar



**Erla var kvenréttindakona,** sú fyrsta sem útskrifaðist frá M.R. eftir að hafa eignast barn. Börnin urðu sjö eins og hún, einkabarnið, hafði ákveðið í bernsku. Hún greindist með beinkrabba í kinnbeini 42 ára gömul og fékk síðar brjóstkrabbamein sem dró hana til dauða 58 ára gamla.

## → Kaflabrot úr Stúlku með maga

Ó, Jón Alex! Af hverju gerðirðu þetta! Af hverju fórstu ekki til læknis þegar þú fékkst útbrotin! Af hverju eru karlmenn svona tregir til að heimsækja doktora?!

Hún er fullfrísk, útbrotin hurfu skömmu eftir að hún hóf meðferð en það er ekki það. Sálin er kramin í mask. Er svo hrædd um að fá annað stigið og það þriðja. Von hennar um að eignast börn ... að vera komin í hóp sýfilissjúkra ... ó, Guð, á þetta orð við hana? Það var svo hræðilegt að sjá svipinn á Jóu systur.

Jón er skotinn í henni, það býr undir í bréfinu þótt hann þori ekki að segja það frekar en hún. Og hún elskar hann, ó, hún bara grætur og grætur og lokar sig inni og kúrir ofan í koddann, þykist sárlasin, er svo lasin í sálinni, bandar frá sér nemendum, kvíðir því svo að tala um þetta við hann.

Ó, pabbi. Þú hlýtur að hafa heimsótt vafasöm hús í hafnarborgum. En ... það er ekki víst. Vafasöm kona hér heima gæti hafa smitað þig, sjúkdómurinn grasseraði hér líka ljóst og leynt. Æ. Vafasöm kona, sagði ég. Það er hún móðir mín.

RANDALÍN OG MUNDI Í LEYNILUNDI EFTIR ÞÓRDÍSI GÍSLADÓTTUR

FYNDIN OG FJÖRUG!




Fyrri bók höfunda hlaut bæði **Bóksalaverðlaunin** og **Fjöruverðlaunin.**

Vinirnir komast hér í kynni við sérkennilegt fólk, forvitnilega fugla og dularfullan nábít.

**Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.**

BJARTUR

markhönnun ehf

Gildir **23. - 24.** nóv. 2013




BLÓÐ HRAUSTRA MANNA
ÓTTAR NORFJÖRÐ
**3.594** KR




GRIMMD
STEFÁN MÁNI
**4.478** KR




FAGUR FISKUR
SVEINN KJARTANSSON
ÁSLAUG SNORRADÓTTIR
**4.193** KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




VÍSINDABÓK VILLA
VILHELM ANTON JÓNSSON
**2.994** KR




TÍMAKISTAN
ANDRI SNÆR MAGNASON
**2.985** KR




DÍSUSAGA
VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR
**3.774** KR




SÆMD
GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
**3.953** KR




KAFTEINN OFURBRÓK
DAV PILKEY
**2.509** KR




VIÐ JÓHANNA
JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR
**4.133** KR




RANGSTÆÐUR Í REYKJAVÍK
GUNNAR HELGASON
**2.960** KR




MÁNASTEINN
SJÓN
**3.443** KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

## Konráð og félagar á ferð og flugi 71

Bragi Halldórsson

„Jæja, Róbert minn," sagði Kata ákveðin. „Þú heldur því alltaf fram að þú sért svo góður í að leysa sudoku gátur, núna skalt þú leysa þessa." Róbert klóraði sér í hausnum og horfði skelfdur á gátuna. „Eh, ég hef kannski ekki verið að segja alveg satt, ég er ekkert voða góður í að leysa þær," sagði hann skömmustulegur. „Núna er ég búin að æfa mig og æfa og er orðin bara nokkuð lunkinn í að leysa sudoku svo ég vil leyfa ykkur að reyna við þessa," sagði Kata. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Ég mun að minnsta kosti reyna." En Róbert sagði ekkert.

Getur þú hjálpað Konráði og Róberti að leysa þessa sudoku gátu?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | 8 | | 6 | | |
| | 2 | 9 | | | 7 | 4 | | 3 |
| | 1 | | 9 | 4 | 3 | | 8 | 7 |
| 7 | | | 8 | 6 | | 9 | | |
| 6 | | 8 | | | 9 | | | 1 |
| | | 1 | 7 | | | 8 | 6 | 2 |
| 1 | | 7 | | 5 | | 3 | 9 | |
| 2 | 4 | | | | | | 7 | |
| | 8 | 5 | 3 | | 6 | 1 | | |



## Brandarar

Hvað sagði draugurinn við hinn drauginn?
Þú ert alveg ofboðslega gegnsær!

Pabbi! kallar Anna.
Já, elskan mín.
Verða kálfarnir á mér að nautum þegar ég verð stór?

Einu sinni var kona sem setti nærfötin sín í kínverskt þvottahús. Þegar hún fékk fötin til baka voru ennþá blettir í nærbuxunum.
Þá sendi hún miða með fötunum: Nota meiri sápu í fötin.
Þá fékk hún miða til baka: Nota meiri pappír!






## Fær ofurkrafta úr spínati



Stjáni blái var um árabil í dagblöðum ein vinsælasta teiknimyndahetja heims. Hann átti vinkonu sem hét Stína stöng og bjó hann yfir ofurkröftum því hann borðaði svo mikið spínat. Stjáni blái á líka stóra pípu sem þjónar margvíslegum tilgangi, stundum er hún kíkir eða flauta og stundum sýgur hann spínatið í gegnum hana eins og rör. Höfundur Stjána bláa hét Elzie Segar og hófu myndasögurnar göngu sína árið 1930 í Bandaríkjunum. Árið 1958 tók Bud Sagendorf við keflinu og hélt áfram að glæða Stjána bláa lífi í dagblöðum. Hann var einu sinni spurður að því af hverju Stjáni blái æti allt þetta spínat. Hann sagði það hafa verið gert til að afsaka yfirnáttúrulega krafta hans. En getur maður í alvörunni orðið sterkari af því að borða spínat eins og Stjáni blái? Jú, í sumar sönnuðu vísindamenn í Svíþjóð, að efnið nítrat, sem finnst í miklum mæli í spínati, hjálpi til við að byggja upp vöðva. Það er því ekkert að því að bæta smá spínati á diskinn sinn – ef maður vill verða stór og sterkur eins og Stjáni blái.




**ÞÁTTASTJÓRNANDI** Kristín Ísafold myndi taka viðtal við sjálfa sig ef hún fengi að velja hvaða viðmælanda sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Æfir viðtölin á pabba

Kristín Ísafold Traustadóttir, átta ára, er einn af sjö umsjónarmönnum sjónvarpsþáttarins Vasaljóss sem hefur göngu sína á RÚV í dag. Hún var spenntust fyrir að tala við Stúf og Pál Óskar og uppáhaldsmaturinn hennar er sushi.

**Hvert er þitt hlutverk í Vasaljósi?** Ég er með innslag sem heitir „Á kollinn hjá Kristínu Ísafold". Ég tek viðtöl við þekkt fólk sem ég hitti á Laugaveginum.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir þáttinn?** Ég æfi spurningarnar mjög vel þannig að ég þurfi ekki að lesa þær af blaði og sé ekki alltaf að hika. Svo hef ég æft mig á pabba.

**Hvern hlakkaðir þú mest til að tala við?** Ég hlakkaði mest til að tala við Stúf og Pál Óskar.

**Ef þú mættir velja hvern sem er til að taka viðtal við, hver yrði fyrir valinu?** Ég sjálf.

**Í hvaða skóla og í hvaða bekk ertu?** Ég er í 3. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.

**Hvað er skemmtilegast og leiðinlegast að læra í skólanum?** Mér finnst skemmtilegast að læra stærðfræði. Mér finnst ekkert leiðinlegt því þetta er svo skemmtilegur skóli.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Sushi.

**Hvaða bók finnst þér skemmtilegust?** Ég hef ekki lesið svo margar bækur, en ætli „Ljónið, nornin og skápurinn" verði ekki fyrir valinu.

**Langar þig að verða sjónvarpskona þegar þú verður stór?** Ég skipti svo oft um skoðun og þarf að gera svo margt þegar ég verð stór. Mig langar til dæmis að verða leik- og söngkona, læknir, dýralæknir og hjúkka, ballerína, fimleikastjarna og sjónvarpskona og fullt annað.

# ÓLÆSINGINN HITTIR BEINT Í MARK!

## Ærslafull gamansaga eftir höfund Gamlingjans. Full af húmor og hlýju.

Eldklár stelpa frá Soweto, tvíburi sem ekki er til, Svíakóngur, ísraelska leyniþjónustan og sex, kannski sjö kjarnorkusprengjur koma saman í ótrúlegri atburðarás sem ógnar heiminum – eins og hann hefur hingað til þekkt sig.

Glæný bók eftir höfund **Gamlingjans sem skreið út um gluggann og hvarf** sem notið hefur fádæma vinsælda.




1.
Metsölulisti Eymundsson
Vasabrotsbækur - skáldverk
13.11.13 – 19.11.13

1
BÓKSÖLU LISTINN
Þýdd skáldverk
11. 11.- 17. 11. 2013

***„Hittir frábærlega í mark. Aftur."***

Metro (um **Ólæsingjann**)

***„... „feel good"-skáldsaga af bestu gerð ... grípandi og léttgeggjuð."***

Sydsvenskan (um **Ólæsingjann**)

***„... ótrúleg saga og fyndin."***

Gotlands Allehanda (um **Ólæsingjann**)

★ ★ ★ ★ ★

***„Fullkominn skemmtilestur."***

Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið (um **Gamlingjann**)

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1. Voðarkaggi fyrir duggur (10)
6. Vælir sem hundur á hraðferð (9)
11. Hvöt búa að sínum kúltur en fáu öðru (14)
12. Óvænt rannsóknin slær botn í bráðræði (7)
13. Vessalítrinn er rugluð steik (12)
14. Örg egna til voðaverka (9)
15. Lærisveinn Leníns bar á hnéð (10)
19. Sperrukind er lítill þurfalingur (8)
22. Frá flengja og fjarlægja Börk (6)
24. Um mannfýlumáta og annan skepnuskap (13)
25. Hópsál framdi verknaðinn (7)
26. Skorða ævi í umgjörð alda (9)
29. Fá ei latir koparrauða? (7)
30. Lána bát fyrir slegna slóð (6)
31. Útrými útsmognum á auðnarhólum (9)
33. Gætti skyttu og þakti vel (7)
35. Karlar á valdi tilfinninga ýta undir (9)
38. Innundanskæði skal yst bera (11)
40. Gerum boð eftir mönnum (6)
41. Glamúrdíll á pallíettukjól (9)
42. Burt–svæfðu nú og svínaðu (7)
43. Góður penni eignast bók (6)

**LÓÐRÉTT**
1. Tímdi litlu þegar fuglar komu (7)
2. Sögðu frá kláru (7)
3. Ippon í fjörinu sem fylgdi því (13)
4. Vænti Góu og félaga innan tíðar (8)
5. Ósanngjörn fær falska vitrun (7)
6. Kór og raulið hans eru eitt og hið sama (7)
7. Hvíttum kornland með túnmurtum–nú eða bara jurtum (12)
8. Skortíta lætur stór trítla (8)
9. Gullufsi mun skríkja meðal skálda (8)
10. Skúr við á og pollar þar hjá (8)
16. Garðyrkjurvera frá Melmac (3)
17. Þetta kennir fólki að ríða nætur á Netinu (8)
18. Skýlaus krafa: Verðlaunum jaka (7)
20. Girntumst flóa með fáum stráum hálms (9)
21. Bein er sprottin eftir bókinni (9)
22. Hér greinir frá snyrtu og frágengnu (9)
23. Styrkt innheimta stríðsmaskínur (9)
24. Kynda herbergi með lágmarksorku (11)
27. Er þessi hálfblinda skepna bara skítadreifari? (9)
28. Capone hafði kraft á við bíl segja þær sem allt geta (9)
32. Bolta má ei handfjatla fyrir utan tilfelli sem þetta (7)
34. Vekja máls á stríðni og snupra þá seku (6)
36. Þau eiga hvorki líf né dauða (5)
37. Sæki sjó fyrir skarpar (5)
39. Silkimjúki forsetinn vestra (4)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| H | Á | L | F | S | L | A | P | P | I | R | | K | | | H | | Ó | | H |
| Á | | Æ | | K | | S | | E | | É | L | J | A | G | A | N | G | U | R |
| S | K | R | E | Y | T | I | L | I | S | T | | Ö | | | K | | Á | | Æ |
| E | | A | | R | | N | | S | | T | | T | | S | K | Ó | F | A | R |
| T | Æ | P | I | T | U | N | G | U | L | A | U | S | T | | A | | U | | I |
| A | | O | | U | | | | F | | R | | K | | Ó | R | Æ | Ð | A | R |
| H | Á | K | A | R | L | A | F | Ö | N | G | U | R | U | M | | R | | F | |
| L | | A | | N | | L | | T | | L | | O | | A | L | S | E | T | T |
| U | | N | Ó | A | | Ú | | U | | Í | | K | | K | | L | | A | |
| T | Ó | N | F | R | Æ | Ð | I | N | Á | M | S | K | E | I | Ð | A | N | N | A |
| | S | | Á | | | A | | U | | U | | U | | Ð | | S | | V | |
| | K | | | B | A | R | N | M | A | R | G | R | A | | | A | | E | |
| Ú | R | V | A | L | | | Ý | | F | | O | | R | Á | N | M | O | R | Ð |
| | Á | | | E | | | L | E | T | I | L | Í | F | | | A | | Ð | |
| E | Ð | L | U | K | Y | N | I | | Ö | | S | | A | F | U | N | D | I | N |
| | I | | | B | | | Ð | | K | L | Ó | A | K | | M | | R | | E |
| G | R | Á | M | Y | G | L | A | | U | | T | | Ó | M | B | L | Í | Ð | I |
| | | V | | T | | | M | E | N | N | T | I | N | | E | | F | | S |
| H | V | Ö | T | T | U | | Ó | | U | | A | | G | E | R | D | U | F | T |
| | | L | | A | | Æ | T | T | M | A | N | N | S | | A | | R | | I |

Lausnarorð síðustu viku var
**EINHYRNINGUR**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Við Jóhanna eftir Jónínu Leósdóttur frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ragnar Halldór Blöndal , Reykjavík.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fyrirbæri sem er bæði afstætt, teygjanlegt og mismikilvægt í huga fólks og fari, en hlýtur þó alltaf að teljast heldur af hinu góða. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi **27. nóvember** næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt **„23. nóvember"**.




**FRÓÐLEIKURINN** Risaeðlur slá í gegn



# Risaeðlur og lögfræðingar

**Hér er listi yfir tíu vinsælustu myndir ársins 1993 í Hollywood.**

1. Jurassic Park er vinsælasta mynd ársins. Steven Spielberg færði vísindaskáldsögu Michaels Crichton á hvíta tjaldið. Tæknibrellurnar voru ótrúlegar og sannkallað risaeðluæði greip um sig meðal ungs fólks.
2. Mrs. Doubtfire er klassísk grínmynd með Robin Williams og Sally Field í aðalhlutverkum. Robin Williams var einn vinsælasti grínleikari heims á þessum tíma. Í myndinni leikur hann leikara í forræðisdeilu sem dulbýr sig sem kona og ræður sig sem húshjálp hjá eigin börnum.
3. The Fugitive. Harrison Ford leikur Richard Kimble, lækni sem sakaður er um að hafa myrt konuna sína. Tommy Lee Jones fer á kostum sem lögreglumaðurinn á hælum Kimbles sem gerir allt til að sanna sakleysi sitt. Stingur sér meira að segja fram af stíflu í frægasta atriði myndarinnar.
4. The Firm er ein af þessum frábæru lögfræðimyndum sem gerðar voru eftir bókum Johns Grisham á tíunda áratugnum. Myndin skartaði Tom Cruise í aðalhlutverki. Hann leikur ungan lögfræðing sem fær draumastöðuna hjá risavöxnu lögfræðifyrirtæki þar sem ekki er allt sem sýnist.
5. Sleepless in Seattle er rómantíska gamanmyndin á listanum. Tom Hanks og Meg Ryan voru ofurstjörnur og áttu eftir að heilla áhorfendur í þessari hugljúfu ástarsögu.
6. Indecent Proposal fær lélegustu einkunina á IMDB af öllum myndunum á þessum lista. Hún skartar stórleikurunum Robert Redford, Demi Moore og Woody Harrelson og fjallar um konu sem samþykkir að hafa mök við mann fyrir eina milljón Bandaríkjadala.
7. In the Line of Fire. Hér er það sjálfur Dirty Harry eða Clint Eastwood sem leikur aðalhlutverkið, lífvörð forseta Bandaríkjanna, sem veigrar sér ekki við að fórna eigin lífi fyrir föðurlandið. Ekta spennutryllir.
8. The Pelican Brief er önnur myndin á þessum lista sem gerð eftir bók Johns Grisham. Julia Roberts leikur aðalhlutverkið á móti Denzel Washington en myndin fjallar um ungan laganema sem uppgötvar viðamikið samsæri af tilviljun.
9. Schindler's List er önnur mynd Stevens Spielberg á listanum. Svart-hvítt seinni-heimsstyrjaldardrama um Oskar Schindler sem bjargaði lífi fjölda gyðinga. Senur þar sem gyðingar voru teknir af lífi í gasklefum vöktu mikinn óhug.
10. Cliffhanger. Sylvester Stallone sneri aftur eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir í gamanleik í alvöru hasarmynd í leikstjórn Rennys Harlin. Fjallgöngur hafa aldrei verið jafn hættulegar.




# FORSALA Á RAFBÓK!

## Skuggasund eftir Arnald Indriðason

---

# Eldri bækur Arnaldar

## á **30% afslætti** á meðan forsölu stendur




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurnætur | Einvígið | Furðustrandir | Grafarþögn | Mýrin |
| Arnaldur Indriðason | Arnaldur Indriðason | Arnaldur Indriðason | Arnaldur Indriðason | Arnaldur Indriðason |

---

Gildir til 28. nóvember

*Njóttu þess að lesa jólabækurnar,*
***hvar og hvenær** sem er!*

*Njóttu þess að lesa ...*

eBækur

www.ebækur.is



## 90 ára afmæli

**Bragi Hlíðberg**

fv. deildarstjóri og harmonikkuleikari

**verður 90 ára hinn 26. nóvember nk.**

Af því tilefni vill Bragi bjóða vinum og vandamönnum að fagna með sér þessum tímamótum á sunnudag, 24. nóv., milli kl. 15 og 18 í FÍH-salnum við Rauðagerði í Reykjavík.



†

Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**LILJA MINNÝ ÞORLÁKSDÓTTIR**

lést í faðmi fjölskyldunnar á sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 19. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 29. nóvember klukkan 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnafélag kvenna á Ólafsfirði eða önnur líknarfélög.

**Gunnólfur Árnason**
**Kristín Anna Gunnólfsdóttir** **Kristján H. Jóhannsson**
**Árni Gunnólfsson**
**Sigurbjörg Gunnólfsdóttir** **Sigurbjörn R. Antonsson**
**Heiðbjört Gunnólfsdóttir** **Lúðvík Ásgeirsson**
**Heiðar Gunnólfsson** **Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen**



†

Þökkum einlægan hlýhug og stuðning við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**ÁGÚSTU GUÐFINNU MARÍU ÁGÚSTSDÓTTUR**

sem lést að Droplaugarstöðum 12. október sl.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Droplaugarstaða fyrir frábæra umönnun sem einkenndist af virðingu og kærleika.
Guð geymi ykkur öll.

**Svava Jóhannesdóttir**
**Alda Lára Jóhannesdóttir** **Halldór Klemenzson**
**Jóhanna María, Þórunn Ágústa, Ella og Anna Lillý**







Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

## MERKISATBURÐIR 23. NÓVEMBER



**1700** - Giovanni Francesco Albani varð Klemens 11. páfi.

**1838** - Vígður var nýr kirkjugarður í Reykjavík, Hólavallagarður við Suðurgötu.

**1916** - Karlakór KFUM var stofnaður. Síðar var nafni hans breytt í Karlakórinn Fóstbræður.

**1939** - Suðaustur af Íslandi var háð fyrsta sjóorrusta í heimsstyrjöldinni síðari, er þýsku herskipin Gneisenau og Scharnhorst sökktu breska skipinu HMS Rawalpindi. Þar fórust um 270 menn en 23 var bjargað.

**1947** - Tyrone Power kvikmyndaleikari kom við á Íslandi og vakti heimsóknin mikla athygli.

**1990** - Örn og Örlygur gáfu út Íslensku alfræðiorðabókina með 37 þúsund uppflettiorðum.

**2010** - Norður-kóreski herinn gerði stórskotaárás á suður-kóresku eyjuna Yeonpyeong.

# Fagna 100 ára afmæli tónskáldsins Britten

### Tónleikasyrpan 15:15 heldur hátíðartónleika í Norræna húsinu á sunnudag.

**TÓNLIST** Næstu tónleikar í tónleikasyrpunni 15:15 verða hátíðartónleikar tileinkaðir enska tónskáldinu Benjamin Britten en hann hefði orðið 100 ára í gær. Þeir verða haldnir á sunnudag í Norræna húsinu.

15:15 er röð tónleika sem, líkt og nafnið vísar í, hefjast ávallt á slaginu korter yfir þrjú. Tónleikar þessir hafa verið haldnir reglulega síðan árið 2002. Að baki þeim stendur úrvals hópur sjálfstæðra tónlistarmanna og söngvara. Einn þeirra er óbóleikarinn Eydís Franzdóttir en hún lofar mjög skemmtilegum tónleikum á sunnudag.

„Britten er í rauninni frægasta og besta tónskáld Breta á 20. öld," segir Eydís. Hún vekur einnig athygli á þeirri skemmtilegu staðreynd að fæðingardagur Brittens, 22. nóvember, er líka dagur heilagrar Sesselju, verndargyðju tónlistarmanna í kaþólskri trú. Tónleikarnir á sunnudag hefjast einmitt á kórverkinu Sálmi til heilagrar Sesselju sem Britten samdi við ljóð ensk-bandaríska skáldsins W.H. Auden.

Tónlistarmenn úr ýmsum áttum munu flytja verk Brittens en meðal þeirra er sönghópurinn Hljómeyki, strengjasveitin Dísir og tenórsöngvarinn Eyjólfur Eyjólfsson. „Það er mjög skemmtilegt að fá alla þessa hópa saman," segir Eydís. Hún segir tónlistina gera talverðar kröfur til flytjenda. Ásamt tveimur kórverkum eru einnig á dagskrá útsetningar Brittens á enskum miðaldakvæðum og kvartett fyrir óbó og strengi sem hann samdi aðeins nítján ára gamall, svo eitthvað sé nefnt.

\- bá



**NORRÆNA HÚSIÐ** 15:15 tónlaiekasyrpan fer fram í Norræna húsinu.



> **Britten er í rauninni frægasta og besta tónskáld Breta á 20. öld**
>
> *Eydís Franzdóttir óbóleikari*



†

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför

**EMILS HJARTARSONAR**
***húsgagnasmíðameistara.***

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Sigríður Emilsdóttir** **Ragnar Harðarson**
**Erla Emilsdóttir**
**Guðrún Emilsdóttir** **Gunnar Bjarnason**
**Bryndís Emilsdóttir** **Hjalti Ástbjartsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ERLENDUR SIGGEIRSSON**
**Stangarholti 30,**

lést á Landakoti mánudaginn 18. nóvember. Útför hans mun fara fram föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00 í Hafnarfjarðarkirkju.

**Kristrún Erlendsdóttir** **Sigurður S. Jóhannsson**
**Þröstur Erlendsson** **Hrönn Jónsdóttir**
**Ingibjörg Erlendsdóttir**
**Svala Erlendsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Frændi okkar og vinur,

**PÉTUR R. KRISTJÁNSSON**
**bóndi,**
**Litluvöllum, Bárðardal,**

lést föstudaginn 15. nóvember á sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför hans fer fram frá Lundarbrekkukirkju miðvikudaginn 27. nóvember kl. 14.00.

**Aðstandendur.**



†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**ÞÓREYJAR GÍSLADÓTTUR**
**Dalbraut 14, Reykjavík.**

**Jón Bjarni E. Stefánsson**
**Elís E. Stefánsson** **Sigríður Albertsdóttir**
**Jóna Gísley E. Stefánsdóttir** **Geirmundur Geirmundsson**
**og fjölskyldur.**



†

Okkar ástkæri

**BJÖRN GUNNLAUGSSON**
**hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

lést á heimili sínu hinn 16. nóvember.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.
Þökkum samúð og stuðning.

**Magnús Björnsson** **Margrét Vífilsdóttir**
**Hulda Kristín, Björn, Arnþór Björn, Guðrún Dúfa og Heiðrún Ósk**



†

Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, bróður, mágs og frænda,

**BENEDIKTS G. LEÓSSONAR**
**Mýrarvegi 111,**
**áður Lögbergsgötu 5, Akureyri.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk lyflæknisdeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir frábæra umönnun og einstaka hlýju.

**Fyrir hönd stórfjölskyldunnar,**
**Ásta Alfreðsdóttir**
**Jóh. Pétur Benediktsson**


ICELANDAIR
1011
Fljótlegt og þægilegt
Coca-Cola
Domino's
STÓRLEIKIR UM HELGINA
Laugardag
Everton–Liverpool kl. 12:35
Arsenal–Southampton kl. 14:50
West Ham–Chelsea kl. 17:20
Sunnudag
Man. City–Tottenham kl. 13:15
Cardiff–Man. Utd. kl. 15:45
ENSKI BOLTINN, NET OG HEIMASÍMI Á
8.990 KR.
Gegn 3 mánaða samningi
TOPPBARÁTTAN HELDUR ÁFRAM
Loksins, loksins. Enski boltinn byrjar aftur að rúlla um helgina. Á laugardag hefst fjörið í Bítlaborginni þar sem Liverpool spilar við Everton á Goodison Park. Skytturnar geta haldið toppsætinu með sigri á Southampton og Chelsea mætir West Ham í Lundúnaslag. Á sunnudag mætir Tottenham Manchester City og David Moyes vonast til að halda sigurgöngunni áfram þegar Rauðu djöflarnir spila gegn Aroni Einari og félögum í Cardiff.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | 365.is
SPORT 2
enski boltinn
FÍTON / SÍA

**ÞETTA GERÐIST:** 23. NÓVEMBER 1993

# Doggystyle kemur út

Í dag eru liðin tuttugu ár frá því að rapparinn Snoop Dogg, eða Snoop Doggy Dogg eins og hann kallaðist þá, gaf út sína fyrstu plötu. Sú bar titilinn Doggystyle og sló heldur betur rækilega í gegn. Snoop, sem hafði þegar vakið nokkra athygli fyrir rímur sínar á plötunni The Chronic með Dr. Dre, varð heimsfrægur í kjölfar frumburðarins. Textar hans þóttu með eindæmum góðir og hinn einkennandi hljóðheimur plötunnar blés ferskum vindum um rappheim Bandaríkjanna. Ekki voru þó allir á eitt sáttir með hinn tuttugu og tveggja ára Snoop. Margir gagnrýndu rapparann fyrir að tala niðrandi um konur og ásökuðu hann um að hvetja til fíkniefnanotkunar í textum sínum. Það aftraði þó ekki vinsældum Doggystyle, sem fór beint á topp bandaríska vinsældalistans og sló sölumet sem stóðu í mörg ár á eftir. Meðal þekktustu laga á plötunni má nefna What's My Name, Gin and Juice og Ain't no Fun.



**DOGGYSTYLE** Frumburður Snoop Dogg er tvítugur í dag.



**30 ÁRA AFMÆLI** Ófeigur Björnsson heldur upp á 30 ára afmæli gallerísins Grjót.

# 30 ára afmælissýning

## Stofnendur gallerís Grjót standa fyrir sýningu í Listhúsi Ófeigs Björnssonar.

**MYNDLIST** Í ár eru liðin 30 ár frá stofnun gallerísins Grjót og verður af því tilefni opnuð sýning með verkum flestra þeirra listamanna sem stóðu að opnun þess. Alls voru sjö listamenn sem stofnuðu galleríið, sem stóð á sínum tíma á Skólavörðustíg 4a, en auk þeirra komu margir fleiri að rekstrinum.

Sýningin verður í Listhúsi Ófeigs Björnssonar gullsmiðs, að Skólavörðustíg 5. Hún verður opnuð klukkan fjögur í dag og mun standa til áramóta.

Ófeigur var einn af stofnendum gallerísins ásamt þeim Hjördísi Gissurardóttur, Jónínu Guðnadóttur, Magnúsi Tómassyni, Malínu Örlygsdóttur, Ragnheiði Jónsdóttur og Erni Þorsteinssyni.

„Í allt urðum við fjórtán sem rákum þetta," segir Ófeigur, en Grjót var starfrækt í sex ár, frá 1983 til 1989. Hann segir galleríið alla tíð hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð þeirra sem það heimsóttu.

„Við vorum með margar mjög áhugaverðar sýningar, bæði á okkar verkum og annarra," segir Ófeigur. Listamennirnir sem stóðu að sýningum komu úr ýmsum áttum og á nýju sýningunni má sjá máralarist, vefnað, höggmyndir og skartgripi. Alls eru þrettán manns sem munu sýna verk sín um helgina en Ófeigur segir mjög misjafnt hversu mörgum verkum hver listamaður teflir fram.

„Ég er til dæmis bara með eitt stórt verk en annar með fimmtán, þannig að það er allur gangur á því." - bá

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og mágkona,

**LINDA KONRÁÐSDÓTTIR**
**Seljabraut 82, Reykjavík,**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 13. nóvember, verður jarðsungin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 26. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Magnús Valdimarsson**
**Sara Barðdal Þórisdóttir** **Hákon Viðir Haraldsson**
**Alexander Úlfur Hákonarson**
**Konráð Adolphsson** **Edda Gunnarsdóttir**
**Hilmar Konráðsson** **Sigrún Bjarnadóttir**
**Bergur Konráðsson** **Inga Lóa Bjarnadóttir**

---



✝

Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**KRISTJÁNS BENJAMÍNSSONAR**
**Holtsgötu 12, Reykjavík.**

**Hulda Guðmundsdóttir**
**Kristín Berglind Kristjánsdóttir** **Páll Kristján Svansson**
**Broddi Kristjánsson** **Helga Þóra Þórarinsdóttir**
**og afastrákar.**

---



Elskulegur faðir minn, sonur, bróðir, frændi, afi og vinur,

**PÉTUR FRIÐRIK ARTHÚRSSON**
**(MÁNI HRAFN)**
**Langholtsvegi 128,**

lést sunnudaginn 10. nóvember.
Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 25. nóvember kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Anna Dís**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**BJARGHILDUR STEFÁNSDÓTTIR**
**Hlíðarhúsum 3-5,**

andaðist mánudaginn 18. nóvember síðastliðinn á Landakotsspítala. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindravinafélagið. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 28. nóvember næstkomandi kl. 13.00.

**Gylfi Jónsson** **Þórunn Ásgeirsdóttir**
**Birgir Jónsson** **Dagrún Þórðardóttir**
**Kári Jónsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**ÓLÖF STEINA FRIÐRIKSDÓTTIR**
**Tvååker, Svíþjóð,**

andaðist á sjúkrahúsinu í Varberg hinn 19. nóvember.

**Sigurður Tryggvason**
**Þorsteinn Sigurðarson**
**Ragnar Sigurðsson**
**Erna Sigurðardóttir**
**Hrefna Sigurðardóttir**
**Fríða Friðriksdóttir**
**Örn Friðriksson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**KRISTGEIRS KRISTINSSONAR**
**frá Felli, Arnarstapa, Snæfellsnesi**
**Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík.**

**Björg Jónsdóttir**
**Jón Kristgeirsson**
**Guðjón Kristinn Kristgeirsson** **Elín Þ. Egilsdóttir**
**Sigurgeir B. Kristgeirsson** **Andrea E. Atladóttir**
**Jónína Kristgeirsdóttir** **Sigurður J. Bergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**VALGEIR JÓN EMILSSON**
**bókagerðarmaður,**
**Háaleitisbraut 41, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 21. nóvember.

**Unnur Kristinsdóttir**
**Aðalheiður Valgeirsdóttir** **Erlendur Hjaltason**
**Sigríður Valgeirsdóttir** **Einar Olavi Mäntylä**
**Emil Hannes Valgeirsson** **Arna Björk Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG ÁSTVALDSDÓTTIR**
**Þúfubarði 11, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 17. nóvember. Jarðsungið verður frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 25. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á S.Í.B.S.

**Björg Hjörleifsdóttir** **Sumarliði Már Kjartansson**
**Sigurður Ben Guðmundsson** **Margrét Ósk S. Guðjónsdóttir**
**Guðmundur R. Guðmundsson** **Sigríður R. Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**SVEINS BENEDIKTS GUÐMUNDSSONAR**
**frá Þverdal í Aðalvík,**
**Boðaþingi 24.**

Sérstaklega viljum við þakka félögum Karlakórs Reykjavíkur sem og öllu tónlistarfólkinu sem heiðraði minningu hans.

**Bergþóra Skarphéðinsdóttir**
**Sjöfn Sóley Sveinsdóttir** **Rögnvaldur R. Andrésson**
**Gerður Sveinsdóttir** **Ólafur Sigurðsson**
**Smári Sveinsson** **Guðmunda Óskarsdóttir**
**Kristín Linda Sveinsdóttir** **Skjöldur Vatnar Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSA BJÖRGVINSDÓTTIR**
**Aðallandi 1,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 15. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sóltúns fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

**Björg Ásgeirsdóttir** **George White**
**Svava Oddný Ásgeirsdóttir** **Tryggvi Aðalbjarnarson**
**Ásdís Ásgeirsdóttir** **Valdimar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Íslenskir tónlistardagar

## 20% afsláttur af allri íslenskri tónlist*

**ÁRITAR & SPILAR**
LAUGARDAG Kringlunni kl.15
Smáralind kl 16

**ÁRITAR & SPILAR**
FÖSTUDAG Smáralind kl.16
LAUGARDAG Smáralind kl 14

**ÁRITAR & SPILAR**
LAUGARDAG Smáralind kl 13

**ÁRITAR & SPILAR**
LAUGARDAG Kringlunni kl 14




2.319 ~~2.899~~




1.992 ~~2.490~~




2.319 ~~2.899~~



2.319 ~~2.899~~




2.399 ~~2.999~~




2.399 ~~2.999~~




2.799 ~~3.499~~



2.240 ~~2.799~~




2.319 ~~2.899~~




2.399 ~~2.999~~



2.399 ~~2.999~~




2.240 ~~2.799~~




2.399 ~~2.999~~




2.639 ~~3.299~~




2.240 ~~2.799~~



2.240 ~~2.799~~

*Verð í auglýsingu er með afslætti. Fæst í Garðabæ, Skeifunni, Smáralind og Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum Hagkaups.



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði
HAGKAUP

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus Gott ver
698
krónur 2.3 kg.
795
krónur 2.3 kg.
garciaBallester
Mops
Robin
Jóla klementínurnar eru komnar
AKURSELS ÍSLENSKAR
LÍFRÆNAR
GULRÆTUR
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
359
krónur 500g
HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ ?
198
krónur 4 stk.
BÓNUS LANGLOKUR 4 STK
BÓNUS
KJARNABRAU
198
krónur 500g
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
BÓNUS
JÓLA PIPARKÖKUR
398
krónur 400g
BÓNUS PIPARKÖKUR 400g
BÓNUS
RJÓMI
298
krónur 400ml
BÓNUS
RJÓMI 400ml
DÖNSK
JÓLAKERTI
459
krónur stk
259
krónur stk
698
krónur 12 stk
Kubbakerti 12 x6 sm. 259 kr. stk
Kubbakerti 18 x 7 sm 459 kr. stk
Sterin kerti 12 x 24 sm 698 kr.pk
Kristall
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
459
krónur 3 x 250ml
HÁMARK SÚKKULAÐI PRÓTEINDRYKKUR 3 x 250 ml
AMIN.O ENERGY
AMIN.O.
ENERGY
NÝTT Í BÓNUS
3559
krónur 270g
FJÓRAR BRAGÐTEGUNDIR
SMOOCH
259
krónur stk.
SMOOCH 115g 3 TEG. GOTT MILLI MÁLA
Ósvikinn orkudrykkur úr ferskum ávöxtum með chiafræum. Engin aukaefni
NUTRAMINO
ICE TEA
RED FUEL
259
krónur 500ml
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
rð í Bónus Gott verð í Bónus Gott verð
NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
1298
krónur kg.
BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR
GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
BÓNUS
Grísabógur
NÝ SLÁTRAÐ
598
krónur kg.
BÓNUS GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
BÓNUS
Grísahakk
698
krónur kg.
BÓNUS GRÍSAHAKK
Súkkulaði
298
krónur 100g
Himneskt súkkulaði úr lífrænt ræktuðu hráefni og Fairtrade-vottað. Hágæða súkkulaði sem kætir bragðlaukana.
FORKRYDDAÐ Í BRAUÐRASPI
TILBÚIÐ Á PÖNNNUNA
NÝTT Í BÓNUS
ÍSLANDS GRÍS
1498
krónur kg
FERSKAR ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
BÓNUS
Grísahnakkafille
998
krónur kg.
BÓNUSGRÍSAHNAKKAFILLET
BÓNUS
BACON
1159
krónur 2 ltr
krónur kg
MATFUGL FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR
Matfugl
Kjúklinga-bringur
1795
krónur kg
FERSKT KRYDDAÐ
HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1398
krónur kg
STÓRKAUP 1.KG
1944
798
krónur bakkinn
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
1944 RÉTTUR LASAGNA 1 KG.
398
krónur stk
KJARNAFÆÐI
SOÐIN LIFRARPYLSA 470g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00




KL. 20:45 ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL

Vandaðir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur sem beinir sjónum sínum að óupplýstum glæpum á Íslandi.

**Frábært** sunnudagskvöld

KL. 19:45
SJÁLFSTÆTT FÓLK
Í kvöld heimsækir Jón Ársæll Ragnhildi Jónsdóttur sem kallar sig sjáanda og sér það sem flestum er hulið.



KL. 20:20
THE CRAZY ONES
Geggjaðir gamanþættir með Robin Williams og Sarah Michelle Gellar í aðalhlutverkum.



KL. 21:15
HOMELAND
Magnaðir spennuþættir sem unnu tvenn Emmy-verðlaun í ár.



KL. 22:05
BOARDWALK EMPIRE
Margverðlaunuð sería með Steve Buscemi í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 19:00
ÍSÖLD – ALLT Á FLOTI
Diego, Manny og Sid þurfa að finna sér ný heimkynni þegar jöklarnir byrja að bráðna.



3 | KL. 20:30
VAMPIRE DIARIES
Önnur þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 7 | | 1 | 9 | |
| | | | | 1 | | 3 | | |
| | 5 | 3 | | 4 | | 7 | | 2 |
| | 2 | 8 | 4 | 6 | | | | |
| | | | 8 | | 5 | | 1 | |
| 9 | | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | 5 | 6 | | | 1 |
| 8 | 3 | | | | 4 | 9 | 5 | |
| | | | 3 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | | 3 | 5 |
| 2 | | | | | 5 | | 7 | |
| | 3 | | 6 | | 9 | 1 | | |
| | | | 4 | | | 2 | | |
| 9 | | | 8 | 3 | | | 4 | |
| 4 | | | 5 | | 6 | | 9 | |
| | 1 | | | | | 4 | | 2 |
| 5 | | | | | | 9 | 8 | |
| | | 7 | 9 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 1 | 3 | 7 | 5 |
| | 2 | | 7 | | | | | |
| | | | | 5 | | 9 | | 2 |
| | 8 | 2 | | | | 7 | | 3 |
| 3 | 6 | 1 | | 9 | | | | |
| 4 | | | 6 | | | 1 | | |
| 5 | | | | | | | | |
| | | | | 7 | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 9 | | 6 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 8 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 |
| 7 | 6 | 2 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 6 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 | 2 | 3 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 3 |
| 8 | 1 | 6 | 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 4 | 9 | 2 |
| 3 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 9 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 | 8 |
| 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 1 | 7 |
| 1 | 8 | 4 | 7 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 1 | 2 | 7 | 6 | 5 | 9 | 8 |
| 9 | 2 | 5 | 8 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 |
| 6 | 8 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 8 | 4 | 5 | 7 | 9 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | 9 | 7 | 8 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 |
| 5 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 1 |
| 1 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Líkt og kletturinn lætur vindinn ekki á sig fá, lætur greint fólk hrós og skammir ekki á sig fá."

*- Buddha*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** offur, **6.** drykkur, **8.** mánuður, **9.** fæðu, **11.** tveir eins, **12.** kambur, **14.** samband, **16.** hæð, **17.** fiskur, **18.** smátt lausagrjót, **20.** í röð, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, **3.** hljóm, **4.** billjónasti, **5.** svívirðing, **7.** verkfæri, **10.** bjálki, **13.** rá, **15.** gón, **16.** keraldi, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fórn, **6.** öl, **8.** maí, **9.** mat, **11.** öð, **12.** burst, **14.** félag, **16.** ás, **17.** áll, **18.** möl, **20.** aá, **21.** ugla.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** óm, **4.** raðtala, **5.** níð, **7.** laufsög, **10.** tré, **13.** slá, **15.** gláp, **16.** ámu, **19.** ll.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Staða dagsins er lokastaðan í lokaskák heimsmeistaraeinvígis Carlsen (2870) og Anand (2775) sem lauk í gær.**
**Hvítur á leik**



Anand lék síðast **65... Rb3xc5**. Þar með lauk einvíginu með öruggum sigri Carlsen, 6½-3½. Sá norski varð þar með sextándi heimsmeistarinn í skák. Sá næstyngsti í sögunni og jafnframt fyrsti Norðurlandabúinn. **www.skak.is.** Ný skákbók, Lærum að tefla, á Bókamessu í Ráðhúsinu.




**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.




Gefðu hlýju og upplifun um jólin

Gjafabréf Heimsferða er tilvalin gjöf fyrir alla þá sem langar að ferðast!

Kauptu fyrir 5.000 kr. en fáðu 7.000 kr. gjafabréf.
Kauptu fyrir 10.000 kr. en fáðu 15.000 kr. gjafabréf.

Athugið að einungis er hægt að nota eitt gjafabréf á mann í bókun og að gjafabréfið gildir einungis á nýjar bókanir.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# Ekki gera ekki neitt

BÆKUR ★★★★☆

**Tímakistan**
Andri Snær Magnason
**MÁL OG MENNING**

Ný bók eftir Andra Snæ Magnason er alltaf stórtíðindi og aðdáendur hans hafa þurft að bíða alltof lengi eftir bók frá honum. Það er þó huggun harmi gegn að Tímakistan reynist fyllilega biðarinnar virði, bráðskemmtilegt ævintýri sem ólgar af hugmyndaauðgi og hrífur lesandann með sér inn í óþekktan heim sem er í senn heillandi og ógnvekjandi.




Rammi sögunnar er í náinni framtíð þegar fólk hefur gefist upp á kreppu, rigningu, febrúar og mánudögum og keypt sér svarta kassa sem eru þeirri náttúru gæddir að á meðan fólk er ofan í þeim stendur tíminn í stað. Á meðan fólk húkir í sínum kössum og bíður af sér leiðindin hrörnar heimurinn auðvitað og allt er komið í óefni þegar nokkur börn sleppa úr prísundinni, hitta sögukonuna Svölu og takast á hendur undir hennar leiðsögn að koma heiminum á réttan kjöl. Meginhluti sögunnar er hins vegar ævintýri sem Svala segir börnunum af löngu liðnum heimi þar sem hofmóðugur konungur tók sér fyrir hendur að sigrast á tímanum og eignaðist fyrstu tímakistuna sem er fyrirmynd svörtu kassanna. Í kistunni geymdi hann dóttur sína, hina fögru Hrafntinnu, því hann getur ekki hugsað sér að tíminn vinni á fegurð hennar, eða að hún þurfi að upplifa leiðinlega daga. Það reynist auðvitað ekki góð hugmynd að kippa stúlkunni út úr tímanum, ekkert frekar en það er góð hugmynd hjá fólkinu í samtíma sögunnar að hanga í kössunum svörtu og bíða eftir að einhver annar bjargi málunum.

Andri Snær er óhemjuskemmtilegur sögumaður og ævintýrið iðar af eftirminnilegum myndum, nýstárlegum og gamalkunnum þemum, sterkum persónum og spennandi atburðarás. Helsti gallinn er sá hvað samtíminn/framtíðin virðist dauflegg og óspennandi í samanburði við ævintýraheim fortíðarinnar, en það er hluti af boðskap sögunnar að það er einmitt undir okkur komið að gera samtímann skemmtilegan og heiminn byggilegri. Að við þurfum að finna


**Í STUÐI** Andri Snær er í feikna formi í Tímakistunni og hrífur lesandann með sér inn í ævintýraheim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ævintýrið í lífinu og lifa í því í stað þess að gleyma okkur í vonleysi og fyrirhyggjuleysi.

Þrátt fyrir hin skýru skilaboð um að aðgerða sé þörf ekki seinna en núna er óralangt frá því að nokkur predikunartónn fyrirfinnist í Tímakistunni, til þess er Andri Snær alltof góður rithöfundur. Hér ræður lögmál ævintýrisins lögum og lofum og lesendur á öllum aldri geta auðveldlega gleymt stað og stund við lesturinn.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Leiftrandi skemmtilegt ævintýri á tveimur tímaplönum með skýrum skilaboðum sem þó verða aldrei að predikun.




ÁLANDSEYJADAGSKRÁ
Í NORRÆNA HÚSINU

MIÐVIKUDAGUR 27. NÓVEMBER

Kl. 12:00-13:30
„The Aland Islands, a Demilitarized Zone in a New Era of Security Policy"
Fyrirlestur Camillu Gunell, landstjóra Álandseyja.
Alyson JK Bailes, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, tekur einnig til máls.
Irma Ertman, sendiherra Finnlands á Íslandi, kynnir og flytur aðfararorð.
Í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

Kl. 20:00
Opnun sýningar Mari Anniina Mathlin: „Innsetning, ljósverk og ferðabækur", í anddyri Norræna hússins en þar má sjá afrakstur dvalar hennar á listamannasetrinu á Skagaströnd. Irma Ertman sendiherra Finnlands á Íslandi opnar sýninguna. Léttar veitingar og bragðprufur frá Álandseyjum verða í boði.

Kl. 20:30
„Haf, jörð og himinn" – valin ljóð frá Álandseyjum í þýðingu Þórs Stefánssonar í flutningi Sögu Sigurðardóttur og Sveins Gunnarssonar. Tónlist frá Finnlandi, Álandseyjum og öðrum Norðurlöndum leikin af Agli Ólafssyni og Matti Kallio.

Sýningin „The Aland Islands Solution: a precedent for successful international disputes settlement" í fyrirlestrarsal Norræna hússins 25. – 29.nóvember.



Félagarnir Matti Kallio og Egilll Ólafsson koma saman til að flytja lög úr eigin smiðju og finnsk og íslensk þjóðlög. Tónlistin fangar stemningu vetrarkyrrðar þegar náttúran sefur og mennirnir skrafa lágt í myrkrinu um mikilvægi vináttunnar og ljóssins.

NORRÆNA HÚSIÐ


**3KLASSÍSKAR OG HEIÐURSGESTURINN** Signý, Megas, Björk og Jóhanna.

# Syngja Megasarlög með honum sjálfum

Lög eftir Megas og Gunna Þórðar verða flutt í Iðnó í dag af sönghópnum 3Klassískar við undirleik 3Prúðbúinna. Megas tekur svo lagið líka.

„Við erum búin að æfa grimmt," segir Jóhanna V. Þórhallsdóttir sem ásamt þeim Björk Jónsdóttur og Signýju Sæmundsdóttur skipa sönghópinn 3Klassískar. Þær ætla að skemmta tónleikagestum í Iðnó síðdegis í dag ásamt 3Prúðbúnum, þeim Bjarna Jónatanssyni píanóleikara, Gunnari Hrafnssyni bassaleikara og Einari Vali Scheving trommuleikara. Megas verður samt sá prúðbúnasti að sögn Jóhönnu, sérlegur gestur kvöldsins og skrautfjöður. „Það er gaman að vera með Megasi að syngja lögin hans. Við höfum verið að safna að okkur útsetningum á þeim fyrir þrjár raddir. Bjarni Jónatansson hefur útsett fyrir okkur og líka Aðalheiður Þorsteinsdóttir. Svo syngjum við líka hvert í sínu lagi," lýsir Jóhanna. Hún lofar líka lögum eftir snillinginn Gunnar Þórðarson, lögum sem allir þekkja eins og Þitt fyrsta bros, Reykjavíkurtjörn og Ég elska alla.

**Þetta eru tónleikar án hlés**

Jóhann segir 3Klassískar hafa flutt hluta af þessu prógrammi á Kaffi Flóru og í bragganum á Hólmavík. En nú hafi verið bætt inn í og breytt.

**- gun**

# ÍSLENSK TÓNLIST
## Í JÓLAPAKKANN




# 20% afsláttur
**af allri íslenskri tónlist til 25. nóvember**

*Áritanir á laugardaginn í Skífunni Kringlunni*

Laugardaginn kl. 13.00 **Eyþór Ingi**
Laugardaginn kl. 14.00 **Steinar**
Laugardaginn kl. 15.00 **Björgvin**
Laugardaginn kl. 16.00 **Kaleo**

TVÆR GLÆSILEGAR VERSLANIR **í KRINGLUNNI og SMÁRALIND**

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG SMÁRALIND · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

Eflum ungar raddir í Hörpunni:

## Söngleikjatónlist í Kaldalóni



**Rúnar Kristinn Rúnarsson flytur söngleikjatónlist á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á morgun klukkan 16. Tónleikarnir eru aðrir í tónleikaröðinni „Eflum ungar raddir“ sem eru einu sinni í mánuði.**

**Rúnar Kristinn er við nám í söngleikjadeild í hinum virta listaskóla Guildford School of Acting í Bretlandi og einn af fáum Íslendingum sem nú eru að sérhæfa sig í söngleikjatónlist. Hann mun á tónleikunum flytja ýmsa þekkta smelli úr söngleikjum.**

**Rúnar er frá Vestmannaeyjum og nam þar klassískan söng við Tónlistarskólann. Hann hefur einnig notið leiðsagnar Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu þar til hann fór utan í inntökupróf við Guildford, þar sem hann er nú á öðru ári.**







Náttúruminjasafn Íslands og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir samkeppni um hönnun á nýju einkennismerki fyrir Náttúruminjasafn Íslands.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og sinnir rannsóknum, fræðslu og upplýsingamiðlun um náttúru landsins, náttúrusögu og nýtingu náttúruauðlinda. Viðfangsefnin eru fjölbreytt – jarðfræði og jarðsaga, myndun og mótun lands, efna- og eðlisþættir, fjölbreytileiki lífríkis allt frá smæstu örverum til stærstu dýra jarðar, og vistfræðilegt samspil.

Einkennismerkið skal endurspegla hlutverk Náttúruminjasafnsins og vísa til náttúru landsins í víðri merkingu, einkenna hennar og eða sérkenna. Yfir einkennismerkinu skal vera reisn og af því skal stafa virðing sem hæfir höfuðsafni. Merkið skal nýtast á margvíslegan hátt í kynningarefni, á skilti, prentað og rafrænt. Merkið þarf að vera áhugavert, einkennandi og auðvelt í notkun í öllum miðlum.

Veitt verða ein **verðlaun að upphæð 1.000.000 kr.** fyrir bestu tillöguna. Samið verður sérstaklega við vinningsahafa um frekari útfærslu. **Keppnin er öllum opin**.

Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni í Hönnunarmiðstöð Íslands, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík, **fyrir kl. 12.00, miðvikudaginn 15. janúar 2014**.

Hönnunarmiðstöð Íslands heldur utan um samkeppnina. Ritari keppninnar er Haukur Már Hauksson. Fyrirspurnir þurfa að berast fyrir 1. desember 2013 á veffangið samkeppni@honnunarmidstod.is.
Öllum spurningum verður svarað og svörin birt á vef Hönnunarmiðstöðvar 5. desember 2013.

**Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðunum honnunarmidstod.is og nmsi.is.**



**FORMAÐUR CARITAS-SAMTAKANNA** „Ég hvet sem flesta til að koma inn í þennan töfraheim,“ segir Sigríður Ingvarsdóttir um tónleikana á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Yndislegir eins og ferð til himnaríkis

Kristján Jóhannsson, Elsa Waage og úrvals hljóðfæraleikarar flytja skærar perlur tónbókmenntanna í Kristskirkju á morgun á styrktartónleikum Caritasar.

„Við erum að styrkja geðgjörgæslusvið Landspítalans og ég lofa að þetta verða yndislegir tónleikar. Bara eins og ferð til himnaríkis,“ segir Sigríður Ingvarsdóttir, formaður Caritasar Ísland – sem heldur árlega tónleika á morgun, sunnudag. Umgjörðin er hátíðleg, sjálf kaþólska kirkjan á Landakotstúni og á efnisskrá verða meðal annars verk eftir Bach, Elgar, Handel, Mozart, Atla Heimi Sveinsson, Sigvalda Kaldalóns og Þorkel Sigurbjörnsson.

Einsöngvarar á tónleikunum eru þau Kristján Jóhannsson og Elsa Waage sem bæði hafa fagrar raddir og yndislega framkomu og syngja sitt í hvoru lagi og saman að sögn Sigríðar. Ekki spillir Hamrahlíðarkórinn stemningunni, hann kemur fram undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Antonia Hevesi, sem leikur á orgel, leggja líka sitt af mörkum að ógleymdri Guðnýju Guðmundsdóttur sem hefur um árabil verið einn fremsti fiðluleikari þjóðarinnar og kemur fram með sveit af afburðanemendum. „Þetta unga fólk á örugglega eftir að vinna í alþjóðlegum keppnum og gegna mikilvægum stöðum, bæði hér heima og erlendis í framtíðinni,“ spáir Sigríður sem tekur fram að allir listamennirnir gefi vinnu sína til aðstoðar þeim veikustu á geðdeild Landspítalans.

Sigríður segir margt fólk mæta reglulega á Caritasar tónleika, bæði til að njóta fagurra lista og leggja góðu málefni lið. „Fyrir marga marka tónleikarnir upphafið að aðventunni,“ segir hún. Hátíðleikinn verður í fyrirrúmi þar sem flutt verður tónlist allt frá endurreisnartímanum til dagsins í dag.

gun@frettabladid.is

# Smekklaus fiðluleikur

TÓNLIST ★★★☆☆

**Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu**
Einleikari: Li Chuan-Yun
Stjórnandi: Lan Shui
**FIMMTUDAGINN 21. NÓVEMBER**

Eitt vinsælasta sjónvarpsefnið þegar ég var lítill var þáttaröðin um Onedin skipafélagið. Þættirnir byrjuðu alltaf á fögrum kafla úr balletinum Spartakusi eftir armenska tónskáldið Aram Katsjatúrían. Tónlist hans er ekki oft leikin hér á landi í seinni tíð. Því virtist það vera kærkomin tilbreyting að fiðlukonsertinn hans skyldi vera fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið.

Einleikari var hinn kínverski Li Chuan-Yun. Í tónleikaskránni mátti lesa hina venjulegu lofræðu um einleikarann, að hann hafi unnið til verðlauna hér og þar, lært hjá hinum og þessum, o.s.frv. Ég veit ekki afhverju það skiptir svona miklu máli að fá upplýsingar um það hjá hverjum einleikarinn sótti tíma. Væntanlega til að selja fleiri miða. Kennarinn er samt enginn gæðastimpill. Aðalatriðið er auðvitað hvort nemandinn hafi eitthvað að segja með list sinni NÚNA.

Ekki varð ég var við það á tónleikunum. Tónlist Katsjatúríans er þó í sjálfu sér ekkert leiðinleg. Hún skartar „austrænum“ laglínum sem eru munúðarfullar og safaríkar. Tónmálið í heildina er fremur klassískt. Allt er býsna augljóst. Fátt sem er fyrst og fremst gefið í skyn og áheyrandanum látið eftir að fylla í eyðurnar.

Túlkun einleikarans verður því að vera hófstillt. Hún má ekki vera þannig að skáldskapnum sé troðið ofan í tónleikagesti. Það er best að leyfa tónlistinni bara að njóta sín, láta hana flæða áreynslulaust. Þá leið fór fiðlusnillingurinn David Oistrakh, sem frumflutti konsertinn á sínum tíma. Það er himinn og haf á milli hans og þess sem gat að heyra á tónleikunum á fimmtudagskvöldið.

Chuan-Yun spilaði eins og hann þyldi ekki tónlistina. Líkt og hann væri að gera grín að henni. Jú, vissulega var tæknin afburðagóð, allt skýrt og feilnótulaust, flottheitin á hverju strái. En laglínurnar voru mótaðar af furðulegu smekkleysi. Chuan-Yun renndi sér of mikið á milli tónanna. Hann var greinilega að reyna að búa til eitthvað ógurlega framandi úr þeim. Eins og þess þyrfti! Þetta virkaði ekki. Þvert á móti varð tónlistin að óskapnaði sem manni varð ómótt af.

Sem betur fer var annað á tónleikunum mun skemmtilegra. Frón eftir Áskel Másson kom prýðilega út. Þetta er tíu ára gamalt verk sem hér hljómaði í nýrri útgáfu. Dulúðin ræður oft ríkjum í tónaheimi Áskels og Frón var engin undantekning. Þar mátti heyra nokkur gömul íslensk stef sem voru skreytt með heillandi litbrigðum. Útkoman var ákaflega falleg. Hún var full af einhverju sem ekki er hægt að koma orðum að.

Tónsmíðarnar eftir hlé voru líka magnaðar. The Rhyme of Taigu eftir Zhou Long var einstaklega kröftug hugleiðing um trommuleikinn í japanskri Sjintó trú. Þar voru slagverksleikararnir Steef van Oosterhout, Pétur Grétarsson, Frank Aarnink og Eggert Pálsson í stóru hlutverki og fóru beinlínis á kostum.



**EINLEIKARINN** Li Chuan-Yun.

Svíta úr ballettinum Harmleik Salóme eftir Florent Schmitt var jafnframt glæsileg. Stjórnandinn Lan Shui stýrði hljómsveitinni af festu en einnig miklu ímyndunarafli. Tónlistin varð ljóslifandi, spennandi og eftir því grípandi. Það var áhrifarík upplifun.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Leiðinlegur einleikari en frábær hljómsveitarstjóri.


LANGAR ÞIG TIL
ORLANDO
KAUPTU 1 KG ÖSKJU
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
FERÐ FYRIR 4*
Merktu kassakvittunina og sendu hana
til Nóa Síríus, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík
eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á
konfektleikur@noi.is.
*Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.
DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI
1. desember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
8. desember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
15. desember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
22. desember: ORLANDO FERÐ FYRIR 4
NÓA Konfekt
ÁRNASYNIR

# Óhefðbundnir hátíðartónleikar

Jólatónleikar í Gamla bíói þann 28. desember verða með öðruvísi sniði.

Blásið verður til óhefðbundinna jólatónleika í Gamla bíói þann 28. desember næstkomandi, þar sem hljómsveitirnar Moses Hightower, Snorri Helgason og Ylja munu troða upp.

„Þessir tónleikar verða mjög hátíðlegir, en kannski ekki beint jólatónleikar eins og við þekkjum þá," segir Ásgeir Guðmundsson, umboðsmaður sveitanna. Hann segir að lítið verði um jólakúlur og skraut. Sveitirnar munu þó koma til með að spila jólalög í bland við eigið efni, en þau verða í nýjum og frumlegum búningi.

„Við erum byrjuð að vinna í lögunum okkar, þó okkur finnist fullsnemmt að komast í jólaskapið núna," segir Gígja Skaldardóttir, gítarleikari og söngkona Ylju. Hún segir að öllu verði tjaldað til á tónleikunum.

„Ég myndi alveg tvímælalaust mæla með þessu fyrir þá sem ætla ekki á hefðbundnu jólatónleikana," segir Gígja, en tekur þó fram að hljómsveitarmeðlimir hafa ekkert á móti þeim hefðbundnu. „Við ætlum að reyna að fara aðeins aðrar leiðir." - bá

➜ Við ætlum að reyna að fara aðeins aðrar leiðir.



**Í JÓLASKAPIÐ** Ylja Gígja skjaldardóttir og félagar í Ylju eru byrjuð að æfa jólalögin FRÉTTABLAÐIÐ/HAG








LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Tónleikar**

**12.00** Næstkomandi laugardag 23. nóvember verða haldnir styrktartónleika, vegna söfnunar Þjóðkirkjunnar til kaupa á línuhraðli fyrir Landspítalann.

**20.00** Stjórnin, 25 ára afmælistónleikar kl. 20.00 Aukatónleikar kl. 23.00 Miðaverð kr. 3.000

**Hönnun**

**13.00** Stíll, hönnunarsamkeppni SAMFÉS, verður haldin í laugardaginn 23. nóvember í Hörpu. Þema keppninnar í ár er fortíðin og eru um 50 félagsmiðstöðvar skráðar til leiks hvaðanæva af landinu. Keppnin hefst kl. 13.00 og lýkur um kl. 17.00 þegar úrslit hafa verið kunngjörð. Aðgangur að keppninni er öllum opinn og ókeypis.

**Sýningar**

**14.00** Nítján nemendur af listnámsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti opna skúlptúrsýningu í Gallerí Tukt, Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5. Sýningin stendur til 16.00.

**15.00** Ólafur Gíslason listfræðingur og Klara Stephensen hjá Arion banka ræða við gesti um verk Kjarvals í tengslum við sýninguna Mynd af heild II: Kjarval bankanna á laugardaginn 23. nóvember kl. 15.

**Upplestur**

**13.30** Jónína Leósdóttir mun lesa úr nýútkominni bók sinni Við Jóhanna, á Torgi Þjóðminjasafnsins en þar stendur yfir sýningin Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi - Hinsegin fólk í máli og mynd, sem lýkur um helgina. Sýningin var unnin í samstarfi við Samtökin '78 og Hinsegin daga í Reykjavík í tilefni af Hinsegin dögum í Reykjavík síðastliðið sumar. Upplestur Jónínu hefst kl. 13.30.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*




# Fór í viðtal á hollenskri útvarpsstöð

Steinar Baldursson tónlistarmaður var í viðtali á hollenskri útvarpsstöð. Platan hans er komin í verslanir.

Ungstirnið og tónlistarmaðurinn Steinar Baldursson hefur vakið athygli erlendis og var fenginn í viðtal hjá hollenskri útvarpsstöð fyrir skemmstu. „Þeir höfðu samband við mig í gegnum Facebook og svo talaði ég við þá um plötuna mína í gegnum Skype,“ útskýrir hinn 18 ára gamli Steinar. Hann stendur í ströngu þessa dagana, enda nýbúinn að gefa út plötu. „Ég er að fylgja plötunni eftir og er að spila á fjölda tónleika, meðal annars með Jóni Jónssyni 19. desember,“ segir Steinar. Platan hans, Beginning, er nýkomin í verslanir. „Ég hef ekki enn heyrt neinar sölutölur. Gerð plötunnar var ferli sem tók eitt ár. Ég fjármagnaði plötuna sjálfur og tók hana upp víða. Síðan fór hún fullbúin til Senu og þeir ákváðu að gefa hana út,“ segir Steinar.



**VEKUR ATHYGLI** Steinar Baldursson er farinn að vekja athygli erlendis.

## Hugh með húðkrabba

Leikarinn Hugh Jackman opinberaði á Instagram-síðu sinni í gær að hann væri í meðferð vegna húðkrabbameins. Jackman hafði verið með hnúð á nefinu í nokkurn tíma en sá ekki ástæðu til þess að leita til læknis. Eiginkona hans hvatti hann til þess og á endanum lét hann tilleiðast og þá kom í ljós að hann var með húðkrabbamein. Hann hvetur alla til þess að láta athuga allt óeðlilegt. „Ekki vera jafn vitlaus og ég. Og notið sólarvörn,“ segir Jackman.

## SUNNUDAGUR

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Tónleikar**

**20.00** Níundu tónleikarnir í tónleikaröðinni Magnús mánaðarins fer fram á KEX Hosteli sunnudaginn 24. nóvember næstkomandi. Þá verður mikið um dýrðir því kanadíska rafsveitin Pick a Piper mun leika þar með Magnúsi Trygvasyni Eliassen. Sú sveit er ný af nálinni og er hliðarverkefni liðsmanna hljómsveitarinnar Caribou, sem trylti landsmenn með eftirminnilegum tónleikum á Nasa um árið.

**Leiklist**

**14.00** Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Prumpuhóllinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sunnudaginn 24. nóvember kl. 14.00

**Fræðsla**

**15.00** Sigríður Björk Jónsdóttir, byggingarlistfræðingur og formaður skipulagsráðs Hafnarfjarðar, leiðir göngu um miðbæ Hafnarfjarðar þar sem friðuð hús verða skoðuð. Gangan hefst í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar og eru gestir hvattir til að klæða sig eftir veðri.

**16.00** Jólaljós, styrktartónleikar Kirkjukórs Lágafellssóknar, verða sunnudaginn 24.nóvember kl 16 í Guðríðarkirkju.

**Sýningar**

**11.00** Síðasti sýningardagur sýninganna „Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi - Hinsegin fólk í máli og mynd“ á Torgi Þjóðminjasafns og Kónguló á 3. hæð Þjóðminjasafns.

**Kvikmyndir**

**15.00** Kl. 15 verður Fávitinn (Idiot), sovésk kvikmynd frá árinu 1958, byggð á fyrsta hluta samnefndrar skáldsögu Fjodors Dostojevskíj, sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Undirtitill myndarinnar er Nastasha Filipovna. Leikstjóri Ivan Pyrjev. Rússneska. Íslenskur texti. Aðgangur ókeypis.

**Dansleikir**

**20.00** Dansað verður í félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í Reykjavík næstkomandi sunnudagskvöld kl.20.00-23.00 . Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr. fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*








# Ekki hráfæði né stevíuspelt

Jólakaffi Hringsins er haldið 1. desember en ágóðinn rennur til Barnaspítala Hringsins.

„Hringurinn er frábært félag. Ég er mjög stolt af því að fá að taka þátt í starfseminni og málefnið er alltaf frábært. Það gefur manni svo mikið að geta hjálpað til á þennan hátt,“ segir Hrefna Sætran, matreiðslumeistari og Hringskona. Hringurinn er kvenfélag, sem var stofnað árið 1904. Félagið hefur að markmiði að vinna að líknar- og mannúðarmálum, sérstaklega í þágu barna. Aðalverkefni félagsins um áratugaskeið hefur verið uppbygging Barnaspítala Hringsins. „Jólaballið er ein okkar stærsta fjáröflun og það þarf margar hendur og hausa til að halda svona stórt ball. Það þarf að baka, safna vinningum fyrir eitt flottasta happdrætti ársins, fá skemmtikrafta til að halda uppi fjörinu og svo margt fleira,“ segir Hrefna. „Við erum allt árið að undirbúa þetta jólaball og er það ein glæsilegasta fjölskylduskemmtun ársins,“ bætir hún við, en í félaginu eru nú 335 konur á öllum aldri.

„Það eru margar eldri konur í Hringnum sem hafa verið í fleiri tugi ára og þær baka alltaf sömu góðu kökurnar. Ekkert svona stevíuspelt og hráfæði heldur alvöru kökur. Ég sjálf geri svona jólaðar „rice krispís“ kökur, uppskrift sem ég fann upp sjálf. Mér finnst þær æðislega góðar og eru þær orðnar partur af mínum jólaundirbúningi. Það er hægt að pressa þær í mót, kæla þær og svo skera þær í kubba. Það er sniðugt að skera þær í litla kubba og bera fram sem konfekt með kaffinu. Þær eru ávanabindandi þessar kökur,“ heldur Hrefna áfram. Þessar kökur og fleiri sortir er hægt að fá á Jólakaffi Hringsins sem haldið verður 1. desember næstkomandi á Broadway klukkan 13.00. Allir sem taka þátt gefa framlag sitt og ágóðinn rennur óskiptur í Barnaspítalasjóð Hringsins. - ósk








## „Jólaðar Rice Krispís“

**eftir uppskrift Hrefnu Sætran**

- 200 g súkkulaði
- 8 msk. síróp
- 100 g ósalt smjör
- 1 msk. kanill
- 1 tsk. negull
- 1 stk. vanillustöng (má nota korn eða dropa ef þú átt ekki stöng)
- Rice krisípís morgunkorn

Setjið súkkulaðið í skál og bræðið í vatnsbaði. Skerið smjörið í litla kubba og bætið út í ásamt sírópinu. Bætið einnig kryddunum út í á þessu stigi. Leyfið öllu að bráðna vel saman. Gott er að hafa lögninn frekar heitan því þannig dreifist hann betur á rice krispísið. Setjið rice krispís út í skálina og blandið vel saman. Ef þú vilt hafa kökurnar með miklu gumsi þá seturðu minna rice krispís en meira ef þú vilt hafa þær í þurrari kantinum. Svo skellirðu öllu í mót og pressar vel niður með höndunum eða spaða. Lætur kólna í ísskáp og skerið svo í bita við hæfi. Meira gums og minni bitar gætu orðið fyrirtaks jólakonfekt!



**RÁÐHÚSIÐ** Bókamessan um helgina verður sú þriðja frá upphafi FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Bókamessa í Ráðhúsinu

Bókamessa í Bókmenntaborg verður haldin í þriðja sinn nú um helgina. Messan verður sem fyrr í Ráðhúsi Reykjavíkur og verður opið frá tólf til sex báða dagana. Útgefendur munu sýna nýjar bækur auk þess sem boðið verður upp á fjölbreytta bókmenntadagskrá. Meðal annars verður í boði að stíga inn í ævintýri með Skoppu og Skrítlu og æfa sig á að skrifa texta eftir handriti úr fórum Árna Magnússonar. - bá


3
FYRIR
2
Af öllum skóm
kaupir 3 pör og ódýrasta parið fylgir frítt með.
LOKA
DAGAR
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
Vörur frá:
ecco
Kringlan - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind
Toppskórinn
Outlet
Toppskórinn
Markaður
Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17
Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18




# Skákóðir Norðmenn sýna á sér nýjar hliðar

**Gríðarlegur fögnuður braust út í Noregi í gær þegar Magnus Carlsen tryggði sér heimsmeistaratitilinn í skák. Norska þjóðin fylgdist spennt með einvíginu . Hann sigraði Anand, fyrrverandi heimsmeistara, með talsverðum yfirburðum.**

Skákæði hefur brotist út í Noregi. Atli Steinn Guðmundsson er búsettur í Stavanger. Hann er sjálfur enginn sérstakur skákáhugamaður og fylgist furðu lostinn með atganginum.

„Ég var nú svo sem ekki kominn í heiminn sumarið 1972 en stemningin hérna er kannski ekkert ósvipuð



ATLI STEINN GUÐMUNDSSON

og þegar Bobby Fischer mætti Boris Spasski í Laugardalnum. Þannig er þetta að hellast yfir Noreg sem er gríðarlega merkilegt því þjóð, sem hefur algjöra maníu fyrir skíðum og hjólreiðum, hellir sér núna skyndilega yfir skák og liggur yfir þessu einvígi.“ Skólahald hefur verið í uppnámi og vinna legið niðri í Noregi meðan skákirnar stóðu yfir. Atli Steinn horfði á skákina á NRK á fimmtudaginn og sagði þetta ekki hröðustu íþrótt sem menn fylgist með. „Þannig að það er virkilega gaman að sjá viðbrögð Norðmanna, sem ekki rjúka upp til handa og fóta yfir nokkrum sköpuðum hlut, síst einhverjum bólum sem koma skyndilega upp; taflborð seljast upp og grimm eftirspurn er eftir skákborðum sem eru sömu tegundar og Carlsen og Anand sitja yfir á heimsmeistaramótinu. Maður sér nýja hlið á Norðmönnum sem gerist sjaldan.“

En að skákinni sem slíkri. Yfirburðir Carlsen í einvíginu voru óumdeilanlegir. Carlsen og Viswanathan Anand gerðu jafntefli í fyrstu fjórum skákunum en svo tóku leikar að æsast. Anand tapaði tveim skákum í röð með því að gera mistök eftir að hafa haft örlítið verri stöðu lengst af. Í næstu tveim skákum tefldi Carlsen örugglega og niðurstaðan varð jafntefli. Síðasta von Anands um að komast aftur inn í einvígið var í níundu skákinni þar sem Anand hafði hvítt. Eftir æsilegustu skák einvígisins þar sem Carlsen var í fyrsta skipti í hættu á að vera mátaður gerði Anand enn ein mistökin og tapaði skákinni. Þar með var einvígið í raun búið og eftir jafntefli í gær var nýr heimsmeistari krýndur.



**VINSÆLL Í FÖÐURLANDINU** Magnus Carlsen nýtur gífurlegra vinsælda í Noregi.

Á blaðamannafundinum í gær óskaði Anand andstæðingi sínum til hamingju með sigurinn. Hann hefði gerst sekur um slæm mistök í einvíginu og ekki haft úthald í löngu skákirnar. Hann sagði Carlsen þó eiga sitt að segja um mistökin sem hann gerði, Carlsen hefði beitt hann mikilli pressu. Magnus Carlsen sagði sinn stíl ganga út á að þrýsta á andstæðinginn og allir gætu kiknað undir pressu. Líka heimsmeistarar í skák.

jakobbjarnar@frettabladid.is



# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR




4.999KR

**Andri á flandri**
Allar 4 þáttaraðirnar




verð frá 3.999KR

**The Hobbit: An Unexpected Journey, Extended edition**
3 glæsilegar viðhafnarútgáfur.




2.699KR

**Jobs**




2.399KR

**Lazy Town - Vélálfurinn**
Þáttaröð 3 - Diskur 1




2.699KR

**R.I.P.D**




4.999KR

**Stiklur Ómars Ragnarssonar**
Seinni hluti 1977-2005




2.599KR

**Barbie í Bleiku Skónum**




11.499KR

**Assassin´s Creed IV, Black Flag**

Allt vöruúrvalið fæst í Skeifunni, Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og á Akureyri.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA




HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 4, 6, 7, 9, 10 | 12 |
| THE COUNSELOR | 8, 10:30 | 16 |
| PHILOMENA | 3:50, 5:50 | 12 |
| FURÐUFUGLAR - ÍSL TAL | 2, 3:50 2D | L |
| TÚRBÓ - ÍSL TAL | 1:50 3D | L |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL TAL | 1:50 2D | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE VIP | KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| ENDER'S GAME | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 2 - 4 - 6 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 9 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D DISNEY DAGAR KR. 490 | KL. 2 - 4 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THOR - DARK WORLD | KL. 2D: 5:40 3D: 2 | 12 |
| FURÐUFUGLAR ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 | L |
| TÚRBÓ ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| STAND UP GUYS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3 - 5:30 - 8 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 3:40 - 5:50 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 10:30 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 3 - 6 - 9 - 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3 - 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3 - 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 1 (TILBOÐ) 2-4-5-6-8-9-11 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE STARVING GAMES | KL. 6 | 10 |
| CARRIE | KL. 10.45 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 | L |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 2 (TILBOÐ) 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 3.30 (TILBOÐ) 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.15 | 14 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 3.30 - 6 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 3.20 - 6 - 9 - 10.10 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 4 | L |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 6 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði


# Upp með heykvíslarnar

**BAKPANKAR**
Fanneyjar Birnu Jónsdóttur



Ég á víst að hafa sloppið fyrir horn núna í vikunni, mínum nánustu til mikillar ánægju. Reyndar var ég ekki nálægt því að vera rekin úr vinnunni þótt fjölskyldan mín láti þannig. Málið er mun alvarlegra en svo. Ég var hársbreidd frá því að setja íbúðina á sölu til að geta komist á heimsmeistaramótið í Brasilíu í sumar.

**FYRIRGEFIÐ** en ég bara verð að tala um þennan helvítis leik. Hvernig í ósköpunum gat þetta gerst? Ég, eins og sannur Íslendingur, ætla þó hvorki að líta fram á veginn né læra af þessu áfalli. Ég ætla að leita að sökudólgum.

**VAR** þetta kannski RÚV að kenna? Á ögurstundu, þegar það var tilkynnt að við kæmumst í umspilið, skelltu þeir á auglýsingum og stálu þannig af þjóðinni sínu stærsta afreki á sviði knattspyrnunnar (við skulum, eitt augnablik, láta eins og EM kvenna árið 2009 og 2013 hafi aldrei gerst). Þetta var ófyrirgefanlegt hjá ríkisfjölmiðlinum því, eins og allir vita: Ef við sjáum það ekki í sjónvarpinu þá gerðist það aldrei.

**VAR** þetta KSÍ að kenna? Næturs ala aðgöngumiða setti allt úr skorðum. Við vitum að þetta næturbrölt var ekki til að forðast álag (þrátt fyrir að miði.is hafi síðan hrunið þegar 300 miðar voru til sölu á leikdag) heldur til að fóðra hinn alræmda „svarta markað“ sem eftir á að hyggja verður að teljast sá lélegasti á jarðkringlunni – guð minn góður hvað við erum léleg í þessu.

**EÐA** var þetta kannski forsetinn? Núna ættu allir – meira að segja forysta KSÍ – að hafa uppgötvað að í hvert skipti sem forsetinn opnar munninn verður helmingur þjóðarinnar ofsakátur en hinn bandbrjálaður. Alltaf. Í hvert einasta skipti. Hver fékk þá snilldarhugmynd að peppa bara helming liðsins upp fyrir leikinn?

**ÞETTA** var alla vega ekki leikmönnunum eða þjálfaranum að kenna – svo mikið er víst. Þeir lögðu sig alla fram og gerðu sitt besta. Fyrir utan að ef þeir hefðu ekki spilað jafn frábærlega og raun bar vitni í riðlakeppninni þá hefði ekki verið neinn leikur á þriðjudaginn.

**NEI,** það voru ekki þeir. En hver var það? Við verðum að finna sökudólg. Einhvern til að hengja. Eins og alltaf.

# Upp um 100 sæti á vinsældalista

## Friðrik Thorlacius reynir fyrir sér hjá stóru hollensku útgáfufyrirtæki í gegnum app.

Tónlistarmaðurinn Friðrik Thorlacius, einnig þekktur sem Frigore, klifrar hratt upp vinsældalista hollenska útgáfufyrirtækisins Spinnin‘ Records. „Fyrirtækið er með app sem gerir tónlistarmönnum kleift að senda inn tónlist og hlustendum að kjósa hvaða lag þeim líkar best,“ útskýrir Friðrik. Lagið hans, sem ber titilinn Afro Jackin, er á hraðri uppleið á listanum.

„Í gær var það í 127. sæti og hefur nú farið upp um rúmlega 100 sæti og er númer 26 á listanum. Lagið flokkast líklega undir elektróníska hústónlist.“ segir Friðrik. Frægasti tónlistarmaðurinn sem er með samning við útgáfufyrirtækið er Martin Garrix, sem gerði hið geysivinsæla lag Animals. Friðrik er með plötu í burðarliðnum og kæmi sér því afar vel að komast á útgáfusamning. „Ég sit á mörgum lögum og á mikið af efni,“ segir tónlistarmaðurinn. Friðrik á langan tónlistarferil að baki og hefur meðal annars hitað upp fyrir Deadmau5, Benny Benassi og Pendulum.



**VINSÆLLI Í DAG EN Í GÆR** Frigore er á hraðri uppleið á vinsældalistanum.














SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# Panasonic

## NEO PLASMA SJÓNVARP




**Panasonic TXP50ST60**

**299.990**

VERÐ ÁÐUR **329.990**

## Margverðlaunaður NeoPlasma skjár

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum.**

**2500Hz Focused Field Drive**
Öll myndhreyfing er óaðfinnaleg. Vreal 3D Pro örgjöfinn tryggir alla litaaðgreiningu og með Infinite Black Pro filter verður myndin bjartari, skýrari og þú upplifir meiri myndgæði. High Contrast filter tækni fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum.

**SMART VIERA**
Smart VIERA færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og þú getur horft á sjónvarpið um leið. Með my Home Screen geta allir stillt viðmót sjónvarpsins eins og hentar.

**Swipe & Share 2.0**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort hann byggir á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið þitt.

**Tengimöguleikar**
Margmiðlunarspilari til að skoða og spila allt margmiðlunarefni ásamt Wi-Fi þráðlausum móttakara. Hægt er að skrifa og teikna á skjáinn með snertipenna sem fylgir. Allir helstu tengimöguleikar s.s. 2x USB, 3x HDMI tengi ásamt SD kortalesara.

2500Hz Focused Field Drive · VIERA Connect · Wireless LAN built-in · WEB CONTENT OPTIMIZER · my Home Screen · TOUCH PEN ABC

| TÆKIÐ FÆST EINNIG Í ÞESSUM STÆRÐUM | |
|---|---|
| 42" KR. 219.990 | ÁÐUR 249.990 |
| 55" KR. 379.990 | ÁÐUR 429.990 |

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**



## Eygló með tvö Íslandsmet á fyrsta degi



Ægisstelpurnar Eygló Ósk Gústafsdóttir og Inga Elin Cryer og Fjölnismaðurinn Kristinn Þórarinsson unnu öll þrjú gull á fyrsta degi Íslandsmeistaramótsins í 25m laug sem fer fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði um helgina.

Eygló Ósk vann 200 metra baksund og 200 metra fjórsund en hún setti Íslandsmet í báðum greinum. Hún synti á 2:06.59 mínútum í 200 metra baksundi og á 2:13.41 mínútum í 200 metra fjórsundi.

Inga Elín vann 400 metra skriðsund og 200 metra flugsund. Þær hjálpuðu síðan A-sveit Ægis að vinna 4 x 200 metra skriðsund. Kristinn vann 200 metra baksund og 200 metra fjórsund og hjálpaði Fjölnismönnum að vinna 4 x 200 metra skriðsund. Karen Sif Vilhjálmsdóttir úr SH vann tvær greinar, 100 metra bringusund og 50 metra skriðsund.

Keppni heldur áfram í dag og klárast síðan á morgun. Undanrásir hefjast klukkan níu báða daga en úrslitahlutinn hefst klukkan fimm og stendur yfir í um tvo tíma.

## Margrét Lára ákveður sig ekki fyrr en í desember



**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Margrét Lára Viðarsdóttir stendur á smá tímamótum því hún hefur ekki ákveðið hvar hún spilar á næsta tímabili. Margrét Lára var að klára fimmta tímabil með Kristianstad en veit ekki hvort hún tekur nýju samningstilboði frá liðinu.

„Það er ekkert komið á hreint ennþá,“ segir Margrét Lára aðspurð um framtíðina. „Þetta er búið að vera langt tímabil og mikið í gangi auk þess sem ég er að komast upp úr erfiðum meiðslum. Ég hef fengið vilyrði fyrir því að hafa tíma fram að áramótum til að ákveða hvað ég vil gera,“ segir Margrét Lára.

„Ég reikna með að þetta skýrist einhvern tímann í desember. Ég er að skoða mína möguleika og hvað er í boði. Ég er búin að fá samningstilboð frá Kristianstad. Það er inni í myndinni en ég fæ að bíða með að svara þeim þangað til í desember,“ segir Margrét Lára.

„Ég er búin að missa mikið úr undanfarin ár og hef ekki getað gert ákveðnar æfingar í mörg ár. Ég er farin að gera þær núna til þess að ná fyrri styrk. Það er fínt að fá þessa tvo mánuði í haust og nota þá vel til að koma mér í gott líkamlegt stand. Ég tel mig vera nokkurn veginn búna að sigrast á þessum meiðslum,“ segir Margrét Lára. Margrét Lára er orðin 27 ára gömul og segir að þetta sé ekki bara fótboltaleg ákvörðun. „Eftir því sem maður eldist þá verða ákvarðanirnar erfiðari. Maður þarf þá að fara taka ákvörðun út frá öðrum vinklum líka,“ segir Margrét Lára. **- óój**

## DOMINOSD. KARLA

**NJARÐVÍK - HAUKAR 105-83 (48-43)**

**Njarðvík:** Logi Gunnarsson 41, Elvar Már Friðriksson 24/4 frák./11 stoðs. Nigel Moore 15/11 frák./5 stoð., Óli Ragnar Alexandersson 6, Ágúst Orrason 5, Egill Jónasson 4, Hjörtur Hrafn Einarsson 4, Ólafur Helgi Jónsson 3, Magnús Már Traustason 2, Friðrik E. Stefánsson 1.

**Haukar:** Terrence Watson 32/12 fráköst, Kári Jónsson 17, Haukur Óskarsson 13/5 fráköst, Davíð Páll Hermannsson 7/7 fráköst, Emil Barja 7/9 stoðsendingar, Sigurður Þór Einarsson 7.

**Logi Gunnarsson** hitti úr 15 af 26 skotum sínum í leiknum þar af 7 af 11 skotum fyrir utan þriggja stiga línuna. Hann varð fyrsti íslenski leikmaðurinn til að skora yfir 40 stig í einum leik í vetur en hann og Jason Smith hjá KFÍ eiga nú hæsta stigaskorið saman.

**KFÍ - GRINDAVÍK FRESTAÐ**

**Nýr leiktími:** Í dag klukkan 17:00.

### STIG LIÐA Í DEILDINNI

KR 14, Keflavík 12, Njarðvík 10, Snæfell 8, Haukar 8, Grindavík 8, Þór Þ. 6, Stjarnan 6, ÍR 4, Skallagrímur 2, KFI 2 og Valur 2

### NÆSTU LEIKIR:

**Mánudagurinn 25. nóv. kl. 19.15:** Þór Þorlákshöfn-Skallagrímur.

**Fimmtudagin 28. nóv. kl. 19.15:** KR - Þór Þ., Haukar - Keflavík, Grindavík - Njarðvík, Snæfell - Stjarnan, Valur - Skallagrímur.

## OLÍSD. KVENNA

**GRÓTTA - FRAM 22-23**

**Upplýsingar um markaskor bárust ekki áður en Fréttablaðið fór í prentun.**

### STIG LIÐA Í DEILDINNI

Stjarnan 19, Valur 18, Grótta 15, Fram 14, ÍBV 12, , FH 8, HK 6, Haukar 6, KA/Þór 5, Fylkir 5, Selfoss 4, Afturelding 0.

**SPORT HD**

**LAUGARDAGUR**

| | | |
|---|---|---|
| 12.45 | Everton-Liverpool, enski | Sport 2 |
| 15.00 | Arsenal-South., enski | Sport 2 |
| 15.00 | Newcastle-Norw., enski | Sport 4 |
| 15.00 | Stoke-Sunderland, enski | Sport 5 |
| 15.00 | Fulham-Swansea, enski | Sport 6 |
| 15.00 | Barcelona-Granada, spænski | Sp3 |
| 16.00 | Tímataka í Brasilíu, F1 | Sport |
| 17.30 | West Ham-Chelsea, enski | Sport 2 |
| 19.00 | Almeria-Real spænski | Sport |

**SUNNUDAGUR**

| | | |
|---|---|---|
| 13.30 | Man.City-Tottenh. enski | Sport 2 |
| 14.00 | Flensburg-Kiel, þýski handb. | Sp. |
| 15.30 | Brasilíukappaksturinn, F1 | Sport |
| 16.00 | Cardiff-Man. Utd, enski | Sport 2 |

# Vilja að ég spili fyrir Brasilíu

Landsliðsmarkvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir verður í fyrirliðahlutverki í norska bikarúrslitaleiknum í dag þegar lið hennar Avaldsnes mætir norsku meisturunum í Stabæk á Ullevaal-leikvanginum í Ósló.

**FÓTBOLTI** Þrjár íslenskar landsliðskonur geta orðið norskir bikarmeistarar í dag þegar fjölþjóðalið Avaldsnes reynir að vinna fyrsta stóra titilinn í sögu félagsins. Markvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir á möguleika á því að lyfta bikarnum í leikslok en hún er fyrirliði liðsins.

„Það fór 0-0 þegar við mættum þeim síðast en þær voru töluvert betri í leiknum. Við erum eiginlega litla liðið því þær eru nýorðnar norskir meistarar. Þetta er samt bikarúrslitaleikur og það getur allt gerst,“ segir Guðbjörg. „Við náum alltaf að skapa okkur færi og skora mörk en varnarleikurinn verður að smella saman ef að við ætlum að vinna þennan leik. Ef ég held hreinu þá hljótum við að vinna, annars klárast ekki leikurinn,“ segir Guðbjörg létt.

### Þarf að eiga toppleik

„Ég geri mér grein fyrir því að ef við ætlum að vinna þennan leik þá þarf ég að eiga toppleik. Það yrði einstök upplifun á ferlinum að taka við bikar utan landsteinanna. Ég hef líka spilað úrslitaleik í Svíþjóð þegar við í Djurgården töpuðum fyrir Örebro þegar Edda (Garðarsdóttir) og Ólína (Guðbjörg Viðarsdóttir) unnu. Ég hef tapað einu sinni úti og það er kominn tími á að vinna,“ segir Guðbjörg.

„Þetta er allt öðru vísi leikur og fyrsta markið er ótrúlega mikilvægt. Það er draumur að geta gefið eitthvað til baka til eigandans sem hefur fjárfest svona mikið í þessu liði. Það væri líka geggjað fyrir bæinn ef við tækjum bikarinn. Þetta er lítið bæjarfélag og það væri gaman að geta gefið þeim titil.“

Undirbúningur liðsins hefur staðið í tæpar þrjár vikur og síðustu vikuna hefur áreitið verið töluvert. „Allt liðið fékk fría klippingu og litun frá einum styrktaraðila og þar voru tvær sjónvarpsstöðvar að taka viðtöl við okkur. Svo var NRK með okkur allan þriðjudaginn,“ segir Guðbjörg, en fékk allt liðið sér nokkuð sömu klippingu?

„Nei. Ég litaði hárið aðeins dekkra, en Brassarnir eru alltaf að reyna að breyta mér í Brassa því þær vilja að ég spili fyrir Brasilíu. Þær vilja gefa mér brasilískt vegabréf þannig að ég var að grínast við þær að ég ætlaði að fá mér brasilíska klippingu,“ segir Guðbjörg. Brasilísku leikmennirnir Debinha og Rosana eru ásamt Hólmfríði Magnúsdóttur og norska landsliðsframherjanum Cecilie Pedersen í stórum hlutverkum í sókn liðsins. „Þær eru alltaf að grínast við mig að þær ætli að falsa vegabréf fyrir mig. Ég er náttúrulega búin að spila fyrir Ísland en ég held að þær eigi ekkert sérstakan markmann. Þær eru ótrúlega góðar og bestu leikmenn liðsins,“ segir Guðbjörg.

Avaldsnes endaði í fjórða sæti í norsku úrvalsdeildinni sem nýliði í deildinni en liðið var þó með 22 stigum færra en Stabæk.

„Við áttum mjög góða seinni umferð og erum búnar að vera á uppleið. Vonandi toppum við bara á laugardaginn (í dag) og vinnum,“ segir Guðbjörg en Stabæk getur unnið bikarinn þriðja árið í röð.

„Pressan er algjörlega á þeim og við höfum allt að vinna en auðvitað er pressan sem maður setur á sjálfa sig alltaf mest. Ég er klárlega að fara inn í þennan leik til þess að vinna hann. Það væri ótrúlega gaman að taka við bikarnum,“ sagði Guðbjörg.

**ooj@frettabladid.is**

### Þær geta orðið bikarmeistarar í dag



**GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR, 28 ÁRA MARKVÖRÐUR.** „Síðasta mánuðinn fyrir EM, EM og svo seinni hluta tímabilsins er ég alltaf að vera betri og betri. (Fékk heilahimnubólgu í febrúar). Ég er mjög ánægð með seinni hluta tímabilsins. EM gaf mér fáránlega mikið sjálfstraust," segir Guðbjörg um sjálfa sig.

**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR, 29 ÁRA SÓKNARMAÐUR** „Maður veit aldrei með Hólmfríði. Hún gæti sett þrennu eða jafnvel fernu á góðum degi," segir Guðbjörg um Hólmfríði.

**ÞÓRUNN HELGA JÓNSDÓTTIR, 28 ÁRA MIÐJUMAÐUR** „Þórunn hefur verið ótrúlega góð seinni hluta tímabilsins. Hún er sú sem vinnur skítavinnuna fyrir liðið. Maður tekur kannski ekki eftir henni en við tökum eftir því þegar hana vantar," segir Guðbjörg um Þórunni.



**FRÁBÆR Á EVRÓPUMÓTINU Í SVÍÞJÓÐ** Guðbjörg Gunnarsdóttir varði mark Íslands á EM í Svíþjóð og hefur staðið sig vel á sínu fyrsta tímabili í norsku deildinni. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY


# Aðalfundur

**Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins 2013**

**Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins verður haldinn í golfskála félagsins laugardaginn 30. nóvember nk. kl. 15.00.**

## Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara
3. Lögð fram skýrsla formanns
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur um breytingar á lögum félagsins ef um er að ræða.
7. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
8. Ákveðið árgjald félaga fyrir næsta starfsár.
9. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðenda reikninga skv. 9. gr. laga.
10. Önnur mál.


# Ísland á móti Manchester-borg

Everton og Liverpool mætast í Merseyside-slagnum í hádeginu í dag.

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildin fer aftur af stað með látum um helgina en það er nóg af áhugaverðum leikjum í dag og á morgun. Stórleikur umferðarinnar er jafnframt fyrsti leikur helgarinnar þegar Everton tekur á móti Liverpool á Goodison Park í hádeginu í dag en á morgun glíma Íslendingaliðin Cardiff og Tottenham við risaliðin frá Manchester-borg.

Everton-menn hafa verið fyrir ofan Liverpool í töflunni undanfarin tvö tímabil en eini sigur liðsins í síðustu þrettán leikjum liðsins á móti nágrönnunum var í október 2010. Liverpoll hefur unnið sjö þessara leikja (fimm jafntefli) og haldið átta sinnum hreinu.

Everton hefur ekki tapað í fjórtán heimaleikjum á árinu 2013 (10 sigrar, 4 jafntefli) en mætir nú sjóðheitu Liverpool-liði sem er 11 stigum og 11 sætum á undan árangri síns fyrir ári.

Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenham fara í heimsókn til Manchester City klukkan 13.30 á morgun.



**KLÁRIR** Aron Einar Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson.

Tottenham hefur aðeins fengið eitt stig út úr tveimur síðustu leikjum sínum og er komið niður í 7. sæti. City hefur sýnt veikleikamerki á útivelli en á Etihad-leikvangnum er liðið með fullt hús og 20 mörk í fimm leikjum á þessu tímabili.

Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff City taka á móti Englandsmeisturum Manchester United klukkan 16.00 á morgun og eiga möguleika á að ná Manchester-tvennu því Cardiff vann 3-2 sigur á City-liðinu fyrr í vetur. Manchester United hefur unnið þrjá leiki í röð og virðist vera að finna taktinn undir stjórn Davids Moyes.

Topplið Arsenal tekur á móti spútnikliði Southampton klukkan þrjú í dag en Southampton gæti náð toppsætinu með sigri á Emirates. **- óój**






frá kr. **159.000-***

## Vintage Resort Hotel

Hótelið er staðsett efst í fjallaþorpi Winter Park. Öll 128 herbergin voru endurnýjuð árið 2012 og einnig eru á hótelinu íbúðir sem flestar eru með arni og eldhúskrók. Á hótelinu eru heitir pottar, veitingastaður og bar.



frá kr. **179.000-***

## Fraser Crossing

Fraser Crossing / Founders Pointe íbúðahótelið í fjallaþorpi Winter Park býður upp á rúmgóðar og vandaðar íbúðir. Íbúðirnar eru allar með arni. Stutt er að ganga í lyfturnar.



frá kr. **189.000-***

## Zephir Mountain Lodge

Zephir Mountain Lodge er „ski in ski out„ íbúðarhótel í hjarta fjallaþorpsins í Winter Park. Íbúðirnar eru rúmgóðar og allar með arni. Frá hótelinu eru aðeins nokkrir metrar í Zephir Express lyftuna, sem er sex sæta "high speed" stólalyfta.

* **Innifalið**: Flug með Icelandair til Denver, flugvallaskattar og gjöld, átta nætur ásamt aðgengi að heilsulind hótelsins.
Í öllum herbergjum eru svefnsófar og því geta a.m.k. tveir til viðbótar gist í hverju herbergi án auka gjalds.

Bókaðu skíðaferðina þína á **www.gbferdir.is** eða í síma **534 5000**

ICELANDAIR Hlíðarfjall Akureyri WINTERPARK RESORT COLORADO'S FAVORITE FERÐASKRIFSTOFA FERÐAMÁLASTOFA LEYFISHAFI

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

SUNNUDAGUR



### Stöð 2 kl. 20.45
## Óupplýst lögreglumál

Vandaðir íslenskir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur. Hér beinir Helga sjónum sínum að óupplýstum glæpum á Íslandi. Fjölbreytt mál verða tekin fyrir í þáttunum s.s. morð, bankarán og brunar. Rætt verður við aðstandendur, lögreglu og rannsóknarfólk í þáttunum til að varpa ljósi á málin.

## Í KVÖLD



### Erin Brockovich

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 19.50** Saga Erin Brockovich hefur vakið heimsathygli. Hún átti tvö misheppnuð hjónabönd að baki og var einstæð móðir með þrjú börn þegar hún hóf störf hjá lögfræðistofu eftir að hafa nánast grátbeðið eigandann um vinnuna.



### Landinn

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.30** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson og um dagskrárgerð sér Karl Sigtryggsson.



### Law & Order. Special Victims Unit

**SKJÁR EINN KL. 21.15** Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York borg. Kona finnst látin í almenningsgarði og grunur leikur á nauðgun.

### Bylgjan kl. 10.00
## Sprengisandur



Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Þáttur sem vitnað er í. Stjórnmálamenn, sérfræðingar og spekingar eru tíðir gestir á Sprengisandi. Sigurjón M. Egilsson ræðir mál sem skipta okkur öll máli.









### STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir **07.25** Villingarnir **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Algjör Sveppi **10.05** Ben 10 **10.30** Grallararnir **10.50** Ofurhetjusérsveitin **11.15** Loonatics Unleashed **11.40** Batman

**12.00 Spaugstofan**
**12.30 Nágrannar**
**14.15 Logi í beinni**
**15.00 Go On**
**15.25 Modern Family**
**15.45 Grey's Anatomy**
**16.30 Þjófadalafjöllin** Heimildarmynd um afdrifaríka fjallferð Tungnamanna í Bláskógarbyggð árið 2012.
**17.10 Stóru málin**
**17.35 60 mínútur**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Sportpakkinn** *(13:30)*
**19.10 Fangavaktin** Ólafur sleppur með skrekkinn eftir ránstilraunina og reynir í kjölfarið að klára díl aldarinnar.
**19.45 Sjálfstætt fólk** *(12:15)*
**20.20 The Crazy Ones** *(8:22)* Geggjaðir gamanþættir með Robin Williams og Söruh Michelle Gellar í aðalhlutverkum.
**20.45 Óupplýst lögreglumál** Vandaðir íslenskir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur.
**21.15 Homeland** *(8:12)* Þriðja þáttaröð þessarra mögnuðu spennuþátta.
**22.05 Boardwalk Empire** *(11:12)* Fjórða þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu.
**23.05 60 mínútur**
**23.50 The Daily Show. Global Editon**
**00.15 Nashville**
**01.00 Hostages**
**01.45 The Americans**
**02.30 World Without End**
**03.20 Stig Larsson þríleikurinn** Stúlkan sem lék sér að eldinum
**05.25 Óupplýst lögreglumál**
**05.50 Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**10.35 Sportspjallið**
**11.20 Liðið mitt**
**11.55 KR - Stjarnan**
**13.25 Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur**
**13.55 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Flensburgar og Kiel.
**15.30 Formúla 1 - Brasilía** BEINT
**18.30 La Liga Report**
**19.00 Almeria - Real Madrid**
**20.45 Barcelona - Granada**
**22.30 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Flensburgar og Kiel.
**23.50 Formúla 1 - Brasilía**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**09.55 West Ham - Chelsea**
**11.35 Newcastle - Norwich**
**13.15 Man. City - Tottenham** BEINT
**15.45 Cardiff - Man. Utd.** BEINT
**17.50 Arsenal - Southampton**
**19.30 Everton - Liverpool**
**21.10 Man. City - Tottenham**
**22.50 Cardiff - Man. Utd.**
**00.30 Stoke - Sunderland**

### ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Eldhús Meistaranna **15.00** Vafrað um Vesturland **15.30** Áfram Vogur **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og kennsla. **19.00** Fasteignaflóran **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn **22.00** Hrafnaþing **23.00** Randver í Iðnó **23.30** Eldað með Holta

### STÖÐ 3

**14.00 Extreme Makeover. Home Edition**
**14.40 Top 20 Funniest**
**15.25 Celebrity Apprentice**
**16.50 Dads**
**17.10 Í eldhúsinu hennar Evu**
**17.25 Glee. The 3D Concert Movie**
**18.45 Mad**
**19.00 The Amazing Race**
**19.45 Offspring** *(11:13)*
**20.30 The Vampire Diaries** *(12:22)*
**21.15 Zero Hour** *(12:13)*
**22.00 Graceland** *(11:13)* Spennandi þáttaröð um ungan nýliða í bandarísku alríkislögreglunni.
**22.40 Glee. The 3D Concert Movie**
**00.00 The Amazing Race**
**00.45 Offspring**
**01.30 The Vampire Diaries**
**02.10 Zero Hour**
**02.55 Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin

**07.00** Lukku-Láki **07.24** Ofurhundurinn Krypto **07.45** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.48** Latibær **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Ávaxtakarfan **10.35** Strumparnir **11.00** Lukku-Láki **11.24** Ofurhundurinn Krypto **11.45** UKI **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.48** Latibær **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Ávaxtakarfan **14.35** Strumparnir **15.00** Lukku-Láki **15.24** Ofurhundurinn Krypto **15.45** UKI **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.48** Ævintýri Tinna **18.10** Latibær **18.22** Ávaxtakarfan **18.35** Strumparnir **19.00** Ice Age. The Meltdown **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Viltu vinna milljón?**
**20.40 Krøniken** *(8:22)* Stöð 2 Gull sýnir þessa hrífandi og mögnuðu þáttaröð sem sýnd var í danska ríkissjónvarpinu fyrir nokkrum árum.
**21.40 Ørnen** *(8:24)* Stöð 2 Gull rifjar upp þessa vinsælu dönsku spennuþætti sem fjalla um Hallgrím Örn Hallgrímsson, hálf-íslenskan rannsóknarlögreglumann.
**22.40 Ally McBeal** *(9:23)* Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma.
**23.25 Without a Trace** *(14:23)*
**00.10 Viltu vinna milljón?**
**00.50 Krøniken**
**01.50 Ørnen**
**02.50 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ

**10.40 The Adjustment Bureau**
**12.25 The Winning Season**
**14.10 Erin Brockovich**
**16.20 The Adjustment Bureau**
**18.05 The Winning Season**
**19.50 Erin Brockovich**
**22.00 The Lincoln Lawyer**
**00.00 Rock of Ages**
**02.05 Ray**
**04.35 The Lincoln Lawyer**

### RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.15 Stúdíó A**
**11.00 Sunnudagsmorgunn**
**12.10 Vertu viss**
**12.55 Ævintýri Merlíns** *(13:13)*
**13.35 Ég gafst ekki upp**
**14.35 Saga kvikmyndanna – Eftirstríðskvikmyndir, 1940-1950** *(5.15)*
**15.40 Kennedy forseti. Pegar klukkan sló eitt**
**16.40 Mótorsystur**
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Poppý kisuló**
**17.21 Teitur**
**17.31 Vöffluhjarta**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Hraðfréttir**
**18.35 Íþróttir**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.30 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land.
**20.00 Orðbragð** *(1:6)* Orðbragð er skemmtiþáttur þar sem Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir snúa upp á íslenska tungumálið.
**20.35 Downton Abbey** *(5:9) (Downton Abbey)* Breskur myndaflokkur.
**21.25 Kynlífsfræðingarnir** *(3:12) (Masters of Sex)* Bandarískur myndaflokkur um William Masters og Virginiu Johnson sem voru frumkvöðlar á sviði kynlífsrannsókna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.20 Sunnudagsmorgunn**
**23.30 Brúin**
**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.00 Dr. Phil**
**10.30 Kitchen Nightmares**
**11.20 Secret Street Crew**
**12.10 Save Me**
**12.35 30 Rock**
**13.05 Happy Endings**
**13.30 Parks & Recreation**
**13.55 The Bachelor**
**15.25 Hollenska knattspyrnan** - Bein útsending frá leik FC Twente og NAC Breda.
**17.35 Family Guy**
**18.00 Hawaii Five-0**
**18.50 In Plain Sight**
**19.40 Judging Amy**
**20.25 Top Gear´s Top 41** *(1:8)*
**21.15 Law & Order. Special Victims Unit** *(13:23)*
**22.00 Dexter** *(10:12)* Lokaþáttaröðin af þessum óðaudlegu þáttum um fjöldamorðingjann og prúðmennið Dexter Morgan.
**22.50 The Borgias - LOKAÞÁTTUR** *(10:10)* Alexander situr sem fastast á páfastóli en sótt er að honum úr öllum áttum.
**23.40 Sönn íslensk sakamál**
**00.10 Under the Dome**
**01.00 Hannibal**
**01.45 Dexter**
**02.35 Necessary Roughness**
**03.25 Excused**
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.00** World Golf Championship 2013 **12.00** World Golf Championship 2013 **16.00** World Golf Championship 2013 **20.00** OHL Classic 2013 **23.00** OHL Classic 2013 **02.00** Eurosport

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Nokkrir sýningarbílar á frábærum afslætti fram að áramótum. Fyrstir koma fyrstir fara á glæsilegum Chevrolet inn í nýtt ár.

ALLT AÐ 500.000 KR. AFSLÁTTUR

**Tryggðu þér eintak strax!**




Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

## Mel Gibson



„Eftir um það bil tuttugu ára hjónaband er ég loksins farinn að nálgast það að skilja hvað konur vilja. Ég held að svarið liggi einhvers staðar á milli samtals og súkkulaðis.“

*Leikarinn Mel Gibson leikur aðalhlutverkið í gamansömu spennumyndinni How I Spent My Summer Vacation, sem sýnd er á Stöð 2 klukkan 21.55 í kvöld.*

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

**ALMA RUT KRISTJÁNSDÓTTIR** SÖNGKONA

**Léttir gamanþættir í uppáhaldi** Ég horfi ekki mikið á sjónvarp en ég horfi þá bara á uppáhaldsþættina mína. Ég hef mest gaman af léttum gamanþáttum.





1 **Modern Family.** Þarna eru mjög skemmtilegar persónur. Grín og mannleg mistök eru tekin fyrir.



2 **Nashville.** Þetta er frábær dramaþáttur um kántrítónlistarbransann í Bandaríkjunum.



3 **The Walking Dead.** Þessir þættir eru svo hryllilega mannlegir og spennandi.

## Bylgjan kl. 16.00

### Veistu hver ég var?

Siggi Hlö stjórnar einum vinsælasta útvarpsþætti landsins. Aðalsmerki þáttarins er tónlist frá níunda áratug síðustu aldar. Eitís.








## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir **07.25** Villingarnir **07.50** Hello Kitty **08.00** Algjör Sveppi **09.35** Skógardýrið Húgó **10.00** Algjör Sveppi **10.25** Kalli kanína og félagar **10.45** Scooby-Doo!

**11.10 Young Justice**
**11.35 Big Time Rush**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.40 Popp og kók**
**14.05 Ástríður**
**14.35 Kolla**
**15.00 Heimsókn**
**15.20 Doktor**
**15.45 Sjálfstætt fólk**
**16.20 ET Weekend**
**17.05 Íslenski listinn**
**17.35 Sjáðu**
**18.05 Ávaxtakarfan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Íþróttir**
**18.55 Fangavaktin**
**19.30 Lottó**
**19.35 Spaugstofan**
**20.00 To Rome With Love** Skemmtileg mynd frá 2012 sem Woody Allen leikstýrir.
**21.55 How I Spent My Summer Vacation** Gamansöm spennumynd.
**23.30 Köld slóð** Íslenskur spennutryllir af bestu gerð.
**01.10 The Shape of Things**
**02.45 Apollo 13**
**05.00 ET Weekend**
**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.10 Heimildarmynd um Guðmund Steinars**
**11.15 Austurríki - Bandaríkin**
**12.55 Formúla 1 - Brasilía - Æfing 3** Bein útsending
**14.00 Samuel L. Jackson á heimaslóðum** Skemmtilegur golfþáttur.
**14.50 Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur**
**15.20 Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos deild karla í körfuknattleik.
**15.50 Formúla 1 - Tímataka** BEINT
**17.30 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Kiel og Rhein Neckar Löwen.
**18.55 Almeria - Real Madrid** BEINT
**21.00 Sportspjallið**
**21.45 La Liga Report**
**22.20 Barcelona - Granada**
**00.00 Almeria - Real Madrid**
**01.40 Formúla 1 2013 - Tímataka**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.40 Match Pack**
**10.15 Donc. Rovers - Yeovil Town**
**12.05 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**12.35 Everton - Liverpool** BEINT
**14.50 Arsenal - Southampton** BEINT
**17.20 West Ham - Chelsea** BEINT
**19.30 Newcastle - Norwich**
**21.10 Stoke - Sunderland**
**22.50 Fulham - Swansea**
**00.30 Everton - Liverpool**

## ÍNN

**17.00** Randver í Iðnó **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Randver í Iðnó **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og kennsla. **23.00** Fasteignaflóran **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 3

**14.10 Junior Masterchef Australia**
**15.00 The X-Factor US**
**17.05 The Amazing Race**
**17.50 Offspring**
**18.35 The Cleveland Show**
**19.00 Around the World in 80 Plates**
**19.45 Raising Hope** *(11:22)*
**20.05 Don't Trust the B*** in Apt 23** *(5:19)* Gamanþættir.
**20.30 Cougar Town** *(11:15)*
**20.55 Golden Boy** *(11:13)*
**21.35 Wag the Dog** Grínmynd með Dustin Hoffman, Robert De Niro, Denis Leary og Anne Heche í aðalhlutverkum.
**23.10 The Vampire Diaries** *(11:22)*
**23.50 Zero Hour** *(11:13)*
**00.35 Around the World in 80 Plates**
**01.20 Raising Hope**
**01.45 Don't Trust the B*** in Apt 23**
**02.05 Cougar Town**
**02.30 Golden Boy**
**03.15 Wag the Dog**
**04.50 Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.48** Ævintýri Tinna **08.10** Latibær **08.22** Ávaxtakarfan **08.35** Strumparnir **09.00** Lukku-Láki **09.24** Ofurhundurinn Krypto **09.45** UKI **09.50** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.48** Ævintýri Tinna **12.10** Latibær **12.22** Ávaxtakarfan **12.35** Strumparnir **13.00** Lukku-Láki **13.24** Ofurhundurinn Krypto **13.45** UKI **13.50** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.48** Ævintýri Tinna **16.10** Latibær **16.22** Ávaxtakarfan **16.35** Strumparnir **17.00** Lukku-Láki **17.24** Ofurhundurinn Krypto **17.45** UKI **17.50** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Ríó **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Gavin and Stacey** *(3:6)*
**20.30 Little Britain Christmas Special**
**21.00 Footballers Wives** *(8:8)*
**21.50 Pressa** *(4:6)* Þriðja þáttaröðin um blaðakonuna Láru, fjölskyldu hennar og samstarfsmenn.
**22.35 Entourage** *(3:12)*
**23.05 Krøniken** *(7:22)*
**00.10 Ørnen**
**01.10 Gavin and Stacey**
**01.40 Little Britain Christmas Special**
**02.10 Footballers Wives**
**03.00 Pressa**
**03.45 Entourage**
**04.15 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.45 The Other End of the Line**
**12.35 Moneyball**
**14.45 Journey 2. The Mysterious Island**
**16.20 The Other End of the Line**
**18.10 Moneyball**
**20.25 Journey 2. The Mysterious Island**
**22.00 Wallander**
**23.35 Fragments**
**01.10 Battleship**
**03.20 Wallander**

## RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.15 Stundin okkar**
**10.45 Fólkið í blokkinni**
**11.15 Útsvar** *(Garðabær - Reykjanesbær)*
**12.15 Kastljós**
**12.40 Viðtalið** *(Michael E. Mann loftslagsfræðingur)*
**13.05 Landinn**
**13.35 Kiljan**
**14.20 Djöflaeyjan**
**14.50 Á götunni**
**15.20 Varasamir vegir – Alaska**
**16.25 Ástin grípur unglinginn**
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Grettir**
**17.32 Verðlaunafé**
**17.35 Vasaljós** *(1:10)* Vasaljós er þáttur fyrir krakka um krakka sem krakkar stjórna.
**18.00 Gunnar á völlum - Maður í bak**
**18.10 Íþróttir**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.30 Ævintýri Merlíns** *(13:13) (The Adventures of Merlin V)*
**20.25 Vertu viss** *(3:8)* Spurningaleikur.
**21.15 Hraðfréttir**
**21.25 Sturlað hjarta** *(Crazy Heart)* Útbrunninn sveitasöngvari verður ástfanginn af blaðakonu og reynir að koma skikk á líf sitt. Leikstjóri er Scott Cooper og aðalhlutverk leika Jeff Bridges og Maggie Gyllenhaal.
**23.20 Tortímandinn. Hjálpræðið** *(Terminator Salvation)* Í þessum framtíðartryllli er hart sótt að mannkyninu en hópur af hetjum reynir að koma í veg fyrir að því verði útrýmt.
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.35 Dr. Phil**
**11.50 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**12.20 Borð fyrir fimm**
**13.40 Judging Amy**
**14.25 The Voice**
**16.55 America's Next Top Model**
**17.40 Hollenska knattspyrnan** - Bein útsending frá leik PSV Eindhoven og Heerenveen.
**19.40 Secret Street Crew**
**20.30 The Bachelor** *(4:13)*
**22.00 The Client List** *(4:10)* Spennandi þættir með Jennifer Love Hewitt í aðalhlutverki. Sam er þriggja barna móðir í Texas. Hún er hamingjusamlega gift en á í fjárhagsvandræðum.
**22.45 Touching The Void** Leikin heimildarmynd sem unnið hefur til fjölda verðlauna. Árið 1985 lögðu ungir Bretar upp í einn frægasta fjallaleiðangur síðari tíma. Þeir ætluðu sér að verða fyrstir manna til að klífa þverhnípta vesturhlið hins 7000 metra háa Siula Grande í Andesfjöllunum í Perú.
**00.35 Hawaii Five-0**
**01.25 Scandal**
**02.15 The Borgias**
**03.05 The Client List**
**03.50 Excused**
**04.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.00** OHL Classic 2013 **11.00** OHL Classic 2013 **14.00** Inside the PGA Tour **14.25** OHL Classic 2013 **17.25** OHL Classic 2013 **20.25** OHL Classic 2013 **23.25** OHL Classic 2013 **02.25** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


habitat
20-30%
AF ÖLLUM SÓFUM UM HELGINA
ALPHA
vekjaraklukka
5.800 kr.
PAPPASTJÖRNUR frá
Housedoctor
Tvær gerðir - þrír litir
Verð frá 950 kr.
BIRDIE snagar
4.500 kr. - 3 stk. í pk.
N101 frá Ethnicraft
Tilboðsverð:
3ja sæta sófi 175.000 kr.
2ja sæta sófi 135.000 kr.
Stóll 87.000 kr.
Einnig til í grænu
pretty little things
PRETTY
LITTLE
THINGS
skartstandur
5.900 kr.
HREINDÝR
3.400 kr. stórt
2.100 kr. lítið
LIEL lampafótur
12.600 kr.
DRUMSILK skermur
7.900 kr.
Erum að taka upp jólavörurnar frá SIA
WILBO frá Habitat
Tilboðsverð:
3ja sæta sófi 156.000 kr.
2ja sæta sófi 139.000 kr.
Stóll 99.000 kr.
Til í fjórum litum
PETTERSON
borðstofuborð
frá Ethnicraft
Gegnheil eik
– fjórar stærðir
Verð frá 179.000 kr.
LITTLE RED DRESS
skarthirsla
4.900 kr.
KILO
innskotsborð
19.800 kr.
settið
Einnig til í rauðu
CHARLEEN frá Habitat
Tilboðsverð:
3ja sæta sófi 196.000 kr.
Stóll 99.000 kr.
ARENITO eldföst form
nokkrar tegundir
Verð frá 4.900 kr.
NOEL og
GILDED CHESTNUT
Jólailmurinn
frá Crabtree&Evelyn
kominn!
TEKK COMPANY
Gerum hús að heimili
TEKK COMPANY og HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400
Opið mánudega til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13-18
Vefverslun á www.tekk.is

## ÍSLAND HEIÐURSGESTUR

Ísland er heiðursgestur á menningarhátíðinni Festival les Boréales í Caen. Þar verður meðal annars haldin sólarhrings krimmahátíð, með viðtölum við krimmahöfunda, áritunum og sýningum bíómynda.



Óttar M. Norðfjörð, sem gaf nýverið út bókina Blóð hraustra manna, verður þarna ásamt Yrsu Sigurðardóttur og Viktori Arnari Ingólfssyni. Sænski glæpasagnahöfundurinn Henning Mankell verður þarna líka en þau munu öll árita saman í bókabúð.



„Hún segir kannski að hún laðist ekki að mér en hún hringir á hverri nóttu, dauðadrukkin klukkan þrjú.“

GRÍNAST STÓRLEIKARINN **GEORGE CLOONEY** UM VINSKAP SINN OG LEIKKONUNNAR SÖNDRU BULLOCK.

## HEIMSKLASSAÁST

Ástin blómstrar hjá knattspyrnumanninum Rúrik Gíslasyni og lögfræðinemanum Birgittu Líf Björnsdóttur. Rúrik er mjög knár á vellinum og hefur gert það gott með F.C. Copenhagen í Danmörku og íslenska landsliðinu. Birgitta Líf er dóttir Björns Leifssonar og Hafdísar Jónsdóttur, sem oftast eru kennd við líkamsræktarstöðina World Class, og hefur meðal annars kennt dans í World Class og verið flugfreyja hjá Icelandair.



## LOGI Í FYRSTA ÞÆTTI FRIÐRIKS

Nú styttist í að nýr þáttur Friðriks Dórs fari í loftið. Fyrstu tveir þættirnir voru teknir upp síðastliðið fimmtudagskvöld á skemmtistaðnum Rúbín í Öskjuhlíð. Þar sem Friðrik er að stíga sín fyrstu skref í sjónvarpi þótti honum við hæfi að fá Loga Bergmann sem einn af sínum fyrstu gestum. Logi ætti að geta ausið úr viskubrunni sínum til hins unga Friðriks enda fagnaði hann því sjálfur í gær að hafa stýrt 100 þáttum af Loga í beinni.








# Whovians keyptu upp miða á tveimur tímum

Fimmtíu ára sýningarafmæli Dr. Who er í Bíó Paradís í kvöld. Aðdáendur eru hvattir til að mæta í búningum á fyrstu þrívíddarsýningu kvikmyndahússins.

„Þetta er fimmtíu ára sýningarafmæli hinnar frægu þáttaseríu Dr. Who,“ segir Gunnella Þorgeirsdóttir þjóðfræðingur, einn af mörgum aðdáendum þáttanna á Íslandi, en Bíó Paradís heldur sýningarafmælið hátíðlegt í kvöld klukkan 22.30. Sýningin er jafnframt fyrsta þrívíddarsýning kvikmyndahússins. Milljónir aðdáenda Doctor Who munu njóta 50 ára afmælisþáttar Doctor Who víða um heiminn meðal annars í Þýskalandi, Noregi, Rússlandi, Ástralíu, Kazakhstan, Bandaríkjunum, Kanada, Svíþjóð, á Spáni, Bretlandi og Írlandi, en þátturinn er sýndur sama kvöld á yfir 1.000 stöðum í heiminum. Uppselt var á sýninguna á Íslandi á einungis tveimur tímum.

„Við köllum okkur Whovians og er um afar fjölmennan hóp að ræða. Meðal frægra Whovians eru Bob Dylan og Douglas Adams,“ segir Gunnella jafnframt.

„Þáttaröðin hefur lifað síðan 1963 og í rauninni merkilegt hvað hún hefur ílengst. Hún hefur þó tekið einhverjar pásur en var endurglædd 2006 og flestir af nýja skólanum eru að aðhyllast nýju seríurnar frekar en gömlu. Ég hef heyrt að stór hluti af æskuminningum Breta sé að fela sig bakvið sófann þegar þættirnir voru í gangi,“ segir hún.

Þættirnir hafa notið stöðugt vaxandi fylgis síðan 2006.

„Áhangendum sem kalla sig Whovians hefur farið fjölgandi um allan heim og þeir eru á öllum aldri, þar að auki á Íslandi – sem er sérstakt að því leytinu til að þættirnar hafa aldrei verið sýndir hér á landi – fólk hefur séð þetta í útlöndum eða á netinu og fundið samkennd með doktornum,“ útskýrir Gunnella.

„Planið er að sanka saman Whovians á Íslandi, fá sem flesta í búningum, og horfa á þáttinn saman,“ útskýrir Gunnella. „Það er búið að sýna glefsur úr þættinum nú þegar en það hvílir mikil leynd yfir efni hans og hvernig það kemur til að fleiri en einn verði á sama stað á sömu stundu. Doktorinn er þeirri gáfu gæddur að hann endurholdgast reglulega – og nýr leikari fenginn til þess að leika doktorinn. Í nýjasta þættinum verða allavega þrír doktorar sem birtast,“ útskýrir hún.

Sökum eftirspurnar verða aukasýningar á þættinum daglega fram til mánaðamóta. Einnig hefur sérstakt kassmerki verið búið til fyrir sýninguna sem er #SaveTheDay.



**MIKIL LEYND YFIR ÞÆTTINUM** Gunnella Þorgeirsdóttir þjóðfræðingur er mikill aðdáandi Dr. Who-þáttanna og hyggst mæta í búningi í Bíó Paradís í kvöld. Hún segir mikla leynd hvíla yfir efni þáttarins. AÐSEND MYND/ELENA ÞORBJÖRG BJARNADÓTTIR

olof@frettabladid.is






# Vinda ofan af goðsögninni Kjarval

Ólafur Gíslason listfræðingur segir búið að klína upp á Kjarval þjóðlegum gildum.

„Ég ætla að vinda ofan af goðsögninni Kjarval,“ segir Ólafur Gíslason listfræðingur, en hann og Klara Stephensen hjá Arion banka ræða við gesti um verk Kjarvals í tengslum við sýninguna Mynd af heild II: Kjarval bankanna í dag kl. 15 á Kjarvalsstöðum. „Ég ætla að bregða nýju ljósi á Kjarval. Ég tel það til að mynda vera misskilning að Kjarval hafi verið boðberi þjóðlegra gilda,“ útskýrir Ólafur og segir Kjarval hafa verið fullkomlega í tengslum við nútímalega strauma í myndlist í hans samtíma sem allir voru gegn þjóðlegum gildum. „Eftir marxisma hugsaði enginn um þjóðleg gildi sem einhver gildi í myndlist. Þessu er búið að klína upp á Kjarval og eyðileggja þannig fyrir hans verki. Það hefur hreinlega valdið misskilningi um framlag hans til íslenskrar myndlistar og menningar,“ bætir Ólafur við.

Á sýningunni gefst í fyrsta sinn tækifæri til að sjá öll verk Kjarvals í eigu íslensku bankanna á einum stað.

Ásamt Ólafi kemur Klara Stephensen til með að svara spurningum gesta. „Ég verð þarna að tala um verkin, ef fólk hefur spurningar í sambandi við safneignina eða um bankana,“ segir Klara. „Þetta er heljarinnar safn. Arion banki á til að mynda 17 verk eftir Kjarval sem eru á sýningunni,“ segir Klara jafnframt.

- ósk



**Á MISSKILNINGI BYGGT** Ólafur segir framlag Kjarvals til íslenskrar myndlistar og menningar misskilið. MYND/ÚR

# 15 - 50% AFSL. AF ÖLLUM VÖRUM!

## OPIÐ LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13 - 16









**tommy m buster** leðursófi - þýsk hönnun og framleiðsla
Stærð; 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm
Litir; svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt. Handverkað leður. Lausir púðar fylgja ekki.
Verð; 4ra 841.000,- **nú 672.800,-**, 3,5 sæta 719.000,- **nú 575.200,-**, stóll 367.000,- **nú 293.600,-**










# HEIMA HÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16..**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060




## NÆRMYND



### Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir

**Sjónvarpskona og matreiðslubloggari**

**ALDUR:** 24 ára
**MAKI:** Haraldur Haraldsson

Eva Laufey heldur úti matreiðslubloggi sem notið hefur talsverðra vinsælda undanfarið. Hún hefur gefið út eina matreiðslubók, Matargleði Evu, og nýverið hóf göngu sína á Stöð 3 þátturinn Í eldhúsinu hennar Evu þar sem hún stígur sín fyrstu spor í sjónvarpi. Hún er dóttir landsþekkta gleðigjafans Hermanns heitins Gunnarssonar.

„Hún er fyrst og fremst dugnaðarforkur og mjög dugleg að láta vaða. Hún á það náttúrulega ekki langt að sækja. Hún tekur sjálfa sig voða lítið alvarlega, og það er kannski það sem mér líkar best við hana. Hún getur hlegið að öllu, sama hversu erfitt verkefnið er. Svo eru náttúrulega fáir sem eru jafn sjarmerandi í eldhúsinu og hún og geta sannfært mann um að smjör og rjómi séu hið eina rétta.“



***Edda Hermannsdóttir** systir*

„Hún Eva er rosalega dugleg og bara góð að utan sem innan. Hún var úti um allt og uppi í öllu sem barn og það mátti ekki líta af henni eitt augnablik, þá var hún búin að gera eitthvað af sér. Hún var eiginlega eins og strákur. Ég fylgist mikið með matreiðslunni hennar og hjálpa henni sjálf. Eigum við ekki að segja að hún hafi erft eldamennskuna frá mér og hitt frá pabba sínum. Hún er brosmild og blíð við þá sem minna mega sín, og mjög barngóð.“



***Sigurrós Allansdóttir** móðir*

„Ég myndi lýsa henni sem alveg einstakri konu. Hún er metnaðarfull og ákveðin, en í senn bæði brosmild og elskuleg. Við hlæjum mjög mikið saman, hún er náttúrulega mikill húmoristi.“



***Haraldur Haraldsson** kærasti*




